# FRÉTTABLAÐIÐ

123. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 26. MAÍ 2016

# Kannast ekki við að þýski bankinn hafi verið leppur

**Finnur Ingólfsson og framkvæmdastjóri stærsta kaupanda Búnaðarbankans segjast ekki vita til þess að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur fyrir aðra. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd gerir tillögu um rannsókn á aðkomu þýska bankans.**

**VIÐSKIPTI** „Finnst þér líklegt að alþjóðlegur banki standi í slíku?“ spyr Finnur Ingólfsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, ráðherra og forstjóri VÍS, spurður um hvort þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur fyrir annan aðila þegar S-hópurinn svokallaði keypti hlut ríkisins í Búnaðarbankanum árið 2003.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, sagði á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á mánudag að honum hefðu borist nýjar upplýsingar sem varpað gætu ljósi á raunverulega aðkomu þýska bankans að kaupunum á Búnaðarbankanum. Nefndin hyggst í kjölfarið leggja fram þingsályktunartillögu um rannsókn á þætti þýska bankans í viðskiptunum.

Lengi hafa verið efasemdir um aðkomu Hauck & Aufhäuser að Búnaðarbankakaupunum. Þýski bankinn seldi hlut sinn til annarra innan S-hópsins á næstu tveimur árum.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, spurði á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hvort nýju upplýsingarnar bentu til að þýski bankinn hefði verið leppur fyrir innlenda aðila.

„Það er mér algjörlega ókunnugt um og veit ekki til þess að það hafi verið, enda ef þú leitar í gögnum Ríkisendurskoðunar sem skoðaði þetta mál, þá getur þú séð að það er staðfesting þar frá KPMG endurskoðunarfyrirtækinu frá árinu 2006 um að bankinn er skráður eigandi og hefur fært þetta í bækur sínar og það er líka þar yfirlýsing frá stjórnendum þessa banka um að þeir séu eigendur að þessum bréfum í Eglu,“ segir Finnur, sem var forstjóri VÍS þegar fyrirtækið keypti samtals 6 prósenta hlut í Búnaðarbankanum við einkavæðinguna.

> **Það er mér algjörlega ókunnugt um og veit ekki til þess að það hafi verið.**
>
> Finnur Ingólfsson, fyrrverandi forstjóri VÍSog fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri



Þýski bankinn keypti hlutinn sem helmingshluthafi í Eglu.

Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu, segist ekki vita til þess að þýski bankinn hafi verið leppur fyrir aðra aðila.

„Ég þekki það ekki og ég þekki engan sem þekkir það, svo ég viti til,“ segir Guðmundur Hjalatson.

– ih, sjá síðu 14



# Lok, lok og læs

**Hegningarhúsið tekið úr notkun eftir 142 ár á Skólavörðustíg.** SÍÐA 10

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Heyrnarlausir í mansalsmáli

**LÖGREGLUMÁL** Rússnesk kona sem selt hefur happdrættismiða fyrir Félag heyrnarlausra er nú í Kvennaathvarfinu á meðan til rannsóknar er hvort hún sé fórnarlamb mansals.

„Við vísum því alfarið á bug að þetta sé mansal,“ segir Daði Hreinsson, hjá Félagi heyrnarlausra. Málið sé sprottið af valdabaráttu innan félagsins. – snæ / sjá síðu 2

## Merkir heiðursgestir mæta á RIFF-hátíðina í haust

**LÍFIÐ** Leikstjórarnir Darren Aronofsky og Alejandro Jodorowsky eru heiðursgestir Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar RIFF í ár.

Aronofsky er þekktastur fyrir kvikmyndina Black Swan sem tilnefnd var til fimm Óskarsverðlauna. Meðal annars sem besta myndin og fyrir besta leikstjórann. Aðalleikkona myndarinnar, Natalie Portman, hlaut verðlaunin eftirsóttu fyrir hlutverk sitt í myndinni.



**Bandaríski leikstjórinn Darren Aronofsky kemur á RIFF.**

Einnig gerði hann myndina Noah sem tekin er upp að miklu leyti hér á landi, myndina The Wrestler og Requiem for a Dream.

Alejandro Jodorowsky er óvenjulegur költleikstjóri sem harðir kvikmyndaaðdáendur ættu flestir að kannast við.

Leikstjórarnir sitja meðal annars fyrir svörum í pallborðsumræðum hátíðarinnar í september.

– sþh / sjá síðu 46

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Lýðræði undir álagi, skrifar Þorvaldur Gylfason. 17

**SPORT** Hommabrandarar lélegt hópefli í íþróttum. 28

**MENNING** Sýningin Ljósmálun var opnuð í Listasafni Íslands. 36

**LÍFIÐ** Með Nicole Scherzinger og Amöndu Holden í einkaþjálfun. 50

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



ÚTSKRIFT + GJAFAKORT ER GÓÐ HUGMYND

Gefðu ótal valkosti í tilefni af stóra áfanganum.

SMÁRALIND

## Veður




Suðvestanhvassviðri og sums staðar stormur norðvestanlands, en dregur smám saman úr vindi eftir hádegi. Vætusamt sunnan- og vestanlands, en annars úrkomulítið. SJÁ SÍÐU 34

# Hættir í haust

**STJÓRNMÁL** „Ég mun kveðja borgarstjórn eftir tíu viðburðarík ár, þakklát fyrir þá dýrmætu reynslu sem ég hef öðlast og stolt af þeim verkum sem ég hef fengið að koma til leiðar,“ skrifar Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, á Facebook-síðu sína í gær.


**Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi**

Sóley ætlar að flytja með fjölskyldu sinni til Hollands í haust, þar sem hún mun fara í meistaranám í uppeldisfræði. Hún verður áfram borgarfulltrúi fram á haust. **– skó**


**Níu manns berjast um Bessastaði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Níu í framboði til forseta

**STJÓRNMÁL** Nú er orðið endanlega ljóst að níu verða í framboði til kjörs forseta Íslands þann 25. júní næstkomandi.

Innanríkisráðuneytið hefur gefið út auglýsingu um hverjir skiluðu inn löglegu framboði. Þau sem verða í framboði til embættis forseta Íslands eru Andri Snær Magnason, Ástþór Magnússon, Davíð Oddsson, Elísabet Jökulsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Halla Tómasdóttir, Hildur Þórðardóttir og Sturla Jónsson.

Magnús Ingberg Jónsson skilaði einnig inn framboði en hann náði ekki að safna nægilega mörgum undirskriftum. Hann hyggst kæra framkvæmd kosninganna. **– srs**

# Malbikið teygir sig um dalinn



**Í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir fjöldanum öllum af nýjum hjólreiðastígum á allra næstu árum. Í Elliðaárdalnum er lögð lokahönd á breiðan hjóla- og göngustíg og til þess þurfti að fella tré í dalnum og brúa Elliðaárnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Atlaga að eigum í skattaskjólum

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi í gær um aðgerðir gegn skattsvikum. Bjarni vonast til að geta talað fyrir því á allra næstu dögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á skattalögum til að sporna við skattsvikum vegna eignarhalds í lágskattaríkjum. Má nefna takmörkun á nýtingu rekstrartaps félaga í lágskattaríkjum til frádráttar tekjum, takmörkun á samruna og skiptingu yfir landamæri og frekari skýringar á CFC-ákvæðinu, sem fjallar um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum sem eru heimilisföst í lágskattaríkjum.

Þá er lögð ríkari upplýsingaskylda á fjármálastofnanir og lögmenn auk þess sem innheimtumanni ríkissjóðs verði fengnar ríkari heimildir til að afla upplýsinga í því skyni að greina áhættu fyrr en ella. Að auki eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar breytingar á tollalögum. **– srs**




# Grunur er um mansal hjá Félagi heyrnarlausra

**Lögregla rannsakar nú grun um mansal hjá starfsmönnum Félags heyrnarlausra. Útlendingar hafa verið fengið hingað til lands til að selja happdrættismiða fyrir félagið. Heimildir herma að þetta fólk fái greitt langt undir lágmarkslaunum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur til rannsóknar vinnumansalsmál innan Félags heyrnarlausra.

Rússnesk kona sem kom hingað til starfa við að selja happdrættismiða dvelur nú í Kvennaathvarfinu á meðan málið er til rannsóknar.

„Ég get í raun bara staðfest að við erum með einn einstakling í Kvennaathvarfi sem við höfum grun um að sé þolandi mansals,“ segir Snorri Birgisson, yfirmaður mansalsteymis lögreglunnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þurfti konan að borga 1.000 dollara við komuna til landsins án þess að hafa hér atvinnuleyfi. Það hefur hún gert í tvígang. Hún hafi fengið um 20 þúsund krónur í laun á tæpum þremur mánuðum. Þá hafi hún verið rukkuð fyrir skutl á vegum vinnuveitanda síns á þau svæði þar sem henni var gert að vinna, allt að 3.000 krónur í hvert skipti.

Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, vísar ásökunum á bug og segir að sögunni sé komið til lögreglunnar af fólki sem sé í valdabaráttu innan félagsins. Aðalfundur félagsins er í dag.

Rannsókn lögreglu snýr að starfsmanni félagsins sem sér um fjáröflun þess. Hann hefur nú verið sendur í launalaust leyfi.

„Þetta er fólk sem kemur að utan og hefur verið að hjálpa félaginu að selja vegna þess að við fáum enga íslenska heyrnarlausa til að selja happdrættismiðana í hús,“ segir Daði.

Að sögn Daða á fólkið að fá 25 prósent af sölu happdrættismiðanna í laun. Konan sem um ræðir í þessu máli fékk hins vegar 15% af andvirði sölunnar. Daði segir að samkomulag hafi verið á milli hennar og starfsmannsins gegn því að hún fengi fría gistingu á heimili hans.


**Starfsmaður Félags heyrnarlausra liggur undir grun vegna mansals í tengslum við happdrættissölu félagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við höfum aðstoðað við að borga hluta í flugmiðanum því hún hefur reynst dugleg, stelpan. Þannig að við vísum því alfarið á bug að þetta sé mansal.**
>
> Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra



„Hún hefur komið hingað þrisvar eða fjórum sinnum áður, algjörlega sjálfviljug. Við höfum aðstoðað við að borga hluta í flugmiðanum því hún hefur reynst dugleg, stelpan. Þannig að við vísum því alfarið á bug að þetta sé mansal.“

Alrangt sé að 1.000 dollarar hafi verið teknir af konunni heldur hafi starfsmaðurinn tryggt þá vegna reglna hjá rússneska sendiráðinu. Starfsmaður rússneska sendiráðsins sem Fréttablaðið ræddi við kannast ekki við slíkar reglur.

Daði segir að fólkið sem starfaði við happdrættissöluna hafi látið sig hverfa og ekki náist í það.

„Þau hafa greinilega farið heim til einhverra þeirra sem eru í þessu plotti. Þannig að það sem okkur vantar alfarið í þetta eru báðar hliðar á málinu.“ **snaeros@frettabladid.is**

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ



60 ÁRA 1956 - 2016

**Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli**



**Matjurtir 6 stk. í bakka** 799 kr
Salat margar tegundir, rófur, rauðkál, blómkál, spínat og margt fleira.



**STJÚPUR 10 stk. í bakka.**
990 kr
~~1.790~~ kr
blómaval

## DEWALT®
DAGAR Í HÚSASMIÐJUNNI

**20% afsláttur DEWALT rafmagns-verkfæri**

**15% afsláttur DEWALT VELTISAGIR**

**25% afsláttur DEWALT FYLGIHLUTIR**





TEXAS
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
38.245 kr
~~44.995~~ kr
**Sláttuvél TEXAS**
Razor 4610
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301



TEXAS
Frábært verð
13.995 kr
**Rafmagnsláttuvél**
1100W, sláttubreidd 32 cm, 6 hæða stillingar.
5085113



weber
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
76.990 kr
~~99.900~~ kr
**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU.
3000380



IKRA mogatec
Frábært verð
4.995 kr
**Rafmagnsorf IGT350**
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616

Frábært verð
15.995 kr
**Orf BT25**
25 cc, 0,75 kW, slátturbreidd, 38 cm, þyngd 4,55 kg með tvígengismótor.
5086604

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

# Ólaunaðar prufuvaktir notaðar til að svindla og spara kostnað

**EFNAHAGSMÁL** „Það eru allt of mörg dæmi um að fólk sé ekki að borga fyrir prufuvaktir og þetta er að verða stórt vandamál, sérstaklega í veitingageiranum,“ segir Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands.

„Þetta er nýr kúltúr hjá svindlurum, við förum að verða vör við þetta fyrir tveimur, þremur árum fyrst,“ bætir Halldór við. Ungt fólk og erlendir starfsmenn séu sérstaklega berskjaldaðir.

Fólk sem er fengið í svokallaðar



Halldór segir prufuvaktir algengastar í veitingageiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Þetta er nýr kúltúr hjá svindlurum.**

Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ

prufuvaktir á lögum samkvæmt að fá greitt fyrir þær. Halldór segir dæmi um að staðir séu að spara sér launakostnað með því að hafa alltaf einn í prufu á vakt. Staðirnir boða þá alltaf nýja og nýja í prufuvaktir og greiða þeim ekki og ráða þá ekki í vinnu.

„Við höfum hjólað í þessi fyrirtæki af öllu afli. Svona dæmi geta jaðrað við skipulagða brotastarfsemi á réttindum,“ segir Halldór. „Þetta er praktíserað úti hjá launaþjófunum eins og við viljum gjarnan kalla þá.“

Halldór segir ASÍ setja aukið púður í átakið Ekkert svindl í sumar, sérstaklega gagnvart unga fólkinu, sem vinnur í skólafríum.

„Markmiðið með Ekkert svindl er að koma þessu áleiðis,“ segir Halldór. – **sg**



Nadiya Savchenko sneri í gær heim til Úkraínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Úkraínsk þingkona látin laus

**ÚKRAÍNA** Nadiya Savchenko, úkraínskur flugmaður og þingkona sem handsömuð var af aðskilnaðarsinnum í Rússlandi árið 2014, var látin laus í gær í kjölfar fangaskipta milli Rússlands og Úkraínu.

Savchenko var fyrr á árinu dæmd í 22 ára fangelsi fyrir aðild að morði tveggja rússneskra fréttamanna á átakasvæði í Úkraínu.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, náðaði Savchenko áður en hún hélt aftur til Úkraínu í gær.

Mál Savchenko var gagnrýnt af mannréttindasamtökunum Amnesty International sem sögðu réttarhöldin hafa verið gölluð og angað af pólitík. Samband ríkjanna hefur versnað síðan Rússar tóku Krímskaga af Úkraínu og innlimuðu hann árið 2014.

Skipst var á Savchenko og tveimur rússneskum mönnum sem sagðir eru vera sérsveitarmenn. Þeir voru dæmdir í fjórtán ára fangelsi í Úkraínu fyrr í mánuðinum. – **þv**

**LEIÐRÉTT**

*Vegna mistaka voru orð höfð eftir Hilmari Sigurðssyni, formanni Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðanda, í útdreginni tilvitnun í grein á blaðsíðu 2 í Markaðnum sem Hilmar sagði alls ekki. Beðist er velvirðingar á þessu.*



Teikning af verslunarmiðstöð í Vík. Pro-ark teiknistofa sá um hönnun hússins. MYND/EIRÍKUR VIGNIR PÁLSSON

# Stór verslunarmiðstöð rís í Vík

**Mikil uppbygging er fram undan í Vík í Mýrdal. Hafist hefur verið handa við að reisa stóra verslunarmiðstöð sem hýsa á matvöruverslun, veitingastað og verslanir. Ágúst Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Icewear, sem stendur að miðstöðinni segist vera að svara kallinu, ferðaþjónustan í Vík sé sprungin og úrbóta þörf.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Framkvæmdir eru hafnar við byggingu 3.800 fermetra verslunarmiðstöðvar í Vík í Mýrdal.

Ágúst Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Icewear, stendur að byggingu miðstöðvarinnar. Í henni verður meðal annars matvöruverslun, veitingastaður með sal og stór verslun með varning Icewear.

„Ég get ekki greint frá því enn hvaða matvöruverslun verður rekin í miðstöðinni. Við erum einnig í viðræðum við ÁTVR um útibú en það er ekki frágengið,“ segir Ágúst Þór um framkvæmdina. „Veitingastaðurinn rúmar marga gesti, verður með 1.500 fermetra sal, og Icewear-verslunin í Vík stækkar mikið og verður í 1.250 fermetrum,“ segir Ágúst.

Að því er Ágúst Þór segir á einnig að útbúa veglega snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn.

„Við erum að svara kallinu, það er allt sprungið í Vík í ferðaþjónustu og það er full þörf á aukinni þjónustu við ferðamenn. Því verður fullkomin og stór snyrtiaðstaða fyrir ferðamenn með fjölda salerna,“ segir Ágúst sem kveðst ekki hugsa sér gjald á salernin. Hann vilji sýna ábyrgð. „Þá verður bætt við bílastæðum, bæði fyrir rútur og einkabíla sem er mikil þörf á.“

Reiknað er með því að verslunarmiðstöðin leiði af sér 15 til 20 ný störf í bænum. Miðstöðin er



**Ég get ekki greint frá því enn hvaða matvöruverslun verður rekin í miðstöðinni. Við erum einnig í viðræðum við ÁTVR um útibú en það er ekki frágengið.**

Ágúst Þór Eiríksson
framkvæmdastjóri Icewear




Nýja verslunarmiðstöðin í Vík verður byggð við núverandi húsnæði Icewear.

hönnuð af teiknistofunni Pro-Ark og reist við byggingu Víkurprjóns sem er við Austurveg í Vík.

Nú þegar er húsnæðisskortur í Vík vegna fjölgunar ferðamanna og starfa. Bæjarbúum hefur fjölgað um 12,5 prósent á einu og hálfu ári.

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, telur að í Vík komi allt að 800 þúsund ferðamenn á ári. Ítrekað hafi verið óskað eftir fé til þess að gera það sem til þurfi í uppbyggingu fyrir ferðamenn.

„Við fengum aðeins sextán milljónir úthlutaðar til uppbyggingar í ár,“ sagði Ásgeir um ástandið.

Bæjarstjórnin ákvað nýlega, vegna húsnæðisskortsins, að stöðva útgáfu leyfa til skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna, svo sem leigu í gegnum Airbnb.

Ágúst Þór er líka í framkvæmdum í miðborg Reykjavíkur. Þar hefur hann tekið allt húsnæði á Laugavegi 91 til leigu. Upphaflega var þar tískuverslunin 17. Húsið hefur um árabil meira og minna staðið autt en nú er hafin sala á útivistarfatnaði á neðstu hæðinni.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**




# Foreldrar barna í Austurbæjarskóla sjá brotalamir á viðbrögðum við einelti

**SAMFÉLAG** Stjórn foreldrafélags Austurbæjarskóla boðaði til fundar í gærkvöldi vegna eineltismáls innan veggja skólans sem komst í fréttir vegna líkamsárásar í byrjun mánaðarins á stúlku sem stundar nám í skólanum.

Stjórn foreldrafélagsins segist vera að bregðast við atvikinu og munu foreldrar, skólastjóri og þeir sem koma að eineltismálum innan veggja skólans koma á fundinn auk sérfræðinga úr borgarkerfinu.

„Skólinn starfar eftir Olweus-eineltisáætluninni. Við viljum fá betri upplýsingar um áætlunina og hvernig hún sé að ganga,“ segir Stefán Jónsson sem er í stjórn foreldrafélagsins.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að óánægja ríki með störf skólastjóra síðustu vikurnar og Stefán segist sjálfur hafa heyrt óánægjuraddir.



Foreldrar vilja vita hvernig eineltisáætlun skólans virkar. MYND/E.ÓL.

**Mörgum finnst vera brotalamir í hvernig brugðist hefur verið við þessu máli.**

Stefán Jónsson, í stjórn foreldrafélags Austurbæjarskóla

„Mörgum finnst vera brotalamir í hvernig brugðist hefur verið við þessu máli. En það verður farið nánar yfir málin á fundinum, enda skylda okkar gagnvart börnunum okkar að ræða málið á þessum vettvangi,“ sagði Stefán fyrir fundinn í gærkvöldi. – **ebg**




Þið smellpassið saman. Aygo og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum. Njóttu þess að mynda ný tengsl með Aygo í sumarsólinni.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Vegurinn gleypti tuttugu bíla



Vegur hrundi og tvö hundruð metra löng hola gleypti tuttugu kyrrstæða bíla í miðborg Flórens í gær. Enginn slasaðist við atvikið en talið er að stór lögn hafi sprungið undir veginum og eyðilagt undirlag hans. Atvikið átti sér stað við ána Arno en samkvæmt borgarstjóra Flórens höfðu árbakkarnir ekki gefið sig. NORDICPHOTOS/AFP

# Flóttafólk drukknaði er fiskibát hvolfdi í gær

**Fiskiskipi með yfir 500 manns hvolfdi á Miðjarðarhafi í gær og að minnsta kosti sjö drukknuðu. Hátt í sex þúsund flóttamönnum hefur verið bjargað á síðustu dögum. Fleiri flóttamenn fara nú frá Afríku til Evrópu í gegnum Líbíu.**

**LÍBÍA** Fiskiskipi hvolfdi á Miðjarðarhafinu, undan ströndum Líbíu, í gærmorgun. Hundruð flótta- og farandfólks var um borð í skipinu og talið er að í það minnsta sjö manns hafi drukknað. Skipið var á leið til Ítalíu þegar slysið varð.

Skipinu hvolfdi þegar fólkið um borð hópaðist yfir á aðra hlið bátsins eftir að skip ítalska sjóhersins birtist.

Ítölsku hermennirnir björguðu yfir fimm hundruð manns af fiskiskipinu. Þeir náðu myndum af því þegar skipið fór á hliðina og hundruð manna börðust fyrir lífi sínu í sjónum.



Ítalski sjóherinn náði myndum af því er fiskiskip flóttamannanna fórst á Miðjarðarhafi í gær.

Mikill straumur flóttamanna frá Afríku til Evrópu er vaxandi vandamál. Á síðustu dögum hefur hátt í sex þúsund flóttamönnum verið bjargað af ótraustum bátum í Miðjarðarhafi. Talið er að fjörutíu þúsund manns hafi verið bjargað frá áramótum. Batnandi veður er talin orsök þess að flóttamönnum hefur fjölgað ört síðustu daga.

Mannúðarsamtök telja að flóttafólk leiti í auknum mæli frá Afríku til Evrópu í gegnum Líbíu eftir að samningur Evrópusambandsins gerði það að verkum að leiðin um Tyrkland varð torfarnari. Samningurinn kveður á um að allir flóttamenn sem koma í gegnum Tyrkland til Grikklands í leit að hæli eigi hættu á því að verða sendir aftur til Tyrklands.

Rúmlega þrjátíu þúsund flóttamenn hafa komið til Ítalíu frá Afríku á þessu ári.

Ekki er hægt að fullyrða að svo stöddu frá hvaða löndum þeir flóttamenn sem bjargað hefur verið undanfarna daga eru en talið er að meirihluti þeirra komi frá Afríkulöndunum sunnan Sahara.

Sérfræðingar spá því að flóttamenn frá Írak, Sýrlandi og öðrum Mið-Austurlöndum sem leitað hafa eftir hæli í Evrópu með því að fara til Grikklands muni í auknum mæli ferðast frá Norður-Afríku til Suður-Ítalíu.

Meira en milljón manns sóttu um hæli í Evrópu á síðasta ári, þar af nærri helmingur sýrlenskir ríkisborgarar. thordis@frettabladid.is





COSTA DE ALMERÍA

H3 Laguna Playa
Frá kr. 69.795 m/ekkert fæði
Netverð á mann frá kr. 69.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 94.195 m.v. 2 í íbúð.
2. júní í 11 nætur.




KRÍT

Omega Platanias
Frá kr. 97.895
Netverð á mann frá kr. 97.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 114.495 m.v. 2 í stúdíó.
6. júní í 10 nætur.




MALLORCA

Stökktu
Frá kr. 49.995
Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 í herbergi/ íbúð/stúdíó.
7. júní í 7 nætur.




COSTA DEL SOL

Aguamarina Aparthotel
Frá kr. 89.895 m/ekkert fæði
Netverð á mann frá kr. 89.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.895 m.v. 2 í stúdíó.
9. júní í 11 nætur.




SALOU

Regina Gran Hotel
Frá kr. 66.045 m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 66.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 88.795 m.v. 2 í herbergi.
10. júní í 7 nætur




Heimsferðir

ENNEMM / SIA • NM75391 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



ítalskir dagar
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
LAMBARIBEYE ÍTALÍU MARINERAÐ
3.674 kr/kg
verð áður 4.899
ÍSFUGL
Sesam teriyaki
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KALKÚNALUNDIR
2.489 kr/kg
verð áður 3.319
Norður ítölsk
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
NAUTASTEIK
3.839 kr/kg
verð áður 4.799
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
OSSO BUCCO
1.359 kr/kg
verð áður 1.699
TILBOÐ 10% afsláttur á kassa
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
Sacla pestó og pastasósur
Ítölsk ástríða í matargerð.
Illy kaffi
Sælkerakaffi
Dececco
Ítalskt pasta síðan1886.
ÍTALÍA vörurnar okkar koma alla leið frá Ítalíu.
Tómatlínan er lífræn vottuð og kemur frá La Dispensa di Campagna Srl í Toskana. Ítalíupastað er framleitt úr fyrsta flokks durumhveiti ræktuðu í Orcia dalnum. Það er framleitt á gamla mátann og er bronsdregið og þurrkað hægt við lágan hita.
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Snýst um hugarfar en ekki innviðina

**Rafbílavæðing hérlendis snýst ekki um fjölda hleðslustöðva og aðra innviði heldur miklu frekar hugarfarsbreytingu. Klassískur bíleigandi hugsar rafbílakaup út frá notkun sinni á gamla bensínháknum. Bílnotkun Íslendinga og búsetumynstur fellur vel að rafbílaeign.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Uppbygging innviða og betri bílar standa ekki rafbílavæðingu hérlendis fyrir þrifum, heldur þarf að verða hér hugarfarsbreyting þar sem neytendur hætta að hugsa um rafbíla og notagildi þeirra út frá gamla bensínháknum.

**„Vandamál“**
Það hefur verið ofarlega á baugi í opinberri umræðu alllengi að rafbílavæðing á Íslandi sé háð því að byggja upp net hraðhleðslustöðva hringinn í kringum landið. Eins og staðan er í dag eru þessar stöðvar bundnar við þéttbýlustu svæði landsins suðvestanlands og á Akureyri. Því líta margir svo á að þar sem öll lengri ferðalög eru vart inni í myndinni á rafbíl þá henti þeim illa eða ekki að reka slíkan bíl – þrátt fyrir að hann sé margfalt ódýrari í rekstri.

Sölutölur nýrra bíla virðast styðja þá fullyrðingu að Íslendingar hafi ekki viðurkennt rafbílinn sem raunhæfan kost – þó nýskráningum rafbíla hafi fjölgað mjög á fáum árum. Á sama tíma er vitað að nýrri tegundir rafbíla komast tvöfalt eða þrefalt lengra en þeir sem nú eru á götunum. „Vandamálið“ verður því úr sögunni áður en langt um líður.

> **Það er raunar galið að bensinstöðvar á þjóðveginum séu ekki komnar með hræódýra tengla hjá sér til að lokka til sín tengiltvinnbílaeigendur og gefi þeim raforku í skiptum fyrir hamborgarakaup.**
>
> Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdarstjóri Orkuseturs



**Sætir furðu**
Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdarstjóri Orkuseturs, segir það sæta furðu að stór hluti landsmanna setji yfirleitt innviðina eitthvað fyrir sig, enda hafi hreinir rafbílar 100 til 200 kílómetra drægi og næsta kynslóð þeirra, sem koma á götuna í ýmsum útgáfum strax árið 2017, verði með 200 til 300 kílómetra drægi. Á sama tíma búi 85 prósent landsmanna innan 100 kílómetra radíuss og langflestir vel innan 50 kílómetra radíuss. Á sama tíma er meðalnotkun bíleigandans í kringum 40 kílómetrar á dag.

„Þetta þýðir að langflestir geta vel notað venjulegan rafbíl hlaðinn heima fyrir 90% af sinni notkun. Til að bæta enn notkunarmöguleikana geta nú margir hlaðið í vinnunni, og möguleikar til þess munu aukast hratt, alveg eins raftengingar á tjaldsvæðum stórjukust með tilkomu hjólhýsa og tjaldvagna sem þurftu rafmagn. Aldrei var þó farið í landsátakið „rafvæðum tjaldsvæðin“. Síðan eru hraðhleðslustöðvar á einhverjum 10 stöðum innan þessa radíuss sem geta bjargað þér, ef þú klikkaðir eitthvað í heimahleðslunni eða fórst í maraþonakstur um borgina,“ segir Sigurður Ingi.



**Hraðhleðslustöðvar ON verða 13 talsins í lok árs.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dugi þessi rök ekki til þá bendir Sigurður Ingi á að vilji allir komast norður til Akureyrar einu sinni á ári að lágmarki þá sé engin fyrirstaða. Annars vegar vegna þess að nota megi „hinn eða hina bílana sem alltof margar fjölskyldur eiga“, eða hins vegar með því að kaupa tengiltvinnbíl sem er hálfrafbíll.

„Tengiltvinnbílar eru í gríðarlegri sókn og eru til í fleiri útgáfum en hreinir rafbílar. Raunar hefur sala á tengiltvinnbílum verið meiri en á hreinum rafbílum síðustu fjóra mánuði. Þeir eru líka til sem 4x4 jepplingar og sex gerðir þegar komnar á markað. Þannig að í grunninn er lítið því til fyrirstöðu að rafbílavæða landið þó að einhver hluti væri tengiltvinnbílar,“ segir Sigurður Ingi sem telur að umræðan sé yfirleitt einfölduð og í grunninn barnaleg. Allt miðist við fjölskyldu með einn bíl á heimili sem vilji hreinan rafbíl og leggist oft í langferðir, og sé því að bíða eftir þéttriðnu neti hraðhleðslustöðva hringinn í kringum landið. Þessi staða eigi sé hins vegar enga stoð í raunveruleikanum.

**Grænn sopi fyrir hamborgara**
„Hafandi sagt þetta þá styð ég auðvitað uppbyggingu hraðhleðslustöðva á hringveginum til að auka notkunarmöguleika hreinna rafbíla og auka kaup fólks á slíkum bílum. Á sama tíma hafna ég því að rafbílavæðing standi algerlega og falli með slíkum stöðvum,“ segir Sigurður Ingi. Hann segir mikilvægt að t.d. bensínstöðvar á hringveginum komi sér strax upp hefðbundnum tenglum sem kosta sáralítið.

„Tengiltvinnbílar eru í dag að keyra framhjá Staðarskála á bensíninu í stað þess ferðalangarnir stoppi í klukkutíma, stingi í samband og fái sér snarl, en keyri svo 10 til 40 kílómetra á hreinni raforku út frá staðnum til norðurs eða suðurs. Þetta væri stórt framlag inn í rafbílaheiminn með afar litlum tilkostnaði. Það er raunar galið að bensínstöðvar á þjóðveginum séu ekki komnar með hræódýra tengla hjá sér til að lokka til sín tengiltvinnbílaeigendur og gefi þeim raforku í skiptum fyrir hamborgarakaup,“ segir Sigurður Ingi.

### Kæmi rafbíll til greina?




### Af hverju?






### Af hverju ekki?




*Heimild: Gallup. Makraðsrannsókn 3.-12. júní 2015*



DACIA

# DACIA DUSTER

Fjórhjóladrifinn, dísil

## ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

**Nú með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá**




Verð kr.

# 3.990.000

**Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km***

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða akstursstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

www.dacia.is

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516








**Hegningarhúsið er sögulegt tákn aukinnar mannúðar í refsingum á Íslandi. Það var byggt í þeim tilgangi að hneppa mætti sakamenn í varðhald en á sama tíma voru líkamlegar refsingar aflagðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skellt í lás í næstu viku á Skólavörðustígnum

Um næstu mánaðamót munu síðustu fangarnir fara úr Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og í önnur fangelsi. Þar til fangelsið á Hólmsheiði verður opnað í haust verður bið á innköllun fanga. Framtíð Hegningarhússins er óljós.

**FANGELSISMÁL** „Síðustu fangarnir fara 1. júní og svo verður formleg lokun væntanlega 3. júní,“ segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður hjá Fangelsismálastofnun.

Í Hegningarhúsinu hafa fjórtán starfsmenn verið starfandi. „Það verður hlé á fangavörslu. Næstu daga eftir lokun munum við ganga frá í húsinu, við göngum ekki bara út þótt það séu ekki fangar,“ segir Guðmundur og bendir á að ganga þurfi frá persónugreinanlegum gögnum í samráði við Þjóðskjalasafn.

Eftir að gengið hefur verið frá húsinu munu starfsmennirnir flytjast yfir í fangelsið í Hólmsheiði og hljóta viðeigandi þjálfun til að starfa í nýja fangelsinu.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir Fangelsismálastofnun taka við húsinu á Hólmsheiði 10. júní en fyrstu fangarnir komi ekki í hús fyrr en allur öryggisbúnaður sé klár og starfsmenn búnir að læra á hann. Það verði líklega ekki fyrr en í haust.

„Fangar verða ekki fluttir í húsið fyrr en mitt starfsfólk gefur grænt ljós,“ segir hann. „Í sumar verður ákveðið millibilsástand en við höfum skipulagt okkur mjög vel. Það verður pláss fyrir fanga í öðrum fangelsum landsins og við höfum hagað boðunum þannig að það eru nær engir fangar boðaðir í fangelsi á þessu tímabili.“

Páll gerir ekki ráð fyrir að vandamál muni koma upp vegna lokunar Hegningarhússins. „Við þurfum bara að vera á tánum í sumar. Við erum vön því.“ erlabjorg@frettabladid.is

> **Næstu daga eftir lokun munum við ganga frá í húsinu, við göngum ekki bara út þótt það séu ekki fangar.**
>
> Guðmundur Gíslason, forstöðumaður hjá Fangelsismálastofnun



**1874** var Hegningarhúsið byggt sem sérsmíðað fangelsi.

**1978** var húsið friðað. Því er óheimilt að gera nokkrar breytingar á húsinu án vitundar Minjastofnunar Íslands.

## Hvað verður um Hegningarhúsið?

Í skýrslu starfshóps sem innanríkisráðherra skipaði um framtíð Hegningarhússins segir að í forgangi sé að húsið verði gert upp í sem upprunalegastri mynd og af myndarskap enda hafi viðgerðir og viðhald setið á hakanum of lengi.

Lagt er til að varið verði um 250 milljónum króna á fjárlögum til þess að bjarga Hegningarhúsinu frá enn meiri skemmdum.

Þá er tillaga hópsins að eignarhald hússins verði áfram opinbert og starfsemin í almannaþágu. Hugmynd er um fjölþætta menningarstarfsemi og þjónustu í húsinu sem hægt væri að fela rekstraraðilum að sjá um.

# Tólf kynferðisbrot frá árinu 2011 eru sögð tengjast kampavínsklúbbunum

**LÖGREGLUMÁL** Frá árinu 2011 hafa 66 brot sem tengjast svokölluðum kampavínsklúbbum verið skráð í málaskrá lögreglu.

Þetta kom fram í máli Ólafar Nordal innanríkisráðherra í sérstakri umræðu um kampavínsklúbba á Alþingi í gær.

Ólöf sagði að af þessum 66 brotum væru tólf kynferðisbrot og þar af 11 brot sem tengjast vændi. Ólöf sagði að þessir staðir væru leyfisskyldir og þeim væri ekki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar.

Upphafsmaður umræðunnar var Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Þorsteinn sagði að starfsemi kampavínsklúbba hefði lengi verið sér þyrnir í augum. Vændi og mansal sem tengjast þessum stöðum væri vandamál.

Vildi Þorsteinn vita hvort innanríkisráðherra teldi að lagabreytingu þyrfti til að koma böndum á klúbbana og hvort ráðherra ætlaði að beita sér fyrir slíkri lagasetningu.

Ólöf Nordal svaraði því til að starfsemi svokallaðra kampavínsklúbba væri eftirlitsskyld. Þeim væri bannað að gera út á nektarsýningar og nekt starfsmanna eða annarra.

„Um þessar mundir er mikil vitundarvakning innan samfélagsins um vændi og mansal,“ sagði Ólöf.

Að sögn innanríkisráðherra er nú á vegum ráðuneytisins unnið eftir aðgerðaáætlun gegn mansali.

„Í því samhengi ber að geta þess að hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið lögð aukin áhersla á brot er tengjast mansali og vændi. Rannsóknir á mansali og vændi hafa verið settar í forgang og sérstakur lögreglufulltrúi embættisins gerður ábyrgur fyrir rannsóknum á umræddum brotum,“ sagði ráðherra. – jhh



**Upphafsmaður umræðu á Alþingi um kampavínsklúbba sagði þá vera sér þyrni í augum.** NORDICPHOTOS/GETTY

DEBENHAMS




*50% aflsláttur er af ódýrari vörunni.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki af MAC.

Finndu okkur á facebook

Opið til kl. 21:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Lawrence Lessig segir að fólk eigi ekki að óttast það að samþykkja nýja stjórnarskrá þótt hún sé ekki fullkomin. Bandaríska stjórnarskráin hafi ekki verið gallalaus og oft verið breytt í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fólkið á að setja elítunni leikreglurnar

**Lawrence Lessig, prófessor við lagadeild Harvard-háskóla, segir ferlið á bak við drögin að nýju stjórnarskránni einstakt á heimsvísu og öðrum ríkjum fyrirmynd. Hann segir að tækninýjungar geri það að verkum að þegnarnir sjálfir geti ritað stjórnarskrána.**

Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is



„Ísland hefur sýnt öðrum ríkjum fordæmi, sama hvort Ísland klárar sitt ferli eða ekki,“ segir Lawrence Lessig, prófessor í lögfræði við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum um ritun nýrrar stjórnarskrár.

Hann var ræðumaður á borgarafundi um lýðræði sem Stjórnarskrárfélagið hélt í Borgarleikhúsinu um helgina. Hann er sérfræðingur í stjórnarskrám og hefur fylgst með fæðingu stjórnarskráa í mörgum ríkjum, til að mynda í Austur-Evrópu eftir fall Sovétríkjanna.

Hann segir að á Íslandi hafi samfélagið skapað sér nýja stjórnarskrá sem sé öfug birtingarmynd þess sem flestar stjórnarskrár byggja á, elítan afhendir ekki náðarsamlega stjórnarskrána heldur er það fólkið sem skapaði hana.

„Það er frábær stytta í miðborginni af Kristjáni 9. Danakonungi þar sem hann er að afhenda stjórnarskrána,“ segir Lawrence. „Ef maður virðir hana fyrir sér má sjá að konunginum virðist líða ónotalega. Líkt og einhverjum sem er að afhenda ræningja veskið sitt. Þegar ég sá þessa styttu hugsaði ég með mér að hún væri birtingarmynd flestra stjórnarskráa í heiminum. Hin valdamikla elíta að afhenda almenningi völdin.“



**Lawrence segir að styttan af Kristjáni 9. sé táknmynd gamalla tíma: Elítan að afhenda fólkinu stjórnarskrána og setja þannig leikreglurnar.**

### Stjórnarskrá í takt við tímann

„Stjórnarskráin var sköpuð með tækninýjungum, þjóðfundir voru haldnir og þúsundir fólks af öllu landinu ákvarða grunngildi sem það vill sjá í stjórnarskrá. Síðan var kjörið stjórnlagaráð úr hópi almennings sem vinnur að því að klára drög að nýrri stjórnarskrá sem er samþykkt af tvemur þriðju hlutum kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessir þættir hafa ekki neins staðar annars staðar verið til staðar við þróun nýrrar stjórnarskrár. Ég tel að þetta leggi grundvöllinn að nýju líkani af því hvernig við eigum að rita stjórnarskrár,“ segir hann.

„Ég sagði um helgina að það sem Íslendingar þurfi að gera núna sé að reisa nýja styttu gegnt styttunni af Kristjáni 9.,“ segir Lawrence. „Sú stytta ætti að vera af borgurum víða um heim sem eru að berjast fyrir lýðræði, í Brasilíu, á Indlandi, í Frakklandi, Bandaríkjunum, og fyrir hópnum fer Íslendingur sem afhendir konunginum nýja stjórnarskrá. Á styttustallinum myndi svo standa: „Við prófuðum þína, prófaðu okkar núna.“ Við getum sýnt að þetta ferli virkar.“

## Glötuð tækifæri til bóta í Bandaríkjunum

Lawrence var frambjóðandi forvals Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar í ár og lagði hann sérstaklega áherslu á bæta stöðu lýðræðisins í Bandaríkjunum en hann segir lýðræðiskrísu ríkja þar. „Bernie Sanders og Donald Trump eru ekki öfgar hvor í sína áttina,“ segir Lawrence. „Þeir standa fyrir mjög almenna skoðun fjölmargra Bandaríkjamanna. Elítulýðræðið hefur brugðist.“ Hann segir Donald Trump hafa sigrað í forvali Repúblikanaflokksins vegna þess að hinir frambjóðendurnir voru uppteknir af því hvernig hægt væri að þjónka við hina valdamiklu fjármálaelítu til að fjármagna framboð þeirra. „Það sama sagði Bernie Sanders, hann safnaði ekki peningum frá fjársterkum aðilum heldur frá venjulegu fólki.“ Hillary Clinton sé svo hin hliðin á peningnum sem stendur fyrir elítuna sem hinn venjulegi Bandaríkjamaður hefur fengið nóg af. „Það sem gerir mig sorgmæddan er að ég hélt að þarna væri að skapast farvegur í lok árs 2015 til að ræða það af alvöru hvernig við ætlum að laga þetta. Donald Trump er ekki að fara að tala um spillinguna í bandarískum stjórnmálum og Bernie Sanders er að fara að tapa fyrir Hillary Clinton.“





> **Sérfræðingarnir eru góðir í því að viðhalda elítunni, það er ekki það sem lýðræði gengur út á.**
>
> Lawrence Lessig, lagaprófessor við Harvard-háskóla

### Hverjir er við stjórnvölinn? Fólkið eða elítan?

Aðspurður hvort Alþingi hafi hægt á stjórnarskrárferlinu segir hann að Íslendingar þurfi að svara því sjálfir. „En þýðing þess að vera fullvalda er að þegar þegnarnir kjósa að nýta sér sjálfsákvörðunarrétt sinn verða stjórnvöld að svara kallinu. Ef stjórnvöld sýna viðspyrnu þá verða þau að lágmarki að útskýra hvaðan þau hafa umboð til að veita viðspyrnu,“ segir hann. Það sé í góðu lagi að beita fyrir sig rökum eins og að nýja stjórnarskráin sé ófullkomin eða að ný ríkisstjórn hafi tekið við völdum. „En þá verða Íslendingar að spyrja sig: „Erum það við sem erum við stjórnvölinn hérna?““

### Ekki lýðræðislegt að eftirláta sérfræðingum allt

Lawrence segir mikilvægt að almenningur hafi það í huga að ákvörðun um stjórnarskrána eigi ekki að snúast um annaðhvort eða – annaðhvort nýju stjórnarskrána eða þá gömlu. „Í Bandaríkjunum var stjórnarskrárferlið langt. Eftir að búið var að rita hana þurfti að fá hana samþykkta í öllum ríkjunum og það tók tvö ár. Fljótlega eftir breytingar á henni. Það var hluti af staðfestingarferlinu að sammælast um það að hún væri ekki endanlegt plagg heldur tæki breytingum í takt við tíðarandann,“ segir hann.

„Fólk segir að ekki eigi að samþykkja nýja stjórnarskrána vegna þess að hún sé ekki gallalaus. Mér finnst það ekki gild ástæða. Innleiðið hana og breytið henni svo. Þá eigið þið að minnsta kosti stjórnarskrá sem átti sér einstakt ferli í ritun stjórnarskráa í heiminum, þar sem fólkið ritaði hana í raun og veru. Setjum að minnsta kosti það fordæmi,“ segir Lawrence. Þannig geti önnur ríki séð að ekki þurfi að reiða sig á elítuna, stjórnmálamennina og sérfræðingana til að rita stjórnarskrá. „Sérfræðingarnir eru góðir í því að viðhalda elítunni, það er ekki það sem lýðræði gengur út á.“


BLUE LAGOON
ICELAND
20% afsláttur
af öllum Blue Lagoon húðvörum
Gildir dagana 26. maí - 1. júní í verslunum Hagkaups
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VIÐSKIPTI



Kostnaður við rafbókakaup er hluti af lántökukostnaði að mati Neytendastofu.

## Rafbókasala álitin blekking

Neytendastofa hefur sektað fyrirtækin Kredia og Smálán um 750.000 krónur vegna kostnaðar í tengslum við lán sem félögin veita og upplýsingagjafar við lánveitingu. Fyrirtækin hafa boðið neytendum kaup á rafbókum sem hægt er að óska eftir láni fyrir.

Bæði Kredia og Smálán litu svo á að þar sem um væri að ræða lán fyrir kaupum á hlut kæmi kaupverð ekki til álita þegar reiknaður væri heildarlántökukostnaður og árleg hlutfallstala kostnaðar. Stofnunin lítur hins vegar svo að líta beri á kaupverð rafbókanna sem kostnað við lántöku, m.a. vegna þess að þær rafbækur sem um ræðir séu öllum aðgengilegar á netinu án greiðslu. Sé litið á rafbókakaupin sem kostnað við lántökuna fer kostnaðurinn upp fyrir leyfilegt hámark og er því ólöglegur að mati Neytendastofu. **– ih**

## Iceland Seafood hringt inn í Kauphöllina




Helgi Anton Eiríksson, forstjóri Iceland Seafood, hringir inn opnun markaða í Kauphöll Íslands í gær. Félagið var tekið til viðskipta á First North markaðnum í gær. Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands, segist eiga von á fleiri skráningum á First North á árinu. Hann segir Iceland Seafood fyrsta sjávarútvegsfyrirtækið sem skráð sé á markað hér á landi í 13 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Viðsnúningur hjá Eyri

Fjárfestingarfyrirtækið Eyrir Invest hagnaðist um 112,2 milljónir evra, 15,7 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. Árið 2014 tapaði félagið hins vegar 33,7 milljónum evra, 4,7 milljörðum íslenskra króna.

Heildareignir námu 454,3 milljónum evra í árslok, jafnvirði 63,4 milljarða króna.

Eigið fé nam 247,4 milljónum evra, 34,6 milljörðum króna, og eiginfjárhlutfall var 54,5 prósent. Félagið á 29 prósenta hlut í Marel og 17 prósenta hlut í Stork Technical Services í gegnum Lond Acquisition Luxco.

Eyrir er stærsti fjárfestir í Marel og hefur verið það frá árinu 2005. Á síðastliðnu ári hækkuðu hlutabréf í Marel um 76 prósent.

Á árinu seldi Eyrir ásamt meðfjárfestum alla hluti í Fokker Technologies til breska verkfræðifyrirtækisins GKN.

Í nóvemberlok náðust samningar milli Eyris Invest, Arle Capital Partners og meðfjárfesta um sölu á Stork Technical Services til bandaríska fyrirtækisins Fluor Corporation. Áætlað er að söluferlinu ljúki á fyrri helmingi árs 2016.

Fimm stöðugildi voru hjá Eyri Invest á árinu.

Landsbankinn átti í árslok 2015 23,3 prósenta hlut í Eyri en hefur auglýst hlutinn til sölu. **– sg**




# Unnið að skipun rannsóknarnefndar

**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vinnur að skipun rannsóknarnefndar vegna aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum á Búnaðarbankanum. Aðilar innan S-hópsins kannast ekki við að bankinn hafi verið leppur.**

Menn innan S-hópsins svokallaða sem keypti Búnaðarbankann 2003, segjast ekki hafa ástæðu til að ætla að aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser hafi verið önnur við kaupin en gefin var út á sínum tíma.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, lagði til á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á mánudaginn að Alþingi myndi skipa rannsóknarnefnd vegna nýrra upplýsinga sem umboðsmanni hefðu borist og varpað gætu ljósi á raunverulega aðkomu þýska bankans að kaupunum á Búnaðarbankanum. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd vinnur að þingsályktunartillögu um rannsókn á málinu.

Lengi hafa verið efasemdir um aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupunum á Búnaðarbankanum. Þýski bankinn seldi hlut sinn á næstu tveimur árum til aðila innan S-hópsins.

„Það er mér algjörlega ókunnugt um og veit ekki til að það hafi verið,“ segir Finnur Ingólfsson, fyrrverandi varaformaður Framsóknarflokksins, ráðherra og seðlabankastjóri, vegna ábendinga Vilhjálms Bjarnasonar, núverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að þýski bankinn hafi í raun ekki eignast hlut í Búnaðarbankanum.

Finnur, sem var forstjóri VÍS er félagið keypti hlut í Búnaðarbankanum, vísar til samantektar Ríkisendurskoðunar frá 2006. Í henni er sagt frá staðfestingu sem stofnunin hafi fengið frá þýska bankanum um að hann hafi átt hlut í Eglu sem keypti í Búnaðarbankanum og frá KPMG í Þýskalandi um að hluturinn hafi verið færður í



Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi viðskiptaráðherra, og Peter Gatti, fulltrúi Hauck & Aufhäuser, handsala kaupin á Búnaðarbankanum árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**11,9**
**milljarða fékk ríkið við söluna á Búnaðarbankanum.**

bækur Hauck & Aufhäuser í samræmi við þýsk lög og reglur. Þá hefur Peter Gatti, fulltrúi Hauck & Aufhäuser við undirskrift samningsins, einnig þvertekið fyrir að bankinn hafi ekki verið raunverulegur kaupandi.

„Þær staðreyndir liggja þarna fyrir, staðfestar af endurskoðendum hans sem er alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki, er líklegt að það hafi staðið í miklum svikum? Er líklegt að stjórnendur bankans hafi staðið í miklum svikum og blekkingum? Er líklegt að skattalög í Þýskalandi eða reikningsskilalög í Þýskalandi hafi með einhverjum hætti heimilað slíkt?“ spyr Finnur.

Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eglu, segist ekki vita til þess að þýski bankinn hafi verið leppur fyrir aðra aðila.

„Ég þekki það ekki og ég þekki engan sem þekkir það, svo ég viti til,“ segir Guðmundur. „Ég veit bara hverjir voru eigendur Eglu og það er alveg rétt.“

Uppgefnir hluthafar í Eglu við kaupin á Búnaðarbankanum voru Hauck & Aufhäuser sem fór með 50 prósenta hlut, Ker, sem fór með 49,5 prósenta hlut, og VÍS með 0,5 prósenta hlut. Egla keypti samtals 32,6 prósenta hlut í bankanum og var hlutur þýska bankans því 16,3 prósent. **ingvar@frettabladid.is**


GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904
Angel
9.900 kr.
NOMINATION
ITALY
Möbius
27.900 kr.
Sunflower
39.900 kr.
Dew Drop
25.900 kr.
Daisy
25.900 kr.
Angel
6.100 kr.
Flair
30.100 kr.
Glæsilegar útskriftargjafir
Rodania
Vancouver
31.700 kr.
Daniel Wellington
Sheffield
32.900 kr.
Armani
Renato
68.100 kr.
Auguste Reymond
Elegance Automatic
125.300 kr.
Armani
Classic
55.200 kr.
Herraúr
Henry London
Knightsbridge
35.900 kr.
Hugo Boss
Gentleman
40.900 kr.
Kennet Cole
Classic
20.900 kr.
Skagen
Hagen
42.500 kr.
Tissot
Classic Dream
31.900 kr.
Rodania
Calgary
50.200 kr.
Armani
Retro
89.400 kr.
Daniel Wellington
St. Mawes
29.800 kr.
Henry London
Finchley
38.900 kr.
Michael Kors
Catlin
62.800 kr.
Kvenúr
Michelsen
Tradition
73.000 kr.
Skagen
Ancher
31.800 kr.
Tissot
Classic Dream
48.500 kr.
Kíktu á úrvalið hjá okkur á Laugaveginum,
í Kringlunni eða í vefversluninni á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is

# Nýtt blóð



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Nýtt stjórnmálaafl, Viðreisn, var stofnað á þriðjudag. Á heimasíðu flokksins kemur fram að um sé að ræða nýtt, frjálslynt stjórnmálaafl á Íslandi. Flokkurinn standi í grófum dráttum fyrir réttlátt samfélag þar sem lífskjör eigi að verða svipuð og í nágrannalöndunum. Auðlindir eigi að nýta skynsamlega og markaðslausnir þar sem við á. Kjósa skuli um hvort ljúka eigi viðræðum við Evrópusambandið. Fundurinn var vel sóttur en þar munu hafa verið samankomin um 400 manns.

Flokkurinn er stofnaður í afar áhugaverðu pólitísku andrúmslofti. Þingkosningum hefur verið flýtt vegna persónulegra vandræða formanna ríkisstjórnarflokkanna. Jafnaðarmannaflokkurinn, sem sat í ríkisstjórn fyrir aðeins þremur árum, er að liðast í sundur. Frjálslyndir hægrimenn hafa verið duglegir við að lýsa óánægju sinni með sinn flokk, Sjálfstæðisflokkinn, eftir það sem þeir telja vera svik í Evrópusambandsmálum og aðra eftirlátssemi í málamiðlunum við samstarfsflokkinn, meðal annars í landbúnaðar- og neytendamálum og öðrum. Auk þess eru einhverjir langþreyttir á því sem oft og tíðum virðist vera beinhörð sérhagsmunagæsla hjá ríkisstjórnarflokkunum tveimur.

Þannig er afar líklega rými og jafnvel eftirspurn á hinum pólitíska markaði fyrir hægri demókratískan flokk af því tagi sem Viðreisn gefur sig út fyrir að vera. Hvort Viðreisn uppfylli væntingar þessa hóps á eftir að koma í ljós. Flokkurinn verður að teljast líklegur til að reyna að fá einnig til liðs við sig þá sem hallast nær hægri eða miðju í Samfylkingunni, þar sem allt útlit er fyrir að afar vinstrisinnaður frambjóðandi muni bera sigur úr býtum í formannskjöri. Auk þess hlýtur það að vera á stefnuskránni að fjölga konum og ungu fólki, en karlmenn yfir miðjum aldri og eldri voru meirihluti gesta á stofnfundinum.

Kannanir á fylgi stjórnmálaflokka undanfarið sýna að mikið flökt er á fylginu. Píratar og Sjálfstæðisflokkur mælast alla jafna langstærstir. Sterkur hægrikrataflokkur gæti hins vegar bitið fylgi af báðum þessum flokkum og jafnvel fleirum. Slíkur flokkur er því augljós ógn við báða flokkana og sér í lagi Sjálfstæðisflokkinn, sem hefur nú 19 þingmenn. En slíkur flokkur gæti einnig veitt báðum þessum flokkum tækifæri, nái hann einhverju flugi, til þess að mynda ríkisstjórnir með öðrum hætti en gert hefur verið ráð fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengst af verið í samstarfi við Framsóknarflokkinn sem gengið hefur misvel. Píratar virðast hafa verið settir í sveit með vinstriflokkum, án þess að nokkuð liggi fyrir um hvort það sé það sem flokkurinn raunverulega vill. Báðir flokkarnir gætu myndað ríkisstjórn með frjálslyndum hægriflokki og ef til vill litið þann kost hýrara auga en þá sem nú standa til boða.

Það er að minnsta kosti ljóst að koma Viðreisnar inn á hinn pólitíska vígvöll hleypir blóði í komandi kosningabaráttu. Flokkurinn hefur öll tækifæri til að gera sig gildandi. Það hefur hins vegar ekki verið langlift hingað til þegar klofningsframboð frá Sjálfstæðisflokknum sækjast eftir völdum. Hvort saga Viðreisnar verður eins verður spennandi að sjá.

**Það er afar líklega rými og jafnvel eftirspurn á hinum pólitíska markaði fyrir hægri demókratískan flokk af því tagi sem Viðreisn gefur sig út fyrir að vera.**

**Aðalfundur félags skipstjórnarmanna**

Félag skipstjórnarmanna

Félagar í Félagi skipstjórnarmanna.

Aðalfundur FS verður haldinn á morgun, föstudag 27. maí kl. 14.00 að Háteigi A, sal á 4. Hæð Grand Hótels.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Léttar veitingar
Félagar fjölmennið

***Stjórnin***

## Halldór




## Frá degi til dags

**Klofin Framsókn**

**Nú hafa fimm þingmenn Framsóknarflokksins annaðhvort sagt það berum orðum að ekki sé ráðlegt að kjósa í haust eða gefið þeirri hugmynd sterklega undir fótinn. Það er í raun stórkostlega undarlegt að fimm þingmenn telji það sniðugt að svíkja loforð svo bersýnilega. Hér má tala um einbeittan brotavilja þingmanna. Á sama tíma hefur forsætisráðherra flokksins gefið það út að það verði kosið í haust. Einhvern tíma hefðu menn nú talað um klofning eða dottið í hug kattasmölun. En ljóst er að pólitísku skjálftamælarnir sýna smá titring. Þrír af hverjum fjórum þingmönnum Framsóknar snúa ekki aftur ef marka má kannanir.**

**Í þágu lýðræðisins**

**Nú hefur verið staðfest að níu nöfn verði á kjörseðlinum 25. júní þegar kosinn verður nýr forseti lýðveldisins. Fimm karlar eru í kjöri og fjórar konur. Nokkuð margir frambjóðendur en vissulega himnaríki miðað við skrípaleikinn kosningar til stjórnlagaráðs hér um árið. Haft hefur verið á orði að þetta séu allt of margir frambjóðendur og það þurfi bersýnilega að vera með tvöfalda umferð, í þágu lýðræðisins, svo nýr forseti verði sannarlega kosinn af meirihluta þjóðarinnar. Áhugavert sniðmengi fólks sem telur svo, í þágu lýðræðisins, það mjög mikilvægt að stórefla persónukjör í kosningum til Alþingis.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Stórslysalegur samningur



Ólafur Arnalds
prófessor við LbhÍ, náttúrufræðingur og skattborgari

Nýr búvörusamningur liggur fyrir Alþingi. Til stendur að greiða marga tugi milljarða á komandi árum til að styrkja landbúnaðarframleiðslu. Drjúgur hluti fjárins fer til sauðfjárframleiðslu. Síst af öllu ber að draga úr mikilvægi þess að halda landinu í byggð og framleiða matvæli heima fyrir; það er almenn sátt um að styrkja þurfi landbúnað á Íslandi. En ég efa að almenn sátt ríki um að flytja þriðjung dilkakjötsframleiðslunnar út á meðan við sem þjóð leggjum 10-20 milljarða króna, jafnvel meira, með útflutningnum næstu 10 árin í gegnum styrkjagreiðslur nýs samnings. Hluti milljarðanna fer í að styrkja nýtingu á landi sem alfarið ætti að friða fyrir beit, m.a. á auðnum og rofsvæðum gosbeltisins. Ekki er litið til ástands lands að fullu, því svokallaður landnýtingarþáttur gæðastýringar tekur ekki á stóru landnýtingarmálunum sem fylgja sauðfjárbeit. Fjallað er um einkennilega stöðu sauðfjárræktarinnar í samnefndri grein á visir.is (19. maí). Þar eru talin upp mörg atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga áður en búvörusamningurinn verður festur í lög.

Ekki verður séð að stefnumótun hafi farið fram um í hvaða byggðarlögum er nauðsynlegt að styrkja dilkakjötsframleiðslu út frá byggðarlegum sjónarmiðum, eða hvar slíkir styrkir eru óþarfir þar sem nóg önnur atvinna er í boði, eða jafnvel hvar sauðfjárframleiðsla er hamlandi fyrir eðlilega uppbyggingu fjölþættari atvinnuvega. Eða að tillit sé tekið til hvar draga ætti úr framleiðslunni út frá náttúruverndarsjónarmiðum (en þær upplýsingar hafa þó legið fyrir lengi). Hefur verið gerð greining á þörfum landsmanna fyrir kjötið? Líklega ekki. Engu að síður stendur til að eyða milljörðum króna af skattpeningum til að auka framleiðsluna. Er það okkar að leggja til lúxusvöru á matardiska erlendra heimila? Ekki er laust við að „samningsgerðin“ beri keim af því að bændur hafa samið við sjálfa sig – og almenningur borgar. Aðferðafræðin er fjandsamleg umhverfissjónarmiðum og markar skref áratugi aftur í tímann.

Að lokum: Það er mikilvægt að fresta eða falla frá sauðfjárhluta búvörusamningsins og hefja stefnumótunarvinnu um stuðning við þá atvinnugrein á breiðum grunni, sem m.a. miðar að aðlögun framleiðslunnar að landkostum, þörfum landsmanna sjálfra á framleiðslunni og að beit á illa gróna afrétti verði aflögð.

**Hluti milljarðanna fer í að styrkja nýtingu á landi sem alfarið ætti að friða fyrir beit, m.a. á auðnum og rofsvæðum gosbeltisins.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lýðræði undir álagi

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor

Grikkland gengur aftur, vagga lýðræðisins. Aristóteles, gríski heimspekingurinn (384-322 f.Kr.), lýsti kostum lýðræðis sem hann taldi þó ekki endilega vera skástu stjórnskipun sem völ væri á, ólíkt Winston Churchill forsætisráðherra Bretlands löngu síðar. Lýðræði hefur einnig galla, sagði Aristóteles, einkum þann galla að fátæklingar eru mun fleiri en auðmenn og geta því beitt vægi atkvæða til að sölsa undir sig eignir auðmanna innan ramma laganna. Þessa hættu er hægt að girða fyrir, sagði Aristóteles, með því að halda misskiptingu innan hæfilegra marka og draga þannig úr freistingu fátæklinga til að rísa upp gegn ríku fólki.

**Mannréttindi handa fyrirtækjum**

James Madison (1751-1836), einn af höfundum bandarísku stjórnarskrárinnar frá 1787, var sama sinnis og Aristóteles um kosti og galla lýðræðis, en Madison lagði fram aðra lausn vandans. Lausn hans fólst í að treysta eignarréttinn og tryggja auðmenn með því móti gegn atlögum fátækara fólks á vettvangi stjórnmálanna. Fyrir þessu var séð í stjórnarskránni m.a. með því að fela fylkisþingunum að skipa öldungadeildarþingmenn, yfirleitt auðmenn, tvo frá hverju fylki, og hélzt sú skipan allar götur til 1913 þegar stjórnarskránni var breytt á þann veg að öldungadeildarþingmenn skyldu kosnir beinni kosningu eins og þingmenn í fulltrúadeildinni. Grunnurinn að auðræði hafði verið lagður.

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur með tímanum hert tökin og heimfært mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar á fyrirtæki svo þau geta nú hömlulaust styrkt stjórnmálamenn og flokka. Rétturinn felldi þann dóm 2010 að hömlur gegn fjárframlögum til stjórnmálastarfsemi jafngildi skerðingu málfrelsis og brjóti því gegn stjórnarskránni. Tveir bræður, Charles og David Koch, hyggjast verja einum milljarði dala til að styrkja repúblikana í kosningunum þar vestra í haust. Sé miðað við kjörfylgi forsetaframbjóðanda repúblikana 2012, jafngildir fyrirhugaður fjárstyrkur Koch-bræða 2.000 krónum á hvert atkvæði. Til samanburðar þágu Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin hver um sig margfalt hærri fjárframlög á hvert atkvæði árin fram að hruni 2002-2006 skv. skýrslu Ríkisendurskoðunar.

**Meiri jöfnuður eða minna lýðræði?**

Noam Chomsky, bandaríski málfræðingurinn og rithöfundurinn, prófessor í Tækniháskólanum í Massachusetts (MIT), dregur málið saman á einfaldan hátt. Vandi lýðræðisins segir hann eins og Aristóteles er m.a. fólginn í freistingu fátækra til að beita valdi fjöldans gegn fámennum hópi auðmanna. Lausn Aristótelesar var meiri jöfnuður. Þessi lausn endurómar nú t.d. í málflutningi Bernies Sanders, öldungadeildarþingmanns frá smáfylkinu Vermont sem berst fyrir útnefningu demókrata fyrir forsetakjörið í haust. Sanders var þar til nýlega úthrópaður í landi sínu fyrir að segjast vera lýðræðissósíalisti á evrópska vísu og er nú samt ekki nema hársbreidd frá Hvíta húsinu. Margar skoðanakannanir benda til að hann virðist enn líklegri en Hillary Clinton til að bera sigurorð af Donald Trump, væntanlegum frambjóðanda repúblikana, í kosningunum í haust. Hún hefur þó hlotið þrem milljónum fleiri atkvæði en hann í prófkjörum demókrata og það ræður úrslitum eins og eðlilegt er.

Lausn Madisons var minna lýðræði. Noam Chomsky lýsir vandanum vel í nýrri kvikmynd, Sálumessa bandaríska draumsins. Chomsky, einn gleggsti og harðskeyttasti þjóðfélagsgagnrýnandi Bandaríkjanna sl. hálfa öld, var löngum talinn vera á yzta jaðri stjórnmálanna en hann er nú líkt og Bernie Sanders kominn inn í miðja hringiðuna. Miðjan hefur skyndilega færzt til þeirra þar eð misskiptingin og meðvirkni stjórnmálastéttarinnar gengu skyndilega fram af fólki. Chomsky lýsir ásælni fyrirtækjanna og auðstéttanna sem ágengu varnarviðbragði við auknum réttindum blökkumanna og kvenna eftir 1960, háværari kröfum um umhverfisvernd, mótmælum gegn styrjöldinni í Víetnam o.fl.

**Græðgin ræðst gegn grunnstoðum**

Við sjáum sömu teikn á lofti hér heima. Ísland á jafnvel enn frekar en Bandaríkin í vök að verjast fyrir árás taumlausrar græðgi á grunnstoðir samfélagsins. Hvergi annars staðar ágerðist misskipting í líkingu við þróunina hér heima árin fram að hruni eins og Stefán Ólafsson prófessor hefur lýst öðrum betur. Hvergi annars staðar nema í Rússlandi bjuggu stjórnvöld til nýja stétt auðmanna sem hafa öll ráð í hendi sér, auðsveipa stjórnmálaflokka á fóðrum og nú m.a.s. eigin forsetaframbjóðanda, einn með öllu. Nöfn 600 Íslendinga er að finna í Panama-skjölunum ásamt nöfnum 51 Dana þótt Danir séu nærri 15 sinnum fleiri en Íslendingar.

Og hvergi nema á Íslandi rembist ólögmætt þjóðþing – kjörið 2013 skv. kosningalögum sem tveir þriðju hlutar kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 – við að grafa undan lýðræði með því að humma fram af sér staðfestingu nýrrar stjórnarskrár.








Fylgihlutir · XL poki · Power Secure System · Nýr mótor · B

**SIEMENS - Ryksuga**
VS 06B120

Nýr „highPower“ mótor: Meiri sogkraftur, minni orkunotkun. „powerSecure System“: Tryggir betri afköst jafnvel þótt pokinn sé fullur. Öflugar síur, þar á meðal PureAir Hepa-sía. Fjögurra lítra poki. Vinnuradíus: 9 metrar. Orkuflokkur B. Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Hljóð: 81 dB. Útblástur A.

**Afmælistilboð:**
**14.900 kr.**
(Fullt verð: 19.900 kr.)

Tilboð gilda í maí eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Víst getur matarverð lækkað um 35%





Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur

Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, telur fullyrðingar greinarhöfunda um að matvara gæti verið 35% ódýrari ef matartollarnir væru felldir niður ekki standast. Hún spyr í aðsendri grein í Fréttablaðinu og á visir.is, 28. apríl sl.: „Er betra að veifa röngu tré en öngu?“ Þar heldur hún því fram að matvæli kosti hér svipað eða minna en í nágrannalöndunum!

Bændasamtökin berjast af alefli gegn niðurfellingu tolla. Þau segja jafnvel á sama tíma: 1) verð matvæla á Íslandi er lægra en í nágrannalöndunum og 2) alls ekki má lækka eða fella niður matartolla því þá verða innflutt matvæli svo ódýr að innlend framleiðsla hrynur! Hvort skyldi nú vera rétt?

Í grein undirritaðra sem birtist í Fréttablaðinu hinn 20. apríl var birt tafla sem sýnir að innflutt matvara getur að meðaltali orðið um 35% ódýrari en innlend, verði matartollar niðurfelldir.

Upplýsingarnar áætluðu Hagar/Aðföng að okkar beiðni. Bændasamtökin halda því stundum fram að ekki eigi að taka mark á versluninni, hún hugsi bara um sinn hag. Finnur Árnason, forstjóri Haga, hefur boðið að „endurskoðandi fyrirtækisins skili t.d. til Neytendasamtakanna (JG) staðfestingu á verðútreikningum, eða mismun á innlendu og erlendu innkaupsverði“.

Framkvæmdastjóri Krónunnar upplýsti undirritaða nýverið um að Krónan myndi bjóða álíka verðlækkun og Bónus ef tollar yrðu felldir niður á þessar vörur. Verðlækkun nautakjöts gæti reyndar verið eitthvað meiri en lækkun kindakjöts lítil eða engin. Í heildina myndi verð lækka um 35% við afnám matartollanna. Það eru reyndar fleiri leiðir til að staðfesta verðmuninn, sem Bændasamtökin rengja þegar þeim hentar.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók árið 2009 saman upplýsingar um málið fyrir utanríkisráðuneytið og skilaði í skýrslunni „Íslensk bú í finnsku umhverfi“. Þar segir á síðu 3: „má ætla að verð til bænda lækki um 30-40% ef tollar falla niður á búvörum milli Íslands og Evrópusambandslanda“.

Starfshópur um tollamál á sviði landbúnaðar á vegum landbúnaðarráðherra skilaði árið 2014 skýrslu þar sem segir á síðu 30: „Á árunum 1995-1997 var afurðaverð hérlendis um það bil 80 til 90% hærra en innflutningsverð, en er nú í kringum 30% hærra.“

### Áætlaður verðmunur á innlendri og innfluttri matvöru verði tollar felldir niður

| Vöruflokkur | Vörutegund | Innlend vara | Innflutt vara | Verðmunur kr. | Verðmunur % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ostar | Góðostur | 1.398 | 930 | 468 | -33% |
| | Camembert | 2.966 | 1.681 | 1.285 | -43% |
| Kindakjöt | Lambalæri | 1.400 | 1.100 | 300 | -21% |
| | Lambahryggur | 1.898 | 1.210 | 688 | -36% |
| Kjúklingar | Heill kjúklingur | 759 | 495 | 264 | -35% |
| | Bringur | 1.898 | 898 | 1.000 | -53% |
| Svínakjöt | Kótelettur | 1.198 | 976 | 222 | -19% |
| | Bacon | 1.698 | 1.330 | 368 | -22% |
| Nautakjöt | Nautahakk | 1.898 | 1.210 | 688 | -36% |
| | Nautalundir | 5.998 | 3.346 | 2.652 | -44% |
| Egg | Venjuleg egg | 710 | 497 | 213 | -30% |

Verð í kr./kg með virðisaukaskatti út úr búð (Bónus) í febrúar 2016 og eins og þau hefðu verið með tollfrjálsum innflutningi að því gefnu að verðlækkun skili sér til neytenda.

Ofangreindar upplýsingar frá fjórum ótengdum aðilum sýna að verð innfluttrar matvöru getur án tolla verið um 35% lægra en innlendrar. Ástæðan er augljóslega stærðarhagkvæmni og betri veðurfarslegar aðstæður sunnar á hnettinum. Þetta vita allir en sumir sem vinna við að vernda kerfið láta stundum sem þeir viti þetta ekki.

### Kerfið er meingallað

Skattgreiðendur styðja landbúnaðinn um 14 milljarða króna á ári og auk þess styðja neytendur bændur og vinnslugreinar um 22 milljarða með hærra matvælaverði. Samtals eru þetta 36 milljarðar króna á ári eða 360 milljarðar á þeim 10 árum sem fyrirhugað er að búvörusamningar gildi.

Heildarstuðningur er hér að meðaltali 11 milljónir á bú á ári, þar af 4 milljónir frá skattgreiðendum og 7 frá neytendum. Í Finnlandi og Danmörku er stuðningurinn um 3 milljónir kr. á bú á ári í heild.

Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttatímans, hefur nýlega sýnt fram á að tæpur helmingur af 22 milljarða kr. árlegum stuðningi neytenda við landbúnaðinn fer til stórfyrirtækja!

Í Evrópu er opinn markaður milli landa og neytendastuðningur núll. Við ættum líka að fella niður matartollana en styrkja landbúnaðinn áfram á fjárlögum um svipaða upphæð á bú og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Það væri ásættanlegt. Aðlaga þarf landbúnaðinn nýjum veruleika og sjálfsagt væri að styðja við þau umskipti sem verða öllum í hag þegar upp er staðið.

**Samtals eru 9,4% Íslendinga undir lágtekjumörkum eða rúmlega 30 þúsund manns. 35% ódýrari matvæli lækka matarútgjöld á mann um 68 þúsund krónur á ári. Það munar um minna. Þessar umbætur geta ekki beðið mikið lengur, hvað þá í 10 ár.**

### Stórmál fyrir (fátæka) neytendur

Samkvæmt UNICEF búa 6.100 börn hér á landi við skort. Um fjórðungur örorkulífeyrisþega og stór hluti aldraðra lifir á strípuðum bótum. Samtals eru 9,4% Íslendinga undir lágtekjumörkum eða rúmlega 30 þúsund manns. 35% ódýrari matvæli lækka matarútgjöld á mann um 68 þúsund krónur á ári. Það munar um minna. Þessar umbætur geta ekki beðið mikið lengur, hvað þá í 10 ár.

# Þegar ég fann Viðreisn



Sigurjón Arnórsson
viðskiptafræðingur

Eins og margir ungir Íslendingar fór ég til útlanda eftir háskóla til þess að finna vinnu. Fyrir nokkrum mánuðum kom ég aftur til Íslands og fann að pólitíska umhverfið hafði gjörbreyst. Gömlu flokkarnir voru að rýrna og nýir ferskir stjórnmálaflokkar með unga efnilega leiðtoga voru að koma gríðarlega sterkir inn. Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um pólitík og verið virkur í þeim málum. Ég sá tækifæri til þess að taka þátt í einhverju nýju og betra en það sem áður var.

Ég las um nýja hreyfingu sem kallaðist „Viðreisn“. Ég kom mér í samband í gegnum Facebook við unga konu sem ég hafði heyrt tala fyrir hönd Viðreisnar í útvarpsviðtali. Hún benti mér á ungliðahreyfingu sem kallaði sig „Uppreisn“. Þar hittust ungir meðlimir Viðreisnar reglulega til þess að ræða um pólitík. Ég beið spenntur eftir næstu samkomu „Uppreisnar“ og þegar að henni kom mætti ég tímanlega.

Ég stóð í inngangi Bjórgarðsins og áttaði mig á að ég þekkti ekki þá aðila sem ég var mættur til þess að hitta. Eina lausnin í því máli var að labba um barinn og spyrja hvern einasta hóp þar inni „eruð þið Uppreisn?“ Það var mikið hlegið og brosað til mín en enginn virtist vera fulltrúi Uppreisnar. Ég pantaði mér gos og settist niður. Korteri seinna mættu ungliðar Viðreisnar. Umræðan okkar þetta kvöld var áhugaverð, skynsamleg, vingjarnleg og allir voru opnir fyrir nýjum sjónarhornum og skoðunum.

Svona fann ég Viðreisn. Núna, mörgum mánuðum síðar, hef ég tekið mikinn þátt í skipulagningu og stefnumótun fyrir flokkinn. Þar sem við stefnum að því að hafa formlegan stofnfund og mynda pólitískan flokk fljótlega, vil ég svara nokkrum spurningum sem ég hef heyrt um Viðreisn.

**Viðreisn er nýr stjórnmálaflokkur, óháður öðrum flokkum og með sína eigin nálgun að því hvernig best er að veita þjóðinni forystu.**

Ætlar Viðreisn að bjóða sig fram í öllum kjördæmum? Já, Viðreisn ætlar að bjóða fram í öllum kjördæmum. Við erum þegar með skrifstofu í Reykjavík og höfum haldið fundi þar en einnig á Akureyri og Reykjanesi. Yfir 1.300 manns hafa skráð sig í starf Viðreisnar, yfir hundrað manns hafa tekið þátt í stefnumörkun flokksins. Í nýjustu skoðanakönnun Gallup er Viðreisn komin með 3,3% fylgi án þess að vera formlega stofnuð.

### Með sína eigin nálgun

Er Viðreisn ekki bara önnur útgáfa af Sjálfstæðisflokknum? Er Viðreisn ekki bara önnur Samfylking? Borið hefur á að fólk reyni að skilgreina Viðreisn sem aðra útgáfu af eldra stjórnmálaafli. Fólk er kannski það vant gamla fjórflokknum að það hvarflar ekki að því að hér sé um raunverulega nýtt fólk, nýtt afl að ræða. Margir aðilar hafa komið að starfi flokksins, úr ýmsum áttum. Í mínum störfum hjá Viðreisn hef ég unnið með fólki sem áður studdi Sjálfstæðisflokkinn, sumir Samfylkinguna, aðrir Píratana og margir voru ópólitískir áður en Viðreisn varð til. Viðreisn er nýr stjórnmálaflokkur, óháður öðrum flokkum og með sína eigin nálgun að því hvernig best er að veita þjóðinni forystu.

Er Viðreisn bara Evrópusambandsflokkur? Nei, afstaða Viðreisnar til Evrópusambandsins er að við viljum hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort eigi að klára samningaviðræðurnar við Evrópusambandið. Við teljum flest best að viðræðunum verði lokið með góðri niðurstöðu fyrir Ísland, en það er vonandi ekki talið mjög öfgakennt að treysta þjóðinni fyrir þessu máli.

Að undanförnu hafa meira en hundrað manns, ásamt sérfræðingum á mörgum mismunandi sviðum, lagt mikla vinnu og metnað í að móta heildarstefnu í grundvallarmálum flokksins, sem mun verða birt á nýrri vefsíðu Viðreisnar á næstunni, en stefnt er að því að gengið verði frá stefnunni á fundi upp úr miðjum maí.

Nú er stefnt að kosningum í októberlok. Fyrir þessar kosningar virðast margir vera tilbúnir að prófa eitthvað nýtt, skoða aðra valmöguleika. Fyrir það fólk eru margir nýir valkostir í boði. Ég hvet fólk til að prófa sig áfram og finna það sem best hentar.



SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

# Fögnum íþróttasumrinu með nýrri árgerð, 2016-17




65" Samsung KS9005T

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV




55" Samsung KS8005T

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

ULTRA HD PREMIUM

Þetta merki er eingöngu notað fyrir vörur sem uppfylla efri mæligildi mynd- og hljóðgæða. Hátt dynamic svið (HDR), hámarks styrkleiki ljóss, svarti liturinn og breið litapalletta er þess á meðal. Einnig er merkið staðfesting á betri hljómgæðum. Framfarir í upplausn, skerpu, birtu, lit og hljóði hafa verið hraðar, en með þessu merki ættu flestir að sjá hvar mestu gæðin eru.




55" Samsung KS7005

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |


KRÓNAN
Bláber
-30%
Ferskt alla daga
315 kr. pk.
Verð áður 360 kr. pk.
Kirsuberjatómatar 250g, Ísland
899 kr. pk.
Verð áður 1298 kr. pk.
Bláber í öskju 500g, Marokkó
TILBOÐIN GILDA TIL 29. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Jamie Oliver
15% afsláttur
af völdum vörum!
Jamie Oliver Tagliatelle NESTS
RIBBONS OF LOVELY PASTA MADE WITH ALL-ITALIAN INGREDIENTS
MADE IN ITALY
319 kr. pk.
Verð áður 379 kr. pk.
Tagliatelle
Jamie Oliver TOMATO & CHILLI PASTA SAUCE
Jamie Oliver TOMATO & BASIL PASTA SAUCE
Jamie Oliver CHILLI & GARLIC PESTO
Jamie Oliver GREEN PESTO
319 kr. stk.
Verð áður 379 kr. stk.
Pestó grænt eða með chili & hvítlauk.
Pastasósa með tómat og basil-, chili- og hvítlauk.
Jamie Oliver KEEP IT SIMPLE
PENNE
dried pasta made with extra texture to hold more sauce
Jamie Oliver KEEP IT SIMPLE
FUSILLI
bronze die for extra texture
209 kr. pk.
Verð áður 249 kr. pk.
Penne og Fusilli pasta
TILBOÐIN GILDA TIL 29. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN







**1499 kr. pk.**

2x hamborgari og brauð.
Ostur, krydd og sósa fylgir líka með.

ÍSLENSKA
HAMB ORGARA FABRIK KAN
2010

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
629 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**2199 kr. kg.**

Beibíbakk grísarif
Fabrikkunnar




**389 kr. stk.**

Fabrikkusósan og Barbíkjúsósa
Fabrikkunnar 300ml.



**499 kr. pk.**

Rösti kartöflur 6 stk.



**949 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



**649 kr. pk.**

Grillbakki maískólfar 4 stk.




TILBOÐIN GILDA TIL 29. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Skrýtin svör og starfsaðferðir Landverndar



**Hans Kristjánsson**
ferðamálafræðingur, náttúruverndarsinni og einn eigandi Fannborgar

Fannborg ehf., sem sér um rekstur hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum, hefur síðustu 15 ár lagt bæði fé og vinnustundir í að hreinsa og fegra það umhverfi sem það starfar í. Fyrirtækið hefur haft forgöngu um hreinsun Kjalvegar og nágrennis. Það hefur tekið til í fjallgarðinum eftir útgerð Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum og nú er svo komið að svæðið, eftir áralöng verkefni í þá veru, er hreint og fallegt og ferðamönnum til yndisauka. Rannsóknir meðal ferðamanna á svæðinu staðfesta það. Fyrirtækið Fannborg er um 90% sjálfbært með rafmagn og vatn. Fyrirtækið flokkar sorp og flytur að sorpstöð á Flúðum. Fannborg er komið langt með að uppfylla skilyrði Hvíta svansins (vistvæn vottun) í rekstri. Fannborg hefur lagt rafmagnsstreng frá vatnsaflsvirkjun sinni í jörðu þannig að sjónmengun er engin.

Þannig hefur þetta fyrirtæki ekki aðeins sett náttúru hálendisins í forgang heldur fylgt lögum og reglum um uppbyggingu á svæðinu. Gengist undir aðal-, lands- og svæðisskipulag Hrunamannahrepps og undir öll þau ákvæði sem gilda um rekstur fyrirtækja á hálendi Íslands. Til alls þessa verður því að horfa og þannig hefur þetta fyrirtæki vissa sérstöðu hvað varðar rekstur ferðaþjónustu á hálendinu.

Allur rekstur þarf að geta þróast og þroskast út frá kröfum viðskiptavina og af þeim sökum hefur Fannborg hafið framkvæmdir í Kerlingarfjöllum sem lýst er í grein sem birtist á visir.is 26. apríl síðastliðinn. Inntak þeirrar greinar er óánægja Hrunamannahrepps með viðbrögð Landverndar við uppbyggingunni í Kerlingarfjöllum og skyldi engan undra athugasemdir hreppsins.

Mér er fullljóst að réttur Landverndar til að kæra fyrirhugaða uppbyggingu er fyrir hendi. En hvað er Landvernd að kæra? Var málið aldrei skoðað í ljósi þeirra staðreynda sem hér að framan hefur verið lýst? Hafa forráðamenn Fannborgar nauðgað landinu í Kerlingarfjöllum á einhvern hátt og stendur eitthvað slíkt til? Nei, alls ekki, enda yfirlýst stefna fyrirtækisins, sem það hefur sýnt í verki síðustu 15 ár, að ganga vel um landið og horfa ríkulega til sjálfbærni í rekstri. Hvað er þá Landvernd, með Snorra Baldursson í forsvari, að kæra?

Svör Formanns Landverndar við athugasemdum Hrunamannahrepps dæma sig sjálf. Að beita orðum eins og „bjánalegt“ og að þeir í Landvernd verði að nota þau úrræði sem þeir hafa eru rök sem halda engan veginn. Hefði ekki verið farsælla fyrir málstað Landverndar að skoða málið og forsögu þess betur og ganga í lið með þessu ágæta fyrirtæki, Fannborg. Má velta því fyrir sér hvort starfsaðferðir Landverndar séu ekki barn síns tíma. Hefði ekki verið, bæði gáfulegra og árangursríkara að Landvernd hefði kynnt sér sögu Fannborgar, nýtt sér sérstöðu þess til að marka áherslur og framtíðarsýn um uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendi Íslands. Eða er það yfirlýst stefna Landverndar að ferðaþjónusta á hálendinu sé tímaskekkja?

**Náttúran er fjöregg fyrirtækisins**

Fannborg á allt undir þeirri auðlind sem samanstendur af því stórbrotna landslagi og þeirri margbrotnu náttúru sem fyrirtækið starfar í. Náttúran er fjöregg þess og það er því skýr og klár vilji allra eigenda Fannborgar að standa vörð um hana. Annað væri glapræði. Nú horfir í að Kerlingarfjöll verði gerð að friðlandi og jafnvel eftir nokkur ár að þjóðgarði. Að sjálfsögðu styður Fannborg og eigendur fyrirtækisins slík áform. Hvað varðar friðland þá hefur Fannborg m.a. lagt til að svæðið verði stækkað frá upprunalegum áætlunum.

Hálendi Íslands er oft kallað auðlind. Ég er þeirrar skoðunar að hálendi Íslands geti aldrei kallast auðlind nema það sé nýtt á einhvern hátt. Fannborg nýtir þessa umræddu auðlind og þjónustar ferðamenn sem vilja skoða og upplifa baráttu elds og íss á svæðinu. Guðmundur frá Miðdal hóf ferðir upp í Kerlingarfjöll um 1934 og nýtti sér svæðið til útivistar og kennslu í fjallamennsku. Hann lýsti fjöllunum á þann veg að „Kerlingarfjöll eru fegurst líparítfjalla á Íslandi. Tindar þeirra væru svo margbreytilegir að þeir minna á austurlensk hof“. Leyfum öllum tegundum ferðamanna að upplifa þessa fegurð hvort sem þeir eru svokallaðir náttúrusinnar eða kallast þjónustusinnar. Leggjum ekki stein í götu fyrirtækis sem hefur sýnt það á undanförnum árum að það ber mikla virðingu fyrir náttúru landsins. Fyrirtækis sem starfar í anda náttúruverndar og hefur sýnt gott fordæmi í uppbyggingu á svæðinu öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum á hálendi Íslands til eftirbreytni.

**Hálendi Íslands er oft kallað auðlind. Ég er þeirrar skoðunar að hálendi Íslands geti aldrei kallast auðlind nema það sé nýtt á einhvern hátt.**

# Má bjóða þér eiturefni með jarðarberjabragði?



**Lára G. Sigurðardóttir**
læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélags Íslands

Finnst okkur í lagi að dreifa neysluvöru sem víðast, ef hún inniheldur minna magn af eiturefnum en sú sem styttir líf um helming neytenda? Það er enginn að tala um að banna rafrettur fyrir reykingamenn en það er full ástæða til að lög og reglugerðir verndi börnin okkar gagnvart rafrettum, líkt og nágrannaþjóðir eru nú að gera (1, 2). Skoðum nokkrar varasamar fullyrðingar sem heyrst hafa um rafrettur.

1. „Rafrettur eru skaðlausar“ Enn er ekki hægt að fullyrða um skaðsemi rafretta því langtímaáhrif á heilsu eru ekki þekkt (3). Það mun taka áratugi til viðbótar þar til hægt verður að álykta afdráttarlaust um skaðsemi rafretta. Þó er það svo að flestir sérfræðingar eru sammála um að þær séu skaðminni en sígarettur.
2. „Rafrettan mun leysa sígarettuna af hólmi“ Góðum árangri í tóbaksforvörnum var náð áður en farið var að selja rafrettur hérlendis. Auk þess hefur verið sýnt fram á að meira en 90% þeirra sem reyna að hætta sígarettureykingum með því að skipta yfir í rafrettur byrja aftur að reykja (4). Það er svipaður árangur og með nikótínplástrum.
3. „Bragðefnin í rafrettum eru saklaus“ Rannsóknir sýna að rafrettuvökvi inniheldur í flestum tilfellum skaðleg efni og þar með talin krabbameinsvaldandi efni, sem geta valdið skemmdum á erfðaefni fruma (5, 6, 7, 8).
4. „Unglingar byrja ekki að nota rafrettur“ Tíðni rafrettureykinga hefur aukist meðal unglinga auk þess sem sýnt hefur verið fram á að þeir unglingar sem nota rafrettur eru líklegri til að leiðast út í sígarettureykingar (9, 10, 11, 12). Tóbaksfyrirtækin eru nú að yfirtaka rafrettuiðnaðinn (13) og beina agni sínu að börnum og unglingum sem eru því miður oft auðveld bráð nikótínfíknar (14). Fjárhæðir sem settar eru í auglýsingar hafa hátt í tuttugufaldast á þremur árum (15) og tóbaksrisinn hefur hvorki gefið út yfirlýsingu um að markmiðið sé að útrýma tóbaksreykingum né nikótínfíkn (16).
5. „Rafrettuvökvinn er ekki slysagildra“ Ungum börnum stafar bráð hætta af nikótínvökvum sem gjarnan eru seldir í sælgætisbúningi. Eitrunarútköll af völdum nikótíns í rafrettuvökva fimmtíufölduðust í Bandaríkjunum á fjórum árum (17). Lífshættulegum eitrunum meðal barna hefur verið lýst og tíu mánaða gamalt barn var hætt komið eftir að hafa drukkið nikótínvökva (18). Ef barn drekkur nikótínvökva getur það valdið öndunarstoppi og dauða.
6. „Nikótín er saklaust“ Nikótín er sterkt ávanabindandi eiturefni og er flokkað sem slíkt hjá Umhverfisstofnun (19). Góð samantekt um skaðsemi nikótíns er að finna í riti bandaríska landlæknisembættisins (20). Tökum dæmi: Ef móðir neytir nikótíns í einhverju formi á meðgöngu getur heili barnsins orðið fyrir varanlegri þroskaskerðingu ásamt því að nikótínið eykur líkur á fyrirburafæðingu og andvana fæðingum. Einnig eru vísbendingar um að unglingar sem neyta nikótíns geti orðið fyrir skaðlegum áhrifum á heila (21, 22).
7. „Þeir sem anda að sér óbeinum rafrettureyk eru í engri hættu“ Skaðsemi óbeinna sígarettureykinga var staðfest mörgum áratugum eftir að vitað var um skaðsemi beinna reykinga. Rannsóknir sýna að skaðleg efni í rafrettureyk greinast í umhverfi þeirra sem reykja rafrettur (23, 24). Fleiri rannsóknir eru nauðsynlegar áður en hægt verður að álykta um áhrif óbeinna rafrettureykinga.

Þó svo að það sé betra fyrir sígarettureykingamann að skipta yfir í rafrettur jafngildir það ekki að það sé í lagi fyrir börnin okkar að byrja að fikta við þær. Viljum við bjóða áfram upp á eiturefni með jarðarberjabragði í sælgætisverslunum, einungis til að þóknast reykingamönnum, eða ætlum við að vernda börnin okkar fyrir þessari „nútíma tískuvöru“?

Getur verið réttmæt ástæða fyrir því að 17 læknar og sérfræðingar í tóbaksforvörnum hafa gefið út sameiginlega yfirlýsingu (25) um að vera á varðbergi gagnvart rafrettum?

**visir.is** Tilvísanir eru í lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# Forsetakosningar



**Hannes Bjarnason**
fv. forsetaframbjóðandi



Þann 23. mars síðastliðinn ritaði Össur Skarphéðinsson grein í Fréttablaðið þar sem hann fjallar m.a. um þær breytingar sem hafa orðið á forsetaembættinu í tíð Ólafs Ragnars Grímssonar. Þá fjallar Össur um mögulegar breytingar á embættinu verði tillögur Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá að veruleika.

**Svigrúm forseta**

Það er klárt að gildandi stjórnarskrá veitir sitjandi forseta á hverjum tíma töluvert svigrúm, einnig til að sinna sínum hjartans málum. Til að mynda þá valdi Vigdís Finnbogadóttir að beita kröftum sínum í þágu íslenskrar tungu og skógræktar. Ólafur Ragnar hefur aftur á móti lagt mikla vinnu í málefni norðurslóða og jarðhitamál á alþjóðavísu.

Með því hefur Ólafur Ragnar sannarlega fært alþjóðamál inn fyrir verkahring embættisins eins og Össur bendir á. Það að forseti beri sín hjartans mál á alþjóðleg torg er þó ekki vandkvæðalaust. Ekki síst ef forseti talar utanríkisstefnu sitjandi ríkisstjórnar í mót. Um þetta var töluvert rætt í aðdraganda forsetakosninganna 2012. Fengu frambjóðendur þá iðulega spurningar um hvort þeim þætti eðlilegt að reka eigin utanríkisstefnu eða fylgja utanríkisstefnu ráðandi ríkisstjórnar.

Að því sögðu þá er það val sitjandi forseta á hverjum tíma hvort og þá í hvaða mæli hann sækist eftir því að reka sína mál á alþjóðavísu. Velji forseti einmitt það þá verður viðkomandi sannarlega að geta fótað sig í alþjóðlegu umhverfi og lagt fram mál sín á trúverðugan hátt, að hafa málefnalega burði eins og Össur orðar það.

Nýr forseti verður að sjálfsögðu að geta staðið sína vakt í samskiptum við þjóðir og gætt hagsmuna Íslands. Hæfileikar til rökræðna byggja að miklu leyti á hæfileikum til að hlusta á viðmælendur og nýta þeirra orð áfram í eigin málatilbúning. Án efa er þetta eiginleiki sem góður stjórnmálamaður býr að en er þó ekki eingöngu bundinn þeirri stétt. Þar af leiðir að sú mynd sem Össur dregur upp, að nýr forseti ætti að hafa pólitískan bakgrunn, þykir mér lítt raunhæf. Reynsla úr utanríkispólitík hlýtur jú alltaf að vera til bóta. Þó tel ég hæfileikann meiri að skilja mannlegt eðli og pólitísk ferli ásamt því að hafa skilning á mismunandi menningu ríkja. Það er haldgóður eiginleiki nýs forseta.

**Reynsla úr utanríkispólitík hlýtur jú alltaf að vera til bóta. Þó tel ég hæfileikann meiri að skilja mannlegt eðli og pólitísk ferli ásamt því að hafa skilning á mismunandi menningu ríkja. Það er haldgóður eiginleiki nýs forseta.**

**Málskotsréttur og óvirkjaðar greinar gildandi stjórnarskrár**

Á málskotsréttinum eru tvær hliðar. Það að beita því valdi sem gefið er getur verið jafngilt þeirri ákvörðun að beita því ekki. Samanber ákvörðun Vigdísar Finnbogadóttur um að staðfesta lög um Evrópska efnahagssvæðið í stað þess að leggja það í dóm þjóðarinnar.

Þó Ólafur Ragnar hafi virkjað málskotsréttinn í 26. grein stjórnarskrárinnar þá hefur hann ekki beitt öðrum greinum stjórnarskrárinnar sem gætu haft umtalsverð áhrif á stjórnskipun landsins. Þar má nefna 25. grein, að leggja fram fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta. Sama á við um 28. grein, að gefa út bráðabirgðalög. Munum að áður en Ólafur Ragnar virkjaði málskotsréttinn þá þótti hann „dautt ákvæði“ í stjórnarskránni. Það segir okkur að nýr forseti gæti nýtt ákvæði í 26. og 28. grein ef svo bæri undir. Ættu frambjóðendur að gera grein fyrir sýn sinni á þessi ákvæði.

**Tillögur Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá**

Ef við gefum okkur að ný stjórnarskrá verði að veruleika og í meginatriðum eins og tillögur Stjórnlagaráðs gera ráð fyrir, má færa rök fyrir því að um umtalsverðar breytingar á grundvelli stjórnskipunar sé að ræða. Össur rekur breytingar á hlutverki forseta varðandi tilnefningu á forsætisráðherra, þar sem forseti skal ráðfæra sig við þingflokka og þingmenn varðandi tilnefningu og síðan bera undir þingið sem kýs um tillöguna.

Þó þessi nýmæli séu í tillögum Stjórnlagaráðs þá hlýtur það að vera fremur ólíklegt að forseti leggi fram tillögu um forsætisráðherra á þingi án þess að nokkuð öruggt sé að viðkomandi hljóti ríkan stuðning. Væntanlega hefur forseti gert sér svo glögga mynd af stöðu mála gegnum viðtöl við þingflokka og þingmenn.

Í dag hefur forseti gott svigrúm til stjórnarmyndunar samkvæmt gildandi stjórnarskrá. Það mundi ekki breytast mikið að mínu mati þó að nýjar tillögur Stjórnlagaráðs næðu fram að ganga. Því að í brothættu umhverfi þar sem annaðhvort eru til staðar fleiri möguleikar á stjórnarmeirihluta eða þá vöntun á slíku hljóta kröfur til forseta alltaf að vera miklar. Mannlegt innsæi, hæfileikar til málamiðlunar, ríkir leiðtogahæfileikar hljóta þá að vera aðkallandi. Þeir eiginleikar eru jafn mikilvægir í fari forseta nú og í framtíðinni.

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS




NÝTT - PALET MATARSTELL

# 20–60% AFSLÁTTUR
## AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM

GILDIR 26. MAÍ - 1. JÚNÍ

**ARBOIS SÓFI**
ÁÐUR 99.900,- NÚ 79.920,-
Stærð: 121.5x69xH95 cm.
20% AFSLÁTTUR

**ESSENCE HLIÐARBORÐ**
ÁÐUR 39.900,- NÚ 25.935,-
Stærð: 87.5x38xH80 cm.
35% AFSLÁTTUR

**ADELINE NÁTTBORÐ**
ÁÐUR 39.900,- NÚ 15.000,-
Stærð: 50x43xH68 cm.
60% AFSLÁTTUR

**MOSELLE GLERSKÁPUR**
ÁÐUR 39.900,- NÚ 27.930,-
Stærð: 47x39xH160 cm.
30% AFSLÁTTUR

**HAMPSHIRE NÁTTBORÐ**
ÁÐUR 15.990,-
NÚ 11.193,-
Stærð: 41x36xH46.5 cm.
30% AFSLÁTTUR

**JUNEAU LOVE SEAT**
ÁÐUR 79.900,- NÚ 55.930,-
Stærð: 107x70xH75 cm.
30% AFSLÁTTUR

**CHEMILLY SÓFABORÐ**
ÁÐUR 99.900,-
NÚ 59.940,-
Stærð: 135x75xH45 cm.
40% AFSLÁTTUR

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Erum á Facebook • www.pier.is

# Eftirlaunaaldur, atvinnuleysi, sóun og arðrán



Einar Ólafsson
rithöfundur

Nú liggja fyrir hugmyndir um hækkun eftirlaunaaldurs til sjötíu ára. Hugmyndir í þá veru eru uppi víða á Vesturlöndum. Rökin eru að ævi fólks lengist og þar með sá tími sem fólk nýtur eftirlauna. Og ungu fólki fækkar hlutfallslega þannig að stöðugt færri vinnandi hendur standa undir kostnaði við eftirlaun.

Þetta er vissulega gild rök svo langt sem þau ná. En það er full ástæða til að gá að fleiri þáttum en þeim sem snúa bara að mannfjöldaspám. Margt fleira er að breytast en hlutföll aldurshópa. Lítum á nokkur atriði.

Tækniþróun er ör, hefur verið það lengi en heldur áfram með stöðugri þróun tölvutækni og þar með sjálfvirkni. Þetta verður að vega á móti fækkun ungra vinnandi handa. Og vinnandi höndum fækkar reyndar ekki bara vegna þess að ungu fólki fækkar heldur líka af því að þeim fækkar sem fá vinnu. Vegna síaukinnar afkastagetu í hinni tæknivæddu framleiðslu minnkar stöðugt þörfin fyrir vinnandi hendur. Þetta kemur fram í viðvarandi atvinnuleysi í flestum þróuðum löndum. Í löndum Evrópusambandsins mældist atvinnuleysi í janúar 2016 8,9% að meðaltali en 19,7% hjá fólki undir 25 ára og hefur verið yfir 15% öll árin frá aldamótum. Þótt atvinnuleysi hafi alla jafna verið talsvert minna hér er hæpið að stóla á að þannig verði um ókomna tíð.

Önnur breyting er sú að framleiðsla og neysla á Vesturlöndum er í rauninni komin langt fram úr þörfunum. Við þekkjum umræðuna um matarsóun og sama á við um fjölmargar aðrar vörur svo sem fatnað, húsgögn og alls konar tól og tæki. Þetta er ekki bara efnahagslegt vandamál heldur líka umhverfislegt. Af þeim sökum er að því komið að reynt verði að sporna við þessari þróun og takmarka neyslu og sóun og þar með framleiðslu.

**Endurskoðun nauðsynleg**

Atvinnusköpun felst þá fyrst og fremst í alls kyns þjónustu sem er meira og minna þarflaus og gagnslaus og skapar ekkert annað en vinnu og hreyfingu fjármagns frá einni vinnandi hendi til annarrar. Það væri þá kannski nær að þeir sem hafa verið lengi í vinnumarkaði rými fyrir hinum yngri og það fjármagn sem fer í atvinnuleysisbætur fari í staðinn til greiðslu eftirlauna.

Þriðja breytingin er sú að arðrán og ójöfnuður fer sívaxandi. Æ stærri hluti af þjóðartekjum flestra landa fer í sjóði æ færri auðkýfinga sem hafa lag á að koma miklum hluta tekna sinna undan skattheimtunni þannig að þær nýtast ekki í hinni sameiginlegu velferðarþjónustu, þar á meðal til að greiða lífeyri og þjónustu við aldraða. Ef þetta fé yrði sótt mætti nýta hluta þess til að greiða eftirlaun í stað þess að láta fólk vinna lengur í þessu arðránskerfi.

Eftirlaunaaldur ætti að skoða í þessu samhengi og í samhengi við vinnutímann almennt og hugmyndir um styttingu hans. Ef fyrirsjáanlegt er að eftirlaunakerfið eins og það er nú geti ekki staðið undir núverandi eftirlaunaaldri þarf að endurskoða það. Og svo er sjálfsagt að líta til einhverra útfærslna á sveigjanlegum starfslokum, enda eru óskir og þarfir fólks misjafnar.

**Ef þetta fé yrði sótt mætti nýta hluta þess til að greiða eftirlaun í stað þess að láta fólk vinna lengur í þessu arðránskerfi.**

# Má ég ekki bara segja mína skoðun!?



Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
hjúkrunarfræðingur

Já, það getur vel verið að þér líði ekkert vel með þetta en má ég ekki segja mína skoðun!?“

Einmitt svona enduðu oft rökræður okkar hjónanna hér einu sinni. Við vorum alls ekki alltaf sammála og þegar börnin voru yngri vorum við stundum ósammála um uppeldisaðferðir; það var ekki gott. Það leiddi til þess að börnin fengu misvísandi skilaboð og vakti auk þess með þeim óöryggi. Þau urðu jafnvel ringluð vegna þess að ég sagði eitt, pabbi þeirra allt annað og hver hafði þá eiginlega rétt fyrir sér? Eftir hverju áttu þau að fara? Oft endaði það með því að þau gerðu hvorugt og fóru bara sína leið; tóku afstöðu með sjálfum sér og reyndu að áætla hvað best væri að gera út frá öllu sem okkur hafði þó lánast að kenna þeim.

Sem betur fer tókst okkur hjónunum að finna sameiginlegan grunn til að standa á. Koma auga á þau gildi sem við viljum standa fyrir og fylgja þeim eftir í samskiptum okkar við hvort annað, við börnin okkar og við alla aðra. Það tók í rauninni ekkert sérstaklega á; snerist aðeins um að breyta um samskiptamáta. Í stað þess að segja „ég ætla“, þá sögðum við „eigum við að …?“ Og þannig tölum við saman; með því að eiga í samskiptum sem hafa þann tilgang að finna niðurstöðu sem við getum verið sammála um.

Undanfarnar vikur hafa brotist fram umræður í samfélaginu, á samfélagsmiðlum og einnig í samskiptum milli manna, sem kalla fram sterkar skoðanir hvers og eins. Snerta jafnvel viðkvæma strengi í hugskotinu, vekja upp átakanlega reynslu og tilfinningar sem við héldum að við hefðum grafið niður um leið og sáru minningarnar. En lífsreynslan gerir okkur að því sem við erum og mótar viðhorf okkar. Við vitum sjaldnast hvað augu annarra hafa séð, hvað eyrun hafa heyrt eða hvað hjarta þeirra hefur liðið. Ekki frekar en aðrir vita hvaða reynsla býr innra með okkur.

Það er auðveldara að hneykslast á eða dæma aðra fyrir skoðanir sínar heldur en að skoða sjálfan sig að innan og viðurkenna hver við erum í þessum veruleika sem við búum í. En ávinningurinn að því er mikill.

Eftir því sem árunum fjölgar sem ég og eiginmaðurinn eigum saman, því betur lærum við inn á hvort annað og því betur kunnum við að meta þegar við erum ósammála. Við rökræðum og erum gagnrýnin hvort á annað en einhvers staðar á samferð okkar saman ákváðum við að bera alltaf virðingu fyrir viðhorfum okkar – sem oft stangast á. Samskiptin spegla skoðanir okkar og við komumst jafnvel að því að við höfum allt önnur viðhorf heldur en við héldum áður en við byrjuðum að tala saman.

Ég óska þess að við munum alltaf geta átt í þannig samskiptum, sem leiða af sér aukna sjálfsþekkingu okkar beggja og styrkja tengslin milli okkar.

Eins óska ég þess að okkur, sem búum saman í þessu litla og umvefjandi en um leið stóra og fráhrindandi samfélagi, lánist að hlusta hvert á annað með hjartanu.

# Þjófaþjóðfélagið



Guðjón Jensson
bókasafnsfræðingur

Einhvern tíma á síðustu öld var einn af virtustu prestum í Reykjavík að jarðsyngja þjóf. Á viðeigandi stað í útfararræðunni vék presturinn að ævistarfi þess látna á nokkurn sérstæðan hátt:

„Þegar aðrir sváfu, var hinn framliðni ævinlega vinnusamur og einstaklega áhugasamur um að varðveita eigur manna og sýndi alúð við starf sitt. Hann var sístarfandi og umhirðusamur, það sem aðrir þjóðfélagsþegnar söknuðu fannst iðulega hjá honum.“

Ekki fer nánari sögum hvaða mælski prestur hafi átt þarna hlut að máli. Líkindi eru til að það hafi annaðhvort verið dómkirkjupresturinn séra Bjarni Jónsson eða séra Jakob Jónsson. Báðir þóttu þessir prestar vera miklir ræðuskörungar.

Mér dettur einhvern veginn í hug þessi ummæli prestsins um þjófinn þegar fréttir berast af gríðarlegum fjárhæðum erlendis sem farið hafa um hendur nokkurra hundraða Íslendinga og hafa komið við sögu aflandsfélaga í skattaskjólum. Margt af þessu fólki komst alltaf undan með þessar gríðarlegu eignir sem það hafði af fólki sem freistaðist til að fjárfesta í hlutabréfum með sparnaði sínum.

Það er með ólíkindum að nokkur maður hafi komist yfir annan eins auð með heiðarlegri launavinnu.

En hvernig fóru þessir athafnamenn að?

Formúlan var e.t.v. tiltölulega einföld:

Stofnuð voru nokkur hlutafélög sem seldu hvert öðru eignir á uppsprengdu verði. Eitt eða tvö hlutafélög voru síðan skilin eftir munaðarlaus og allar skuldir skildar eftir þar. Þessi fyrirtæki voru því mjög skuldsett eftir að öllum eignum var komið undan til huldufélaga sem enginn mátti vita af.

**Átu fyrirtækin að innan**

Sum þessara fyrirtækja voru hlutafélög sem lífeyrissjóðir og sparifjáreigendur áttu að miklu leyti en þeim var meira og minna stjórnað af fjárglæframönnum sem fyrst og fremst stjórnuðu þeim með eigin hagsmuni í huga. Þessir aðilar bókstaflega „átu“ fyrirtækin að innan og skildu allt eftir í rjúkandi rústum. Þeir eiga sína fulltrúa í æðstu stjórn íslenska ríkisins, í ríkisstjórn og stjórnkerfinu. Með tiltölulega einföldum rökum má jafnvel benda á að núverandi forseti íslenska lýðveldisins sé „verndari“ þessarar spillingarhjarðar.

Hann telur sig vera nokkurs konar „öryggisventil“ samfélagsins hvernig svo sem hann leggur sinn eigin skilning í það hugtak. En einkennilegt er að þessi sami „öryggisventill“ virðist ekki virka nema stundum. Þannig virkaði hann mjög vel í svonefndu Icesave-máli sem fyrrverandi forsætisráðherra blés upp í þjóðrembustíl. Þá var dregin athygli landsmanna frá sukkinu í rekstri Kaupþings banka. Auk þess var grafið mjög hratt undan trausti ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. „Öryggisventillinn“ var hins vegar óvirkur þegar tugir þúsunda landsmanna vildu að útgerðin greiddi eðlilega fyrir afnot sín af náttúruauðlindum þjóðarinnar. Og hvað með merkasta starf í sögu þjóðarinnar, að setja landsmönnum nýja stjórnarskrá? „Öryggisventillinn“ lagðist á sveifina með auðmönnunum og gerði lítið úr. Gamla úrelta stjórnarskráin var talin af ýmsum íhaldssálum vera fullgóð! Og heldur má ekki ræða um nánari samvinnu við Evrópusambandið til að efla mannréttindi og lýðræði í okkar landi!

Auðmennirnir vilja hafa tvöfaldan gjaldmiðil: Erlenda reikninga á stöðugu gengi fyrir sig en venjulegt fólk á að sætta sig við krónuna sem hægt er að gengisfella með einu pennastriki!

Launakjör, lýðræði og mannréttindi eru höfð á eins lágu stigi og kemur auðmönnum Íslands að gagni. Þessu verðum við breyta!

Hugum að því í næstu forsetakosningum!

**Auðmennirnir vilja hafa tvöfaldan gjaldmiðil: Erlenda reikninga á stöðugu gengi fyrir sig en venjulegt fólk á að sætta sig við krónuna sem hægt er að gengisfella með einu pennastriki!**



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
26. MAÍ 2016 FIMMTUDAGUR

# BENECTA SPORT BÆTIR ÚTHALD OG ÁRANGUR HJÁ SÖNDRU HRÖNN

**Vistor hf. kynnir** Benecta Sport er nýtt íslenskt fæðubótarefni sem unnið er úr rækjuskel og er sérþróað fyrir íþróttafólk. Benecta Sport stuðlar að viðgerð og uppbyggingu í vöðvum og gerir þá hæfari í næstu átök.

Sandra Hrönn, CrossFit-þjálfari í Sporthúsinu, hefur tekið Benecta Sport frá því í byrjun árs 2016. Hún æfir fimm sinnum í viku og yfirleitt tvisvar á dag. „Ég tek alltaf 2 hylki fyrir erfiðari æfinguna og svo eitt á hvíldardögum,“ segir hún. „Benecta Sport hefur nýst mér mjög vel. Ég finn fyrir hraðari endurheimt sem gerir mér kleift að æfa af meiri ákefð. Þetta hefur einnig hjálpað mér að takast á við beinhimnubólgu,“ segir Sandra Hrönn CrossFit-þjálfari.

### Hvað er Benecta Sport?

Benecta Sport™ er fæðubótarefni sem er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar. Jafnframt styður Benecta Sport™ við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum, hjálpar til við bólguúrvinnslu og flýtir fyrir endurheimt eftir æfingar.

### Inntaka á Benecta Sport 30-60 mínútum fyrir æfingar

- Getur hámarkað afköst og dregið úr álagi.
- Getur flýtt fyrir árangri.
- Styður við uppbyggingu vefja.
- Flýtir endurheimt í vöðvum.
- Auðveldar sprengikraftsæfingar.

### Benecta Sport

- Hjálpar vöðvum að nýta fitusýrur í stað glúkósa við æfingar.
- Dregur úr mjólkursýrumyndun og kemur í veg fyrir að gengið sé of hratt á glýkógenbirgðir vöðvanna.
- Getur gagnast íþróttamönnum á hvíldardögum því það styrkir bandvefi og getur dregið úr bólgum eftir álag og meiðsli.
- Er ætlað fullorðnum, 18 ára og eldri.

### Hvernig virkar Benecta Sport?

Benecta Sport inniheldur sykrunga (kítínfásykrur) sem unnir eru úr rækjuskel. Þessir sykrungar bindast bólguróteinum sem myndast við vöðvaáreynslu og stuðla að viðgerð og endurheimt í vöðvum og gera þá hæfari í næstu átök.

### Notkun Benecta Sport

**Skammtar:** Taka skal 1-2 hylki 30-60 mínútum fyrir æfingu. Ekki skal taka meira en 2 hylki daglega því of stór skammtur getur dregið úr virkni.

### Rannsóknir og þróunarvinna

Benecta Sport™ er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Genís. Þróun Benecta Sport™ hefur staðið yfir undanfarinn áratug í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn.

> Benecta Sport er fæðubótarefni sem er sérþróað fyrir íþróttafólk með það að markmiði að stuðla að auknu úthaldi við æfingar.

### Upplýsingar um innihaldsefni

Hvert hylki inniheldur 300 mg af kítínfásykrum sem unnar eru úr rækjuskel. Kítínfásykrublandan er einkaleyfisvarin. Engin aukaefni eru í Benecta Sport. Benecta er ekki ætlað þunguðum konum eða einstaklingum með skelfiskofnæmi.

**Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Heilsuveri og Perform.is**
**www.facebook.com/benectasport**
**www.vistor.is/is/lausasala/lausasala_list/Heilsuvorur1/Benecta.ecp**



Sandra Hrönn finnur fyrir bættum árangri.




Bólga er náttúrulegur og nauðsynlegur fylgikvilli vefjaskaða. Þegar bólgan hefur unnið sína vinnu tekur við annað ferli sem er kallað bólguúrvinnsla (Resolution). Þetta ferli stýrir niðurlotum bólgu og styður við vefjanýmyndun.




**Benecta Sport getur hámarkað árangur**




Veglegt sérblað um

**Vörubíla og vinnuvélar**

Stórt sérblað um vörubíla og vinnuvélar fylgir Fréttablaðinu þann **31. maí**

Blaðið verður stútfullt af skemmtilegu efni.
Hægt er að kaupa bæði auglýsingar og kynningar.

**Fyrir auglýsingapláss hafið samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími/Tel: +354 512-5429
jonivar@365.is







Efri röð frá vinstri: Birna, Svanborg, Katrín, Kamilla. Neðri röð frá vinstri: Vala, Salóme, Lovísa, Telma.

# SAMEINAR ÓLÍKA UMFJÖLLUN UM FÖRÐUN

Förðunarbloggsíðan **Kalon.is** var opnuð fyrr í vikunni en að baki henni standa níu ungar konur sem eiga það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á förðun og snyrtivörum ásamt því að vera áberandi á samfélagsmiðlum. Átta þeirra blogga en sú níunda, Heiða Dröfn Antonsdóttir, sér um vefhönnun, viðhald og útlit síðunnar.

„Hugmyndin kviknaði hjá Heiðu Dröfn og Telmu Ólafsdóttur sem höfðu samband við okkur hinar," segir Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir, einn bloggaranna. „Við komum allar úr ólíkum áttum, nálgumst efnið á ólíkan hátt en út frá því fannst okkur tilvalið að sameina krafta okkar undir einum hatti. Við vissum allar hver af annarri en þekktumst ekki í raun. Einhverjar höfðu spjallað um áhugamálið í gegnum samfélagsmiðla en í kringum stofnun síðunnar hefur myndast vinskapur sem gerir samstarfið enn skemmtilegra. Við skiptumst á skoðunum og deilum ráðum í vinsemd og virðingu og erum allar sammála um að styrkur samstarfsins sé að við erum hreinskilnar hver við aðra," útskýrir Lovísa. Hún segir bloggsíðuna fyrst og fremst vettvang sem sameinar ólíka umfjöllun um förðun og snyrtivörur. „Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

En hvaðan kemur nafnið? „Okkur langaði að finna nafn sem stæði sjálfstætt. Eitthvað sem lesendur okkar myndu ekki tengja við neitt annað og væri jafnframt stutt og laggott en að sama skapi auðvelt að bera fram og skrifa. Eftir að hafa velt á milli okkar nokkrum misgáfulegum hugmyndum rákumst við á orðið kalon. Það kemur úr forngrísku og þýðir á ensku „Beauty that is more than skin deep." Fegurð er fjölbreytileg og við urðum strax hrifnar af merkingunni."

Lovísa segir hvern og einn bloggara hafa sína sérstöðu en allar eiga það sameiginlegt að fylgjast með nýjum förðunarstraumum og -stefnum ásamt því að vera iðnar við að prófa nýja hluti. Spurð út í ríkjandi strauma og stefnur fyrir sumarið segir Lovísa margt skemmtilegt að gerast: „Litir eru áberandi og þá sérstaklega svokallað „touch of colour" þar sem förðunin er náttúruleg með einu smáatriði sem dregur augað að. Má til dæmis nefna punkta sem koma sterkir inn en þá er til dæmis teiknaður punktur undir hvort auga. Að sama skapi hefur litaður eyeliner verið áberandi á tískupöllunum og þá sérstaklega blái liturinn. Sömuleiðis rauðir varalitir í svokölluðum „Candy Apple" tón við annars látlausa förðun og hár."

Húðin á að sögn Lovísu enn að vera flekklaus líkt og hefur verið að undanförnu en mýkri þar sem sólarpúður kemur í stað ýktari skygginga.

Lovísa segir sumrin einfaldlega bjóða upp á léttari förðun þar sem áhersla er á ferskleika, freknur og gleði. „Við hjá Kalon leggjum þó áherslu á að allir farði sig á sinn hátt. Það er fegurðin við förðun; allir eiga að gera það sem þeir vilja."

vera@365.is








Húðin á að vera flekklaus sem fyrr.



Litaður eyeliner hefur verið áberandi að undanföörnu



Þær sem bera rauðan varalit á móti annars látlausri förðun tolla vel í tískunni um þessar mundir.





TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE WLS
CUBE 2016
ParkTool
CUBE HYBRID
Verð frá: 89.990kr
CUBE RACER
Verð frá: 159.990kr
CUBE "29
Verð frá: 89.990kr
AXIAL WLS RACE
ACCESS WLS PRO
AXIAL WLS GTC PRO
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00






Félagarnir á bak við RNAWAY RVK: F.v. Hlynur, Vilhjálmur Snær, Kristófer Karl og Snorri. MYNDIR/STEFÁN

# FANNST EITTHVAÐ SPENNANDI VANTA

Fjórir félagar settu nýlega á fót fatamerkið **RNAWAY RVK** sem er ætlað báðum kynjum. Næstu mánuðir verða annasamir við markaðssetningu á fatalínunni og hönnun fyrstu vetrarlínunnar.

Félagarnir Hlynur Hákonarson, Vilhjálmur Snær Ólafsson, Snorri Magnússon og Kristófer Karl Pálsson settu nýlega á fót fatamerkið RNAWAY RVK sem nær yfir fatnað fyrir bæði kynin. Þeir eru á aldrinum 22-25 ára og hafa í mörg ár haft mikinn áhuga á tísku að sögn Hlyns og fannst kominn tími til að framkvæma eitthvað sjálfir. „Í raun hefur tískuáhuginn alltaf verið til staðar. Við pælum mikið í fötum og í hvernig fötum fólk gengur í. Okkur fannst þó vanta nokkra hluti í tískuheiminn hér heima og ákváðum þá að gera okkur eigin línu.“

Vilhjálmur Snær segir þá félaga alltaf hafa verið duglega að klæða vini sína upp og breyta bæði eigin fötum og vina sinna eftir þörfum. „Það átti líka sinn þátt í að hvetja okkur til að setja á fót eigið fatamerki. Undirbúningurinn hefur verið langur og skemmtilegur en það hefur tekið tíma að finna góð efni hér á landi.“

## ANNASAMIR TÍMAR

Flíkur RNAWAY RVK eru „unisex“ og henta því bæði körlum og konum að sögn Snorra en þeir hafa undanfarið setið sveittir við að setja saman fyrstu svokölluðu „pre-collection“ línu sína. „Eins og er höfum við bara sett í sölu hettupeysur og jakka auk þess að hanna nokkrar buxur fyrir viðskiptavini sem hafa óskað sérstaklega eftir þeim. En mun breiðari vörulína er væntanleg frá okkur síðar á árinu.“

Um verður að ræða fyrstu formlegu fatalínu RNAWAY RVK að sögn Kristófers Karls. „Hún verður einnig „unisex“ og við hlökkum mikið til að kynna hana fyrir landsmönnum. Núna í sumar tekur við allsherjar markaðssetning hérlendis á línunni okkar auk þess sem við erum í umfangsmiklu vöruþróunarferli og á fullu við að hanna vetrarlínu fyrir næsta vetur.“

## STEFNA UTAN

Auk þess að hanna eigin fatalínu eru Snorri og Kristófer á klæðskurðarbraut í Hönnunar- og handverksskólanum í Tækniskólanum, Hlynur stundar fjarnám við FG og Vilhjálmur rekur fyrirtækið Mousetrap ásamt bróður sínum.

Þeir eru stórhuga og segjast stefna með hönnun sína á erlenda markaði enda sé Ísland lítið markaðssvæði. „Ísland er alls ekki besta landið til þess að stofna nýtt fatamerki og höfum við mætt mörgum áskorunum á skömmum tíma. Við stefnum þó ótrauðir áfram og ætlum okkur að setja fatalínu okkar á markað erlendis á næstu árum.“ starri@365.is

**Í dag er fatalínan seld í gegnum Facebook-síðu þeirra (RNAWAYRVK), á Instagram (@rnawayrvk) og gegnum netfangið rnawayrvk@rnawayrvk.com. Bráðlega verður svo opnaður vefurinn www.rnawayrvk.com þar sem öll hönnun þeirra verður seld.**




Grænn vintage bomberjakki.





Joggingbuxur með renndum skálmum, síðara klofi og góðri mittisteygju.



Hettupeysurnar eru í fjórum litum. Þær eru hannaðar í gamaldags sniði með drop-shoulder, eru stuttar og víðar.







SUMAR GLEÐI
BASLER
WEEKEND
MaxMara
20%
afsláttur
af fatnaði
ParisarTizkan
SKIPHOLTI 29B - S:551 0770


VERTU ÞÚ SJÁLF
comma,
commaIceland
Smáralind





Ása Bríet Brattaberg útskrifast úr kjólasaum í vor og þreytir sveinsprófið í næstu viku. Hún segir iðnina eiga undir högg að sækja og fleira fólk þurfi í fagið. MYND/ANTON BRINK







# Á TÍSKUVIKUNNI MEÐ TODD LYNN

**Ása Bríet Brattaberg** útskrifast úr kjólasaum frá Tækniskólanum í vor. Hún segist þó engin kjólakona sjálf en blómstraði undir handleiðslu breska fatahönnuðarins Todds Lynn síðasta sumar en hann hannar fyrir helstu rokkstjörnur heims.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími. Ég fékk frábæra innsýn í tískuheiminn og hvernig það er að starfa sem fatahönnuður í London,“ segir Ása Bríet Brattaberg, en hún vann síðasta sumar hjá breska fatahönnuðinum Todd Lynn. Lynn hannar á helstu rokkstjörnur heims eins og Mick Jagger og Keith Richards, Bono, Marilyn Manson og PJ Harvey og vann Ása við sníðagerð og að því að klára frumgerðir af fatnaði Lynns fyrir framleiðslu.

Ása útskrifast úr kjólasaum í vor frá Tækniskólanum og tekur sveinsprófið í næstu viku. Hún segist þó engin kjólakona sjálf, hún sé rokkari inn við beinið og hafi smellpassað í hönnunarteymi Todds Lynn.

„Ég er ekki mikið fyrir blúndurnar og minn stíll er frekar abstrakt, og er oftast í svörtu. Ég er samt ekkert með svartan varalit og eyleiner á hverjum degi,“ segir hún hlæjandi. „Todd Lynn kenndi mér margt, ég vann til dæmis að sýningunni hans á London Fashionweek og fór til Parísar að efnasýningu og fleira. Hann kenndi mér að það er hægt að gera vinnuna að lífi sínu, og elska vinnuna sína og þar með lífið. Það er eitthvað sem ég held að okkur langi öll til að gera. Svo kolféll ég fyrir borginni líka og langar í mastersnám í London. Í sumar ætla ég samt að vinna úti á landi og núllstilla mig áður en ég held áfram í námi í haust,“ segir Ása.

Tíu nemendur útskrifast úr kjólasaum í vor og sýndi hópurinn afrakstur lokaársins um liðna helgi. Ása segir kjólasaum sem iðngrein eiga undir högg að sækja og með sýningunni hafi hópurinn viljað vekja athygli á greininni.

„Það er ekki hefð fyrir því að lokaönn í kjólasaum haldi sýningu en okkur fannst glatað að enginn fengi að sjá þessi meistaraverk okkar. Markmiðið með sýningunni var líka að kynna iðnnámið, það vantar fleira fólk í þessa iðn. Í Danmörku er kjólasaumur á lista yfir iðngreinar sem eru að deyja út. Það er afar sorglegt því þetta er mjög spennandi og mikilvægt nám, það má líkja þessu við verkfræðina á bak við arkitektúrinn. Sjálf hef ég mikinn áhuga á textíl en ég held að á næstu árum muni textíliðnaðurinn fara meira af stað og ef fólk er með þann grunn og hefur tileinkað sér nýjustu tækni er það betur sett í fatahönnun í framhaldinu,“ segir Ása.

**heida@365.is**


**Ása á vinnustofu Todds Lynn í London en hún vann fyrir hönnuðinn síðasta sumar.** MYND/ÁSA BRÍET BRATTABERG


**Breski fatahönnuðurinn Todd Lynn hannar á helstu rokkstjörnur heims, Keith Richards, Marilyn Manson og PJ. Harvey. „Hann kenndi mér að það er hægt að gera vinnuna að lífi sínu, og elska vinnuna sína og þar með lífið.“** MYND/ÁSA BRÍET BRATTABERG


**Frá sýningu Todds Lynn á tískuvikunni í London síðasta sumar en Ása tók þátt í undirbúningnum.**

# Út að hlaupa

26. maí 2016

**KYNNINGARBLAÐ**





Örvar Steingrímsson keppir hér í Esjumaraþoni árið 2015. MYND/GRÉTA S. GUÐJÓNS



Víða er gott aðgengi að góðum hlaupastöðum. MYND/GUNNAR SVERRISSON

# Einstaklega gott fyrir líkama og sál

Utanvegahlaup verða sífellt vinsælli hér á landi þar sem saman fer gjarnan fjölbreytilegt landslag, krefjandi aðstæður og falleg náttúra. Sífellt fleiri Íslendingar hlaupa utanvegahlaup enda er hægt er að stunda þau víða um land og aðgengi að hlaupastígum er yfirleitt gott.

Hlaup, og þá sérstaklega utanvegahlaup, hafa skipað stóran sess í lífi Kópavogsbúans Örvars Steingrímssonar en þau hefur hann stundað af kappi síðan 2009. Sem unglingur æfði hann aðallega fótbolta en hljóp helst til að halda sér í formi. „Árið 2008 datt mér svo í hug að skrá mig í hálfmaraþon með stuttum fyrirvara og fannst það mjög skemmtilegt. Það var svo ekki fyrr en í lok árs 2009 að ég fór að hlaupa markvisst og þá með Laugavegshlaupið sem markmið. Á þessum tíma var ég að mestu hættur í fótbolta og vantaði einhverja aðra hreyfingu. Þannig tóku hlaupin yfir og áhuginn hefur bara aukist með árunum.“

Þótt utanvegahlaupin hafa heillað Örvar frá byrjun hóf hann ekki að stunda þau markvisst fyrr en hann fór að æfa fyrir Laugaveginn. „Þótt götuhlaupin hafi sinn sjarma þá heilla utanvegahlaupin mun meira. Fjölbreytilegt landslag, krefjandi aðstæður og falleg náttúra er eitthvað sem við eigum nóg af. Maður fer að fókusa á aðra hluti en að hlaupa á ákveðnum hraða og fer að leita að nýjum leiðum til að hlaupa og um leið að sjá meira af Íslandi. Það er einstaklega gott fyrir líkama og sál að hlaupa um í fallegu umhverfi.“

## Gott aðgengi

Einn stór kostur við utanvegahlaup að sögn Örvars er mjög gott aðgengi að góðum hlaupastöðum. „Bara á höfuðborgarsvæðinu er allt fullt af flottum stígum, t.d. Hólminn í Elliðaárdal, Öskjuhlíðin, Hatturinn undir Breiðholti og svo er auðvitað endalaust hægt að hlaupa í Heiðmörkinni. Margir átta sig ekki á hversu víðtækt stígakerfið í Heiðmörk er en hægt er að hlaupa frá Elliðavatni að Helgafelli. Margar þekktar gönguleiðir eru kjörnar fyrir utanvegahlaup og má þar nefna Esjuna, Úlfarsfell, Helgafell, Reykjadalinn og Hengilinn.“

En það er ekki bara höfuðborgarsvæðið sem hentar vel til utanvegahlaupa heldur stór hluti landsins að sögn Örvars. „Fjölbreytt og fallegt landslag er það sem heillar mest. Svo er Ísland mjög öruggt þar sem engin hættuleg dýr eru á ferli og aðgengi að hreinu vatni er gott. Auðvitað þarf að passa sig á veðrinu og kynna sér aðstæður áður en lagt er af stað í löng hlaup á hálendinu eða á fjöllum.“

## Fjörugt sumar

Utanvegahlaup hafa vaxið að vinsældum úti í heimi og hérlendis undanfarin ár. Þannig hefur áhugi útlendinga aukist á íslenskum hlaupum samfara auknum ferðamannastraumi til landsins. „Það er t.d. uppselt í Laugavegshlaupið og fleiri útlendingar keppa þar en Íslendingar. Jökulsárhlaupið seldist einnig upp á mettíma.“

Hlaupasumar Örvars er í smá óvissu út af barneignum en hann setur þó stefnuna á Esjumaraþonið sem er mjög krefjandi og skemmtilegt. „Svo er Hengilshlaupið áhugaverður kostur sem fleiri mættu skoða. Þar er hægt að hlaupa 24, 50 og 80 km í mjög fallegu umhverfi. Stærsta verkefni ársins verður svo heimsmeistaramótið í utanvegahlaupum sem fram fer í Portúgal í október. Stefnan er sett þangað með öflugri sveit Íslands. Vegalengdin er 85 km með 5.000 m hækkun og því er hlaupið mjög krefjandi en sömuleiðis mjög spennandi og það verður skemmtilegt að keppa fyrir hönd Íslands.“

starri@365.is

**Áhugasamir geta fylgst með hlauparanum Örvari á Instagram**







## HLAUPAHÁTÍÐ Á VESTFJÖRÐUM

Hlaupahátíðin á Vestfjörðum verður haldin í áttunda skiptið í sumar. Hún fer fram á Ísafirði og í nágrenni og verður í ár haldin dagana 15. til 17. júlí. Hátíðin er þó ekki bara hlaupahátíð, á henni verður líka keppt í sjósundi, hjólreiðum og í þríþraut.

Meðal fjölbreyttra viðburða hátíðarinnar má nefna Vesturgötuhlaup, Arnarneshlaupið og Vesturgötuhjólreiðar. Á síðasta ári tóku 500 keppendur þátt og búist er við a.m.k. svipuðum fjölda í ár.

Auk hefðbundinna keppnisgreina er einnig boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna á Þingeyri á laugardeginum. Þar verður m.a. hægt að fara í skemmtiskokk, skemmtihjólreiðar og skella sér svo í jóga á eftir.

Samhliða Vesturgötuhjólreiðunum fer fram Íslandsmeistaramót í maraþonfjallahjólreiðum og er því búist við að helstu hjólreiðakappar landsins mæti og etji kappi hver við annan.

Hlaupahátíðin er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem stórskemmtileg útivistar- og fjölskylduhátíð enda jafnan vel sótt af fjölskyldufólki.

Skráning fer fram á heimasíðu hátíðarinnar, hlaupahatid.is, þar sem einnig má finna allar nánari upplýsingar.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Atli Bergmann | atli.bergmann@365.is | s. 512-5457




## Incrediwear vörurnar eru magnaðar og bera nafn með rentu.

Um er að ræða hlífar og fatnað með ótrúlega virkni við að auka blóðrás og hitamyndum sem getur dregið úr sársauka, bólgum, stífleika og þreytu.

Vörurnar hljóta meðmæli sérfræðinga á heilbrigðissviði og eru m.a notaðar af afreksíþróttafólki um heim allan og eru þróaðar út frá vísindalegum rannsóknum.

Þessi mikla virkni kemur til út af byltingarkenndu fataefni sem samanstendur af bambus (kola) trefjum og Germaníum.

Ég æfi og keppi mjög mikið og það er gríðarlegt álag á líkama mínum. Ég hef verið að nota hnéhlíf, ökklahlíf og sokka frá Incrediware og ég finn verulegan mun á mér, minni spenna og bólgur. Ég mæli alveg sérstaklega með sokkunum, þeir eru mjög þægilegir og ég þreytist mun síður í fótunum þegar ég nota þá.

**Víðir Þór Þrastarson**
**Íþrótta- og heilsufræðingur**




**ÚTSÖLUSTAÐIR: ÚTILÍF KRINGLUNNI - ÚTILÍF SMÁRALIND - INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA**


ERT ÞÚ KLÁR
Í HLAUP
DAGSINS?
NEW
DEEP HEAT
Muscle Massage
Roll-on Lotion
HERBAL FRAGRANCE
Non Medicinal
eases tight muscles
DEEP HEAT ROLL ON EYKUR BLÓÐFLÆÐI TIL VÖÐVA. VIRKAR BÆÐI SEM HITA- OG NUDDMEÐFERÐ.


HIMNESK HOLLUSTA
HAMPFRÆ OG HAMPOLÍA
HAMPFRÆ ERU EIN NÆRINGARRÍKASTA FÆÐA SEM UM GETUR OG SÉRLEGA GÓÐ UPPSPRETTA AUÐMELTANLEGRA PRÓTEINA. ÞAU ERU MJÖG RÍK AF LÍFSNAUÐSYNLEGUM OMEGA FITUSÝRUM 3, 6 & 9 OG TREFJUM.
ÞAU ERU EINNIG RÍK AF STEINEFNUM EINS OG MAGNESÍUM, JÁRNI, SINKI OG KALÍUM.
HAMPFRÆ ERU UPPLÖGÐ ÚT Á HAFRAGRAUTA, CHIAGRAUTA, SALÖT, Í HRISTINGA OG EFTIRRÉTTI.
HAMPOLÍA ER UNDRAEFNI FYRIR HÚÐINA, HÚÐÞURRK OG OF FEITA HÚÐ. 1-2 MATSKEIÐAR DAGLEGA.
KALDPRESSUÐ
HAMPOLÍA
HEMP OIL
HAMPFRÆ
HEMP SEEDS
Heilbrigð skynsemi
250 g
BIO LÍFRÆNT ORGANIC




Regenovex inniheldur samsetningu tveggja náttúrulegra efna sem draga úr sársauka og byggja upp liði




# NÁTTÚRU KRAFTUR

TREK PROTEIN STYKKI, HELDUR ÞÉR GANGANDI

# Hlusta á tónlist og góðar samræður

Tónlist og hljóðbækur geta stytt hlaupurum stundir á löngum leiðum. Nokkrir hlauparar í félagi 100 kílómetra hlaupara á Íslandi voru teknir tali og spurðir hvað þeir hlusta á meðan þeir hlaupa. Sumir eru með tónlist en aðrir hlusta á náttúruhljóð og samræður félaganna.



Sigríður Sigurðardóttir

Sigríður Sigurðardóttir fer í Lavaredo Ultra Trail hlaupið í Dólómítafjöllunum þann 24. júní en leiðin er 119 km löng með 6.000 metra hækkun.

„Ég hlusta ekki mikið á annað en hlaupafélagana og hljóðin í náttúrunni þegar ég er að hlaupa en þó geri ég frávik frá því í stóru verkefni. Þá set ég upp iPodinn þegar fer að dimma og hlusta á alls kyns tónlist yfir nóttina, svo ég heyri ekki í dýrunum sem eru vakandi og ég ekki sé. Líklega mun ég setja upp lagalista sem ég læt rúlla áfram þangað til birtir. Gerð er krafa um að síminn sé nægjanlega hlaðinn allan tímann (30 klst.) svo líklega þori ég ekki að nota hann til að hlusta á tónlist eða sögu. Ekki vil ég verða batteríslaus upp á miðju fjalli ef eitthvað kemur fyrir. Ég nota venjuleg iPhone-heyrnartól, hef reynt að vera með þráðlaus en gafst upp á þeim þar sem ég þurfti stöðugt að vera að hlaða þau. Annars hlusta ég mikið á hljóðbækur en það er meira í göngutúrum eða að stússast heima við en þegar ég að hlaupa.



Arnfríður Kjartansdóttir

Arnfríður Kjartansdóttir stefnir á nokkur fjallahlaup í sumar með Stefáni Gíslasyni. Þá er hún skráð í CCC í lok ágúst en það er 100 km hlaup hálfa leiðina í kring um Mont Blanc. Byrjað er á Ítalíu, farið í gegn um Sviss og endað í Chamonix í Frakklandi.

„Ég er oftast með einhverja tónlist í eyrunum. Það verður leiðigjarnt að vera fleiri klukkutíma þarna úti án nokkurrar dægrastyttingar. Ég hlusta annars vegar á popp, gjarnan indie: Gnarls Barkley, Rudimental, Arcade Fire, Emmu Shapplin og hins vegar óperur. Ég er í námi í klassískum einsöng og nýti tímann á hlaupunum til að hlusta á óperuaríur og önnur sönglög sem ég er að læra. Ég nota ódýran mp3-spilara sem ég set í lítinn plastpoka þegar rignir. Mér finnst snjallsími óþægilegur á hlaupum, er yfirleitt ekki með síma nema þegar ég er ein langt frá mannabyggð, þá er ég til öryggis með ódýran síma sem þó þolir hnjask. Ég nota ódýr venjuleg heyrnartól enda löngu komin yfir það að halda að fínar græjur komi mér eitthvað lengra eða hraðar.“

**„Ég er í námi í klassískum einsöng og nýti tímann á hlaupunum til að hlusta á óperuaríur og önnur sönglög sem ég er að læra.**



Halldóra Matthíasdóttir

Halldóra Matthíasdóttir fer í Lavaredo Ultra Trail líkt og Sigríður. Þá stefnir hún á að klára fjórþrautina „En Svensk Klassiker“ og tekur því þátt í 30 km hlaupi, Lidingoloppet, í Svíþjóð. Þá mun hún hlaupa maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu með syni sínum og vonast til að ná lágmarki fyrir Boston-maraþonið 2017.

„Ég hlusta yfirleitt ekki á tónlist þegar ég hleyp, þar sem ég er í svo frábærum félagsskap vina og hlaupafélaga. Oft er líka bannað að hlaupa með tónlist í eyrunum, í stórum keppnum, af öryggisástæðum. Því er ekki gott að venja sig á það.

Ef ég hins vegar fer ein út að hlaupa og er til dæmis að missa af fréttum eða skemmtilegum útvarpsþætti kemur það alveg fyrir að ég gríp með mér gamla iPodinn minn og hlusta þá helst á fréttir eða góða tónlist. Ég á græn Yurbuds-heyrnartól sem ég hef notað með iPodinum mínum en eignaðist nýlega frábær LG bluetooth þráðlaus heyrnartól og er því að færa mig yfir í að nota iPhone-símann minn með bluetooth og hlusta þar á Audible-hljóðbækurnar og Spotify-tónlistarveituna, er þannig alveg að komast upp á næsta stig í tækninni.“

**„Ég hlusta yfirleitt ekki á tónlist þegar ég hleyp, þar sem ég er í svo frábærum félagsskap vina og hlaupafélaga. Oft er líka bannað að hlaupa með tónlist í eyrunum, í stórum keppnum, af öryggisástæðum.**



Börkur Árnason

Börkur Árnason ætlar að taka þátt í Lavaredo Ultra Trail í Dólómítafjöllunum í júní, NUTS Pallas hlaupinu í Finnlandi í júlí sem er 53 km langt og líklega Ultra Trail Mt. Fuji í september sem er 180 km langt.

„Ég hlusta mest á hlaupa-podcast þessa dagana (Ultrarunner podcast, Trail runner nation), hef þó alltaf stuttan lagalista með ef þörf er á auka-boosti t.d. með Muse, Bloodgroup eða hverju sem er sem hækkar púlsinn. Ég nota iPod með einföldum en almennilegum heyrnartólum sem skila músíkinni almennilega.“

solveig@365.is







OPTIMUM NUTRITION KYNNIR
AMIN.O. ENERGY
CAFÉ SERIES
NÝTT BRAGÐ
NÝTT BRAGÐ
KAFFI OG SÚKKULAÐI
CHAI TE LATTE
KARAMELLU OG MACCHIATO
KAFFI OG VANILLA
FÆST Í: Hagkaup, Krónunni, Nettó, Iceland, Fjarðarkaup, völdum Samkaupsverslunum, Heilsuform/Krossmóa, Perform.is
OPTIMUM NUTRITION



Ágúst annar frá vinstri ásamt hörðustu hlaupafélögunum í Skokka. Dóttir hans, Anna Halldóra, smitaðist af hlaupum föður síns. MYNDIR/HLAUPAHÓPURINN SKOKKI



„Við hlaupum saman þrisvar í viku og finnum mun á því að hlaupa ein eða í hópi. Það verður greinilegri árangur og meiri bati með því að gera þetta saman.“



Margar fallegar hlaupaleiðir er að finna kringum Húsavík.



Hluti hópsins eftir góða æfingu á dögunum.

# Botnsvatnshringurinn hlaupaperla

Fjölmargar fallegar hlaupaleiðir og stígar eru í kringum Húsavík. Nokkrir hlaupagikkir tóku sig því saman og stofnuðu hlaupahópinn Skokka. Hópurinn hefur hlaupið saman síðustu ár í öllum veðrum og stendur fyrir tveimur stórum hlaupaviðburðum á ári, Botnsvatnshlaupi Landsbankans og Gamlárshlaupi Skokka. Ágúst Óskarsson, einn meðlima hópsins, var tekinn tali.

„Hjá okkur fellur aldrei niður æfing. Það er svolítið grobb í okkur að láta veðrið ekki stoppa okkur enda hluti af þessu að kljást við veðrið. Hópurinn var stofnaður með það að markmiði að auka hreyfingu og efla heilsu í góðum félagsskap og hefur hlaupið reglulega í sjö ár,“ útskýrir Ágúst Óskarsson, hlaupagikkur á Húsavík og einn meðlima hlaupahópsins Skokka.

Sjálfur tók hann ákvörðun um hreyfa sig meira og huga betur að heilsunni og gekk til liðs við hópinn fyrir sex árum.

„Við hlaupum saman þrisvar í viku og finnum mun á því að hlaupa ein eða í hópi. Það verður greinilegri árangur og meiri bati með því að gera þetta saman. Hér á Húsavík erum við líka svo heppin að allt í kring eru gullfallegar hlaupaleiðir. Hér er líka upphitaður gervigrasvöllur með braut í kring sem hefur bætt aðstöðu hópsins, og allra, sem vilja stunda einhverja hreyfingu hér í bænum. Hlaupin voru fljót að breytast úr kvöð í áhugamál hjá mér og fjölskyldan sogaðist á endanum inn í þetta. Dóttir mín hleypur og konan mín líka,“ segir Ágúst.

> **Þetta er ákaflega fallegt svæði, skógur, vatn og fuglalíf en kringum vatnið eru um fimm kílómetrar.**

Hópurinn lætur sér ekki nægja að hlaupa í nágrenni Húsavíkur og fer í hlaupaferðir upp í Mývatnssveit, í Aðaldal og upp á heiðar og fjöll í nærsveitum. Þá segir Ágúst Botnsvatn hlaupaperlu.

„Þetta er ákaflega fallegt svæði, skógur, vatn og fuglalíf en kringum vatnið eru um fimm kílómetrar. Þetta er okkar heimavöllur. Á hverju ári stöndum við fyrir Botnsvatnshlaupi Landsbankans á Mærudögum, sem er bæjarhátíð hér á Húsavík. Svo höldum við einnig Gamlárshlaup. Í Botnsvatnshlaupinu tekur fjöldi hlaupara þátt árlega en um hundrað manns hlupu í fyrra. Það er ókeypis í þetta hlaup, við nennum ekkert að rukka,“ segir Ágúst en Botnsvatnshlaupið verður haldið 23. júlí í ár.

„Svo finnst okkur líka rosalega gaman þegar fólk, sem er á ferð í fríum til Húsavíkur, slæst í hópinn á hlaupaæfingum. Við hittumst á föstudagsmorgnum klukkan hálf sjö og laugardagsmorgnum klukkan tíu við sundlaugina og á þriðjudögum klukkan 18 á íþróttavellinum.“ Hlaupahópurinn Skokki er á Facebook. heida@365.is




FRÉTTABLAÐIÐ

Veglegt sérblað um

EM í Frakklandi

kemur út 10. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími 512-5429
jonivar@365.is

**Atli Bergmann**
Sími 512-5457
atlib@365.is

**Bryndís Hauksdóttir**
Sími 512-5434
bryndis@365.is

**Jóhann Waage**
Sími 512-5439
johannwaage@365.is




# SVO HVAÐ ER COLDPRESS?

Það liggur í nafninu...því kaldpressun er alveg ný aðferð til að gera Smoothie! Einfaldlega kaldpressum við ávextina og grænmetið án þess að hita þá upp, sem þýðir að þeir halda töluvert meira af bragði og nauðsynlegum næringarefnum sem hverfa venjulega við upphitun ávexta og græmetis.
**Coldpress Smoothie's er ekki með viðbættum sykri eða gervisætuefnum og unnið úr 100% ávöxtum**

Fæst í:Hagkaup, Iceland, Samkaup/Nettó, 10-11, N1, Olís, Fjarðarkaup













Yeojin Bae sýndi stutt pils með síðu vesti yfir.



Ofurfyrirsætan, Bella Hadid, sýnir hér stuttan silkikjól frá Mashi sem síðri kápu yfir.



Svört blúnda yfir samkvæmis-samfellu frá Misha.



Hvítt og stutt frá Zhivago.



Diskó og glimmer hjá Zhivago.

# STUTTA TÍSKAN ÁFRAM VINSÆL

Ofurfyrirsætan Bella Hadid leiddi hóp glæsilegra fyrirsæta sem sýndu nýjustu línu frá tískuhönnuðum Misha á áströlsku tískuvikunni í síðustu viku. Stuttbuxur eða mjög stutt pils voru áberandi á sýningunni.

Bella Hadid er systir ofurfyrirsætunnar Gigi Hadid sem hefur vakið mikla athygli á sýningum hjá Victoria's Secret undirfata-risanum. Þeim systrum er gjarnan líkt við Jennifer Lopez, Evu Longoria, Miröndu Kerr og Kardashian-systur. Allar þessar flottu konur eru með hundruð þúsunda fylgjenda á samfélagsmiðlum.

Það vakti athygli að stuttbuxur virðast enn vera mjög vinsælar og jafnvel með síðri kápu eða vesti yfir. Bæði Misha og fleiri hönnuðir voru með stuttbuxur á pöllunum eða mjög stutt pils.

Þessi lína er hluti af haust- og vetrartískunni 2016-2017.



Kaupauki
Glæsilegur fjölnota burðarpoki fylgir með öllum kaupum!
ZIKZAK
Opið til kl 21.00
NÝJAR VÖRUR OG FRÁBÆR SUMARTILBOÐ!
ZIKZAK TÍSKUHÚS
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Einnig til í rauðu og svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Einnig til í silfur gráu og svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Tilboðsverð 7.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Einnig til í svörtu!
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Einnig til í svörtu!
Tilboðsverð 9.590,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 3.990,- Áður 4.990,- st. 36-41
Allar úlpur og skór á tilboði og æðislegur fjölnota poki fylgir öllum kaupum!
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
Einnig til í svörtu!
PEYSA 6.990kr st. 36-56
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
Einnig til í svörtu!
KJÓLL 6.990kr st. S-XXL
PEYSA 5.990kr st. 36-48
Einnig til í gráu!
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
BOLUR 4.990kr st. S-XXXL
PEYSA 5.990kr st. 36-48
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN
... við seljum bílana



MERCEDES BENZ Sprinter 318 cdi 9 manna. Árg '09, ek 190 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V. 5.890 þús . Rnr.100037.

**xxxBílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.carmax.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



**FLOTTUR OG SPARNEYTINN**
AUDI A4 2.0tdi Árgerð 2012, ekinn 69 Þ.KM, dísel, ssk. Verð 3.790.000. Rnr.213856.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

100bílar.is bílasala



Skoda Octavia, 6/2006, ek 229 þús km, sjsk, dísel, sumar og vetrardekk, fínn bíll, ásett verð 990 þús, er á staðnum, raðnr 210193.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**7 MANNA BÍLL**
Toyota Verso árg 2006, beinsk, ekinn 195 þús. 7 manna bíll með dráttarkrók. Frábær fjölskyldubíll. Ásett verð 890 þús - fer á 750 þús stgr. Uppl 896-0753



VW Bora 1.6 - 1999. Sjálfsk. Ek. 213 þús km. Sko 2017. Ný tímareim, ný vatnsdæla, nýtt í bremsum, góð heilsársdekk. Verð 360 þús. Uppl. í s. 661-5333

**Seldu bílinn**
einn, tveir og þrír!
1. Þú skráir bílinn
2. Þú færð tilboð
3. Þú færð greitt strax!
seldustrax.is

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS!**
Peugeot 307sw árg 2004 ek.155 þús búið að skipta um tímareim, ný skoðaður 17, beinskiptur eyðir litlu, ásett verð 590 þús TILBOÐ 390 þús möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
**VERÐ FRÁ 129.800,-**
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Bátar

SILUNGANET



**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**
Silunganet, flotnet, sökknet. Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www. heimavik.is

Vissir þú að... börneiga rétt á nægum svefni
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# NÝTT OG BETRA APP

FBL

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store
GET IT ON Google Play
Get it from Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ

# KEYPT & SELT

## Til sölu


**JÁRNA-BAKKAR**

Framleiðum allar gerðir af járnabökkum og tengingum fyrir kambstál.

Varist eftirapanir kennitöluflakkara.

www.bindir.is

**STIGA**



**Stiga Estate 3084 H**

Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is





## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 855 3199 & 555 0939

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU STÓR 3 HERB. ÚTSÝNISÍBÚÐ Á NORÐURBAKKA Í HFJ.**
Stórar svalir, þaksvalir og bílakallari. Með eða án húsgagna. Leigutími 1 ár frá 1. júlí (jafnvel fyrr).

Tilboð sendist á gudrun-ey@hotmail.com

**ÍBÚÐ TIL LEIGU**
Snyrtileg 3 herbergja 125 fermetra íbúð miðsvæðis í Reykjavík (pnr. 103) til leigu með húsgögnum og öllum búnaði. Langtímaleiga möguleg. Eingöngu traustir og áreiðanlegir leigjendur koma greina.

Upplýsingar í síma 896 3406.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN LÆKJARGÖTU**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar bílstjóra og fólk til afgreiðslu í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari uppl. gefur Kristinn S. 782-6600

**LAGERMAÐUR - FRAMLEIÐSLUMAÐUR**
Katla ehf óskar að ráða vanan lagermann með lyftararéttindi sem einnig getur unnið við framleiðsluvélar.
**Upplýsingar í síma 6964423**
**Umsóknir óskast sendar til: verksmidja2@katla.is fyrir 1. júní**

**BLIKKSMIÐJAN VÍK EHF**
óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt.

Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is öllum umsóknum verður svarað

Starfsmann vantar í sumarstarf við sandblástur upplýsingar í síma 616-6740 milli kl. 17 - 19 í dag fimmtudag.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO





HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjörugu vinkonurnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817 365


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

sauna.is
Fjárfesting í vellíðan
TYLÖ

EYJALIND
Slit-diskar í atvinnutæki
Vinnuvélar - Lyftarar - Dráttavélar - Vörubílar
- Bremsur
- Kúplingar
- Gírkassar
- Drif
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is




Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is




- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Þingvellir – Tjarnarlaut





Tvílyft glæsihýsi í landi Nesja, 164,3 fm að stærð

Efri hæð (bjálki) með tveimur svefnherbergjum, stórri stofu og eldhús

Neðri hæð (steypt) með aukaíbúð. Heitur pottur

Verð: **37,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Djúpahraun





Fallegt og vandað hús í landi Miðborga Grímsnesi

78 fm að stærð, m tveimur svefnherbergjum ásamt svefnlofti

Heitur pottur á skjólgóðum palli

8400 fm eignarland, stutt í þjónustu

Verð: **24,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Óðinsgata 30. Hæð og ris með sérinng.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 70,0 fm. 3ja herbergja íbúð sem er hæð og ris með sérinngangi við Óðinsgötu. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi, glugga og gler ásamt rafmagni. Þak var yfirfarið og málað árið 2013. Frábær staðsetning í miðborginni. **Verð 27,9 millj. Gengið inn í íbúðina bakatil. Verið velkomin.**

## GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
is www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali




### Efstilundur 11, Garðabæ

**Opið hús í dag 26. maí frá kl. 17:30 18:30**
Mjög vel við haldið, snyrtilegt og gott einnar hæðar enda raðhús á góðum stað í Garðabæ. Fallegur garður með suður verönd og góðu útsýni til suðurs. Húsið er samtals 178,2 fm. með 32 fm. bílskúr. Húsið að utan er í mjög góðu ástandi. Að innan er húsið að mestu upprunalegt en í góðu ástandi. Hús með mikla möguleika á frábærum stað í Garðabæ. **Verð 55,9 millj.**




### Fjarðargata 17, Hafnarfjörður

**Opið hús í dag 26. maí frá kl. 17:30 18:30**
Einstaklega björt og vel skipulög útsýnis-íbúð samtals 127,7 fm, stórar glerlokaðar suð-vestur útsýnissvalir, 50 ára og eldri. Íbúðin er 3-4ra herbergja á þriðju hæð í miðbæ Hafnarfjarðar með óskert útsýni yfir höfnina o.fl. Húsið er lyftuhús við hliðina á verslun og þjónustu. Mjög snyrtileg sameign. **Verð 46,9 millj.**

**Sölumaður :** Sigurður löggiltur fasteignasali sími 898-3708, sigurdur@gardatorg.is

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Breiðvangur 24, 220 Hafnarfjörður

**Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 milljónir.**












**Opið hús laugardaginn 28. maí milli kl. 17-17:30**
Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum. Stórviðgerð 2009. Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

**Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**



# Aðalfundur SÁÁ

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn fimmtudaginn 2. júní kl. 17:00 í Von, húsi SÁÁ Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**
Skýrsla stjórnar
Reikningar samtakanna lagðir fram
Lagabreytingar
Kosning í stjórn
Önnur mál

**SÁÁ**
Efstaleiti 7
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is



## TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS ÁSGARÐS OG DEILISKIPULAGS BÆJARGARÐS

### FORKYNNING

Í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögum að breytingu á deiliskipulags Ásgarða og deiliskipulags Bæjargarðs.

Breytingartillagan sem nær til Ásgarðs gerir ráð fyrir tilfærslu æfingavalla og ljósamastra, stækkun lóðar íþróttasvæðis og breytingu á legu göngustígs meðfram húsum við Stekkjarflöt. Einnig verður byggingarreitur íþróttamannvirkja stækkaður.

Breytingartillagan sem nær til Bæjargarðs við Hraunsholtslæk gerir ráð fyrir íþróttavelli og strandblakvöllum við húsið Garð sem fær að standa samkvæmt tillögunni.

**Forkynning stendur yfir til 14.júní 2016.**
**Kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla, þriðjudaginn 31.maí 2016 klukkan 17.15.**

Þar verður tillagan kynnt og fyrirspurnum svarað.

Á meðan á forkynningu stendur er hægt að koma ábendingum til skipulagsstjóra sem einnig mun svara fyrirspurnum um útfærslu tillögunnar. Öllum ábendingum verður komið á framfæri við skipulagsnefnd og bæjarstjórn, en vakin er athygli á því að þær teljast ekki formlegar athugasemdir. Að lokinni forkynningu verður tillagan lögð fram í skipulagsnefnd og vísað þaðan til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi verður það gert með áberandi hætti og gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna innan athugasemdafrests.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar til 14.júní 2016.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar.**

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS




# HLJÓMFAGURT
## HVAR SEM ÞÚ ERT







BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800





Helga María Guðmundsdóttir, afrekskona í karate og þjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hommabrandarar eru lélegt hópefli

**María Helga Guðmundsdóttur, landsliðskona í karate, fjallaði um stöðu hinsegin fólks í íþróttum á opnum fundi í gær. Nauðsynlegt sé að skapa rými og opna umræðu fyrir hinsegin fólk í íslensku íþróttalífi.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**ÍÞRÓTTIR** María Helga Guðmundsdóttir, landsliðskona í karate og íþróttaþjálfari, kallar eftir opinni umræðu um stöðu hinsegin fólks í íþróttum á Íslandi. María Helga hélt fyrirlestur á opnum fundi ÍSÍ, KSÍ og Samtakanna '78 í Laugardalnum í gær þar sem staða hinsegin fólks í íþróttum var rædd.

„Ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri andlit hér í dag. En Róm var ekki byggð á einum degi,“ segir María Helga en örfáir tugir gesta sóttu fyrirlesturinn og tóku þátt í umræðum að honum loknum. „Það gladdi mig þó að sjá hversu breiður hópur fólks var mættur. Hér var fólk úr öllum áttum og úr mismunandi greinum.“

### Slæm upplifun á Englandi

María Helga er formaður karatefélagsins Þórshamars auk þess að vera afrekskona í íþróttinni. Sjálf er hún hinsegin íþróttakona sem varð lítið vör við fórdóma í sinni grein fyrr en hún var stödd í æfingaferð á Englandi. Þar var hún með fólki sem hefur náð langt á alþjóðavísu í íþróttinni – afreksfólk sem hún sjálf leit mikið upp til.

Eina kvöldstund sat hún með þessu fólki þar sem byrjað var að segja brandara á kostnað hinsegin fólks og þá helst samkynhneigðra. María Helga sagði ekkert, enda upplifði hún sjálfa sig neðarlega í goggunarröðinni í þessum hópi eins og hún orðar það sjálf.

„Á næsta borði voru unglingar, 14-15 ára, og ég sat og hugsaði um hvernig það hefði verið fyrir þau að hlusta á hóp af fyrirmyndum sínum tala á þennan hátt. Beita þessum húmor. Þau myndu fara heim og hugsa með sér að þau gætu aldrei komið út úr skápnum,“ segir María Helga um þessa reynslu.

„Stærsta áfallið fyrir mig var að ég sat og sagði ekki neitt. Ég varð fyrir vonbrigðum með sjálfa mig í þessum aðstæðum. En það leiddi í ljós fyrir mig hvaða aðstæður geta skapast sem verður til þess að íþróttafólk heldur sig inni í skápnum.“

### Skortur á fyrirmyndum

Eftir þessa upplifun tók María Helga ákvörðun um að leggja sitt af mörkum til að auka umræðuna um hinsegin fólk í íþróttum. Í fyrirlestri sínum nefndi hún dæmi um hinsegin íþróttafólk sem ýmist hefur stigið fram eða verið í sviðsljósinu vegna óhefðbundinnar kynvitundar sinnar, kyneinkenna eða kynhneigðar. Það séu hins vegar allt of fá dæmi um það og eitt stærsta vandamálið sé skortur á fyrirmyndum.

Vandi hinsegin fólks í íþróttum er afar margþættur og nær allt frá stöðu þeirra í búningsklefanum til þess hvernig það passar inn í hefðbundna flokkun á íþróttum karla og kvenna. Skiptingin er ekki alltaf svo einföld.

María Helga segir að í dag sé mikilvægast að vera óhrædd við að tala um hinsegin fólk í íþróttum og að vera sérstaklega móttækileg fyrir ungu íþróttafólki sem er að uppgötva að það er sé hinsegin. Það sé ekki síst mikilvægt til að sporna við brottfalli.

### Mikilvægast að tala saman

„Það mikilvægasta er að tala saman og rjúfa þessi tabú. Það kristallast svo vel í dæmi sem ég nefndi í fyrirlestrinum um þjálfarann sem nefndi kærustu leikmanns síns [í kvennaliði] sem systur hennar,“ segir hún.

„Við eigum ekki að vera hrædd við að horfast í augu við tilvist hinsegin íþróttafólks – að það sé hættulegt að fá það í búningsklefann og raski einhverri dýnamík þar. Við verðum að vera ófeimin að spjalla um þetta. Það þarf ekki að vera margort samtal og stundum er nóg að vera móttækilegur fyrir umræðuefninu. Öllu máli skiptir að búa til betra samfélag í gegnum samtal.“

Vandamálin eru mörg en einna verst er að segja brandara á kostnað ákveðins hóps í samfélaginu, svo sem samkynhneigðra, að sögn Maríu Helgu.

„Hommabrandarar eru rosalega leiðinlegur og þrálátur vandi. Það vill verða að tóli sem er notað til að þétta hópinn og búa til stemningu með því að grínast saman, í þeim tilgangi að búa til gott lið. En hver er kostnaðurinn?“ spyr María Helga.

## Hvaða úrræði eru í boði?

María Helga segist reiðubúin að taka á móti fyrirspurnum í gegnum Facebook-síðu sína af fremsta megni, en bendir á að Samtökin '78 hafi átt í góðu samstarfi við ÍSÍ og KSÍ um fræðslu um mál hinsegin íþróttamanna.

„Það er alltaf hægt að hafa samband við Samtökin '78. Þar erum við í þeirri stöðu að geta boðið ýmis úrræði, svo sem ráðgjöf og jafningjafræðslu. Þar er alltaf hægt að finna fólk sem er til í að taka spjall,“ segir María Helga.

Fyrirlestur hennar var einnig tekinn upp og verður gerður aðgengilegur á heimasíðu ÍSÍ, auk þess sem hann verður notaður í þjálfaramenntun ÍSÍ. Því fagnar hún sérstaklega.

„Með því er tryggt að upp komi kynslóð þjálfara sem hefur að minnsta kosti rætt um þessi mál. Það er strax skref í rétta átt. Það eru svo margir til í að bjóða mismunandi fólk velkomið í sinn hóp en vita ekki hvernig á að tala um þessi mál. Því er mikilvægt að búa til umhverfi þar sem hægt er að hefja samtalið og fikra sig áfram,“ segir Helga María.

**Hægt er að hafa samband við Samtökin '78 í síma 552 7878 eða með því að senda tölvupóst á netfangið skrifstofa@samtokin78.is.**

> Stærsta áfallið fyrir mig var að ég sat og sagði ekki neitt. Ég varð fyrir vonbrigðum með sjálfa mig.
>
> María Helga Guðmundsdóttir



## 15 dagar í EM 2016

Ísland er einn af fimm nýliðum í úrslitakeppni Evrópumótsins á EM í Frakklandi 2016 en hinir eru Norður-Írland, Wales, Albanía og Slóvakía. Norður-Írland (HM 1958, 1982 og 1986), Wales (HM 1958) og Slóvakía (HM 2010) hafa öll komist í úrslitakeppni HM áður en Ísland og Albanía eru að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti hjá karlalandsliðum. Það eru fleiri nýliðar á þessu Evrópumóti en samanlagt á þremur mótum þar á undan enda var nú fjölgað úr 16 þátttökuþjóðum í 24.



### Borgunarbikar karla í fótbolta

**Grindavík - KA 1-0**
1-0 Björn Berg Bryde (45.).

**ÍBV - Huginn 2-0**
1-0 Charles Vernam (47.), 2-0 Bjarni Gunnarsson, víti (81.).

**Víðir - Sindri 2-0**
1-0 Helgi Þór Jónsson (104.), 2-0 Aleksandar Stojkovic (120.).

**ÍA - KV 1-0**
1-0 Þórður Þorsteinn Þórðarson (4.).

**KR - Selfoss 1-2**
1-0 Denis Fazlagic (60.), 1-1 James Mack (72.), 1-2 Arnar Logi Sveinsson (116.).

**Þróttur R. - Völsungur 3-1**
1-0 Brynjar Jónasson (10.), 2-0 Brynjar Jónasson (61.), 3-0 Dean Lance Morgan Plues (67.), 3-1 Eyþór Traustason (75.).

**Keflavík - Fylkir 1-2**
0-1 Ragnar Bragi Sveinsson (37.), 0-2 Víðir Þorvarðarson (40.), 1-2 Magnús Sverrir Þorsteinsson, víti (90.+1).

**Haukar - Víkingur R. 1-2**
0-1 Óttar Magnús Karlsson (20.), 0-2 Óttar Magnús Karlsson (31.), 1-2 Aron Jóhannsson (88.).

**Fjölnir - Valur 0-1**
0-1 Guðjón Pétur Lýðsson (22.)

### ENDAR DRAUMATÍMABIL GOLDEN STATE Á MARTRÖÐ?

Það verða allra augu á NBA-meisturum Golden State Warriors í nótt þegar liðið tekur á móti Oklahoma City Thunder í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í fimmta leik liðanna í úrslitum Vestursins í NBA-deildinni í körfubolta.

Golden State liðið vann 24 fyrstu leiki tímabilsins og bætti met Chicago Bulls frá 1996 með því að vinna 73 af 82 leikjum. Nú þarf liðið hins vegar að berjast fyrir lífi sínu því eftir sannfærandi heimasigra í röð þá eru Kevin Durant, Russell Westbrook og félagar þeirra í Thunder komnir í 3-1 og vantar bara einn sigur í viðbót til að komast í lokaúrslitin.

OKC vann 18 færri leiki en er þegar búið að slá út San Antonio Spurs 4-2 og getur nú breytt draumatímabili Stephen Curry og félaga í Golden State í martröð.



## Í dag

**19.50 Stjarnan - Víkingur Ó.l** Sport
**22.00** Borgunarmörkin Sport
**01.00 NBA: Golden St.-OKC** Sport

# MESTA LÆKKUN OG STÆRSTA
# FARTÖLVURÝMING
# Í SÖGU TÖLVULISTANS !

## 60 GERÐIR - 20% MEÐALAFSLÁTTUR



-42%
LÆKKUN -25.000
34.995
ÁÐUR 59.995
TOSHIBA TOS-C40C10K



-21%
LÆKKUN -15.000
54.995
ÁÐUR 69.995
TOSHIBA TOS-C50B1CE



LÆKKUN -30.000
-25%
89.995
ÁÐUR 119.995
acer ACE-NXMWAED026



LÆKKUN -15.000
-17%
74.995
ÁÐUR 89.995
TOSHIBA TOS-C55DC16H



-14%
LÆKKUN -15.000
94.995
ÁÐUR 109.995
ASUS ASU-X555LAX02438T



LÆKKUN -15.000
-14%
94.995
ÁÐUR 109.995
ASUS ASU-X555LAX02517T



-14%
LÆKKUN -50.000
299.995
ÁÐUR 349.995
ASUS ASU-G751JTT7121H



-20%
LÆKKUN -30.000
119.995
ÁÐUR 149.995
acer ACE-NXG7AED009

VANTAR ÞIG FARTÖLVU?

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS



Emil Hallfreðsson er brattur þrátt fyrir erfitt gengi á Ítalíu undanfarna tólf mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þjóðin hefur aldrei ákveðið liðið

**Eftir mikla velgengni á Ítalíu í fimm ár hafa síðustu ellefu mánuðir verið erfiðir fyrir Emil Hallfreðsson með félagsliðum sínum. Hann vann aðeins tvo deildarleiki í tæpt ár en er samt brattur og ætlar sér byrjunarliðssæti á Evrópumótinu sem hann er afar spenntur fyrir.**

EM2016

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Það er ótrúlega gott að koma heim til Íslands og hitta fjölskyldu og vini og auðvitað strákana,“ sagði Emil Hallfreðsson, landsliðsmaður í fótbolta, í samtali við Fréttablaðið á æfingu liðsins í byrjun vikunnar. Emil er einn af níu strákum á leiðinni til Frakklands sem eru mættir til æfinga með íslenska liðinu.

Emil spilar í ítölsku A-deildinni með Udinese þar sem deildarkeppni er lokið. Hann skipti um lið í janúarglugganum og yfirgaf þá Hellas Verona sem hann hjálpaði úr C-deild og upp í þá efstu.

### 30 leikir á ári er fínt

„Þetta var svolítið sérstakt tímabil því ég skipti um lið í janúar. Þáverandi þjálfari liðsins setti mikla pressu á að fá mig en svo var hann rekinn eftir nokkra leiki,“ segir Emil en brottrekstur þjálfara í ítölsku A-deildinni er daglegt brauð.

Emil byrjaði alla leiki fyrir Verona og til að byrja með hjá Udinese en undir lokin þurfti hann að sitja mikið á bekknum.

„Ég spilaði alveg slatta af leikjum en undir lokin minnkaði þetta aðeins. En ef ég var ekki í byrjunarliðinu kom ég alltaf inn á. Ég fékk fínan spiltíma á þessu tímabili. Ég spilaði um 30 leiki en 30 leikir á ári er fínt,“ segir Emil.

### Verður að tapa líka

Hellas Verona, gamla lið Emils, féll úr deildinni en það vann ekki leik fyrir áramót. Udinese gekk svo mjög illa eftir áramót og vann ekki leik þegar Emil spilaði. Ekki að það hafi verið honum að kenna. Í heildina er Emil aðeins búinn að taka þátt í einum sigurleik í ítölsku deildinni á síðustu ellefu mánuðum. Hann tekur því samt – eins og öllu öðru – með stóískri ró.

„Ef ég lít á síðustu sex ár á Ítalíu þá vann ég bara. Svo kemur eitt ár þar sem maður tapar mörgum leikjum. Ef maður myndi bara vinna myndi maður aldrei læra neitt nýtt. Ég lít á þetta sem lærdómsríkt ár og er bara spurning um að spýta í lófana þegar maður lendir í smá mótlæti,“ segir Emil.

Evrópumótið er fram undan og telja flestir spekingar og þjóðin öll að byrjunarliðið í fyrsta leik sé meira og minna klárt. Eina spurningin hjá flestum er bara hver byrjar frammi við hlið Kolbeins. Emil ætlar sér eins og aðrir í liðinu byrjunarliðssæti í St. Étienne 14. júní.

### Ótrúlegt ævintýri

„Ég veit ekki hvort þjálfararnir eru búnir að ákveða liðið. Ég held að þjóðin hafi aldrei ákveðið liðið samt,“ segir Emil en hann spilaði sex leiki í byrjunarliðinu í undankeppninni.

„Auðvitað hefur byrjunarliðið verið svipað en ég spilaði sex leiki sem byrjunarliðsmaður í undankeppninni þannig að ég tel mig eiga séns á að geta byrjað. Maður væri eitthvað sérstakur ef maður hefði ekki trú á því.“

Hafnfirðingurinn getur ekki beðið eftir að EM byrji enda hlutirnir orðnir raunverulegri en nokkru sinni fyrr þegar formlegar æfingar fyrir mótið eru hafnar.

„Þetta er að gerast núna sem er ótrúlega skemmtilegt. Þetta á eftir að verða ótrúlegt ævintýri sem verður gaman að taka þátt í. Við ætlum að gera okkar besta þarna úti,“ segir Emil Hallfreðsson.

> **Ef maður myndi bara vinna myndi maður aldrei læra neitt nýtt.**
>
> Emil Hallfreðsson

**Frá 24. maí 2015 til 20. apríl 2016 kom Emil Hallfreðsson aðeins einu sinni við sögu í sigurleik í ítölsku A-deildinni.**

**Í hinum tveimur sigurleikjum Udinese var hann annars vegar í banni og hins vegar ónotaður varamaður.**




## EM í Frakklandi

Það styttist í EM 2016 í Frakklandi, lokakeppnin hefst þann 10. júní og lýkur með úrslitaleik þann 10. júlí 2016.

Fréttablaðið verður með aukið pláss fyrir sportsíður þessa daga og glæsilega umfjöllun um leiki Íslands.

- Á fyrri opnunni verður fast pláss **2x10** á vinstri síðu og heilsíða hægri.
- Seinni opna **2x20** eða **5x10** á vinstri og heilsíða á hægri.

**Leikir Íslands**

| | |
|---|---|
| 14. júní | Ísland - Portúgal í Saint-Etienne |
| 18. júní | Ísland - Ungverjaland í Marseille |
| 22. júní | Ísland - Austurríki á Stade de France |




**Auglýsendum er bent á að hafa samband við söludeild og tryggja sér pláss í sportinu:**

Gústaf Bjarnason
512 5452
gustaf@365.is

Hafsteinn Hafsteinsson
512 5446
hafsteinn@365.is

Sigfús Örn Einarsson
512 5464
sigfus@365.is

Örn Geirsson
512 5448
orn@365.is


Heimaöryggi fyrir aðeins
4.900 kr.
á mánuði án binditíma*
Öryggismiðstöðin býður nú í fyrsta sinn Heimaöryggi án binditíma á aðeins 4.900 krónur á mánuði. Enginn stofnkostnaður og uppsetning er innifalin. Einfalt, þægilegt og ódýrara Heimaöryggi.
Kynntu þér málið nánar á oryggi.is eða í síma 570 2400.
INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA Á 4.900
Hægt er að bæta við búnaði eftir þörfum gegn aukagjaldi.
Stjórnstöð
Tölubord
1 x hreyfiskynjari
1 x stöðurofi í hurð
1 x reykskynjari
*3ja mánaða uppsagnarfrestur
VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400
Nánar á oryggi.is



Elsku hjartans ljúfa barnið okkar,
systir, mágkona, móðursystir
og barnabarn,

**Regína Sif Marinósdóttir**
Lindasmára 93,

varð bráðkvödd á heimili sínu
þann 22. maí síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

**Marinó Björgvin Björnsson** **Guðbjörg Birkis Jónsd.**
**Jón Ragnar Birkis Marinósson** **Rebekka Rut Marinósd.**
**Þorbjörg Alda Birkis Marinósd.** **Karl Sigurðsson**
**Regína Birkis Karlsdóttir**
**Regína Birkis** **Guðberg Haraldsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ósk Pétursdóttir**
Grandavegi 47,
áður til heimilis á Raufarhöfn,

lést þriðjudaginn 24. maí.
Minningarathöfn verður í Háteigskirkju
föstudaginn 27. maí kl. 13.00. Jarðarförin fer fram frá
Raufarhafnarkirkju þriðjudaginn 31. maí kl. 14.00.

**Pétur Björnsson** **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Hólmsteinn Björnsson** **Þorgerður Ása Tryggvadóttir**
**Guðrún Rannveig Björnsdóttir**
**Lilja V. Björnsdóttir** **Jón Ómar Finnsson**
**Birna Björnsdóttir** **Ríkharður Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, dóttir,
systir, mágkona og frænka,

**Svava Þorbjörg Óladóttir**

lést á heimili sínu, Leynihvammi,
Kópavogi, sunnudaginn 22. maí.
Útför hennar fer fram frá Lindakirkju í
Kópavogi mánudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Sveinn Pétursson**
**Jón Óli Gíslason** **Jóhanna Þorbergsdóttir**
**Níels Ólason** **Hrafnhildur Pálsdóttir**
**Fríða Pétursdóttir** **Arngrímur Arngrímsson**
**Jón Pétursson** **Edda Sigurðardóttir**
**Pétur Ingi Pétursson** **Sara Dögg Árnadóttir**
**Óli Jóhann Nielsson** **Hafdís Svava Níelsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts og
útfarar elskulegs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður og afa,

**Eysteins Guðlaugssonar**
Norðurbakka 3a, Hafnarfirði.

**Ólöf Gunnarsdóttir**
**Guðrún Eysteinsdóttir** **Gunnar Már Levísson**
**Eysteinn Eysteinsson** **Guðrún Johansen**
**Sindri, Hildur og Eyþór**



Minningarathöfn um ástkæra
móður mína, systur,
tengdamóður og ömmu,

**Guðbjörgu Margréti Gissurardóttur Maughan**
(Distu)

sem lést 1. febrúar síðastliðinn, verður haldin í Fríkirkjunni
Kefas, Fagraþingi 2a, 203 Kópavogi, föstudaginn 27. maí
kl. 14.00.

**Brynja Maughan, David Holmes, Eliza Björk Holmes,**
**Jóna Gissurardóttir, Þorgerður Ína Gissurardóttir,**
**Halldór Skaftason, Kristján Gissurarson,**
**Þórunn A. Magnúsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5000.



**Leikhópurinn Lotta sýnir leikritið Litaland eftir Önnu Bergljótu Thorarensen.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tíu ára starfsafmæli leikhópsins Lottu

**Leikhópurinn Lotta frumsýndi leikritið Litaland eftir Önnu Bergljótu Thorarensen í Elliðaárdal í gær við góðar undirtektir. Stefán Benedikt Vilhelmsson, leikstjóri sýningarinnar, segir leikritið fjalla um okkur sem manneskjur og að boðskapurinn sé afar fallegur.**

Við frumsýndum leikritið Litaland í gær og það gekk alveg ótrúlega vel,“ segir Stefán Benedikt Vilhelmsson, leikstjóri sýningarinnar, en leikhópurinn Lotta fagnar tíu ára starfsafmæli sínu í ár.

Enginn þekkir söguna um Litaland enda er um glænýtt ævintýri að ræða sem aldrei hefur heyrst áður. Sýningin er í anda Leikhópsins Lottu þar sem húmor fyrir jafnt fullorðna sem börn er allsráðandi. Alls eru sex leikarar í sýningunni sem skipta á milli sín fimmtán hlutverkum. Þá er flutt lifandi tónlist, söngur og dans og því nóg um að vera. Þessu er síðan öllu haldið saman af leikstjóranum Stefáni Benedikt Vilhelmssyni.

„Litaland fjallar um grunnlitina þrjá, gulan, rauðan og bláan. Að vísu kalla þau sig Gulverja, Rauðingja og Bláverja svo það er betra að hafa þetta rétt. Hver litur byggir sinn eigin heim í Litalandi og til að byrja með eru nú ekki mikil samskipti á milli heimanna enda vill hver litur bara halda sig út af fyrir sig. Hins vegar dregur fljótlega til tíðinda

> **Höfundur Litalands er Anna Bergljót Thorarensen. Þetta er sjötta leikritið sem hún skrifar fyrir hópinn en hún hefur verið meðlimur í Leikhópnum Lottu frá stofnun hans árið 2006.**

því Bláheimar eru allir að hruni komnir og neyðast Bláungar til að leita á náðir Gulverja í Gulheimum þar sem heimur þeirra virðist vera að þurrkast út og þeir eiga engan samastað. Ekki gengur það áfallalaust fyrir sig þar sem ekki eru allir tilbúnir að hleypa þeim inn og er spennandi að fylgjast með þeirri framvindu. Í Rauðheimum virðist þó allt vera með felldu og þar undirbúa Rauðingjar komu nýjasta litarins sem er væntanlegur í hópinn fljótlega. Rjóð móðir hans er hins vegar eitthvað treg til að segja frá því hver pabbinn er. Mögulega hefur einhver litablöndun einnig átt sér stað í Rauðheimum. Það er óhætt að segja að verkið fjalli um okkur sem manneskjur, þetta er mikilvæg saga þar sem fordómar og ótti koma fyrir og óhætt er að segja að sagan snerti alla,“ segir Stefán.

Síðastliðin sumur hefur hópurinn tekist á við Litlu gulu hænuna, Hróa hött, Gilitrutt, Stígvélaða köttinn, Mjallhvíti og dvergana sjö, Hans klaufa, Rauðhettu, Galdrakarlinn í Oz og Dýrin í Hálsaskógi. Í framhaldinu mun hópurinn ferðast með sýninguna og heimsækja yfir 50 staði víðsvegar um landið.

„Höfundur Litalands er Anna Bergljót Thorarensen. Þetta er sjötta leikritið sem hún skrifar fyrir hópinn en hún hefur verið meðlimur í Leikhópnum Lottu frá stofnun hans árið 2006. Ný tónlist hefur verið samin fyrir verkið og eru textarnir eftir Sævar Sigurgeirsson ásamt því að Baldur Ragnarsson semur texta við eitt lagið, en lögin samdi Baldur ásamt þeim Birni Thorarensen og Rósu Ásgeirsdóttur,“ segir Stefán og bætir við að mikil spenna ríki í hópnum fyrir komandi sumri en fyrsti túrinn er strax í næstu viku og þá heldur hópurinn til Vestfjarða.

**gudrunjona@frettabladid.is**



Ástkær eiginkona mín, tengdamóðir,
amma, og systir,

**María Erla Helgadóttir Blöndal**

lést þann 5. maí síðastliðinn
í Arendal, Noregi.

**Björn Blöndal**
**Kristján Blöndal** **Vibeke Blöndal**
**Björn G. Blöndal** **Guðrún Helgadóttir**
**Jónína Helgadóttir og barnabörn.**



Móðir okkar,

**Lilja Árnadóttir**

lést þann 8. maí.
Jarðarförin fór fram í
kyrrþey 24. maí.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Hlíf Erlingsdóttir** **Tómas Rasmus**
**Sigríður Erlingsdóttir** **Magnús Þór Jónsson**
**Guðrún Anna Erlingsdóttir** **Hákon E. Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**




MATREIÐSLUÞÁTTUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.

# ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA

Það er leikur að elda, nýr og frábær matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Í þáttunum fær Eva Laufey til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðarkokkar í þokkabót.Í sameiningu velja þau hráefni og krakkarnir fá svo að elda sinn uppáhaldsrétt undir handleiðslu Evu Laufeyjar.

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðvestanhvassviðri sums staðar og stormur norðvestanlands, en dregur smám saman úr vindi eftir hádegi. Vætusamt sunnan- og vestanlands en annars úrkomulítið. Hlýtt í veðri, einkum á Austurlandi.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 4° | 8° |
| 11 | 2 | 13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 9° | 4° |
| 12 | 6 | 16 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 6° | 11° |
| 11 | 15 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° | 10° | 4° |
| 10 | 5 | 13 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. brott
6. rún
8. mánuður
9. gagn
11. tveir eins
12. hald
14. rabb
16. í röð
17. fiskur
18. skelfing
20. samtök
21. land í Asíu

**LÓÐRÉTT**
1. áfengisblanda
3. kringum
4. billjónasti
5. tímabil
7. heimilistæki
10. hald
13. af
15. óforsjálni
16. tæki
19. nafnorð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. burt, 6. úr, 8. maí, 9. nyt, 11. öð, 12. skaft, 14. skraf, 16. tu, 17. áll, 18. ógn, 20. aa, 21. laos.
**LÓÐRÉTT:** 1. púns, 3. um, 4. raðtala, 5. tíð, 7. ryksuga, 10. tak, 13. frá, 15. flas, 16. tól, 19. no.

### Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Anton Demchenko (2.589) vann ótrúlegan sigur á David Howell (2.671) í lokaumferð EM einstaklinga í Gjakova í Kósóvó.

**12. Bh4!! Kg7 13. Kh1!! gxf3 14. Dxf3 Rb8 15. g4 Rbd7 16. Hg1 Hh8 17. Rf1 De8?** (17. ... Kf8!) **18. g5 Rg8 19. gxh6+ Kf8 20. Dg3 Rgf6 21. Dg7+ Ke7 22. Hg6 Hg8 23. Bxf6+ Rxf6 24. Dxf6+ Kd7 25. Bxf7 1-0.** Ótrúleg lokastaða.
**www.skak.is:** Short vann Jóhann.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# nettó




























**www.netto.is | Tilboðin gilda 26. – 29. maí 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Felur í sér **mikinn leik** og marga möguleika

**Ljósmálun er yfirskrift sýningar í Listasafni Íslands þar sem tekist er á við birtingarmyndir málverka í ljósmyndum. Birta Guðjónsdóttir sýningarstjóri segir sýninguna byggða á undirbúningi að stærra verki.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Birtingarmyndir málverka í ljósmyndum úr íslenskri samtímalist er viðfangsefni sýningarinnar Ljósmálun sem var opnuð nýverið í Listasafni Íslands að Fríkirkjuvegi. Verkin á sýningunni eru frá tímabilinu 1965 til 2015 og að langstærstum hluta í eigu safnsins en einnig er þar að finna verk í eigu listamanna sjálfra, einkum af yngri kynslóð sýnenda.

Birta Guðjónsdóttir, deildarstjóri sýningardeildar safnsins og sýningarstjóri, segir að grunnur sýningarinnar sé byggður á undirbúningi að stærra verkefni sem sé í raun enn í mótun. „Þetta er fyrsta skref í samstarfsverkefni Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns sem við áætlum að haldi áfram 2017/2018. En þessi sýning er aftur á móti sjálfstæð. Þarna er blanda af eldri og yngri listamönnum hverra verk hafa ekki verið sýnd hér í Listasafninu áður og mig langaði til þess að vekja athygli á og sjá þeirra verk í bland við þekktari listamenn. Í þessu samstarfsverkefni með Þjóðminjasafninu höfum við verið að skoða þessi tengsl ljósmynda og málverksins á lengra tímabili eða í raun frá því í árdaga ljósmyndunar á Íslandi.



Birta Guðjónsdóttir, deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Breytt viðhorf

Við höfum verið að skoða þetta vítt og breitt, listamenn sem nota ljósmyndina, ljósmyndara og listamenn sem hafa málað eftir ljósmyndum og á ljósmyndir. Þar sem við vorum byrjuð að vinna þetta vorum við dáldið æst í að sýna fljótlega það sem er næst okkur í tíma. Elsta verkið er frá 1965 en það nýjasta er verk Jónu Hlífar Halldórsdóttur frá 2015, sem kom inn í safneign Listasafnsins fyrir hálfu ári. Bæði eru þessi verk eftir listamenn sem fást við ljósmyndina sem sinn helsta miðil og listamenn sem nota ljósmyndamiðilinn í bland við aðra miðla.

Safnið hefur ekki sinnt ljósmyndinni mikið sem miðli innan myndlistarinnar. Sýningin er því liður í því að takast á við ljósmyndina sem hluta af samtímalistinni en sýnileiki hennar er alltaf að aukast innan myndlistarinnar bæði hér heima og alþjóðlega. Viðhorfið til ljósmyndarinnar hefur verið að breytast og fólk sem fylgist með listum og þá ljósmyndun sérstaklega áttar sig á því að þetta er form sem getur staðist tímans tönn þó svo enn eimi sums staðar eftir af hírarkíu miðlanna, málverksins og ljósmyndunarinnar.

**VIÐHORFIÐ TIL LJÓSMYNDARINNAR HEFUR VERIÐ AÐ BREYTAST OG FÓLK SEM FYLGIST MEÐ LISTUM OG ÞÁ LJÓSMYNDUN SÉRSTAKLEGA ÁTTAR SIG Á ÞVÍ AÐ ÞETTA ER FORM SEM GETUR STAÐIST TÍMANS TÖNN ÞÓ SVO ENN EIMI SUMS STAÐAR EFTIR AF HÍRARKÍU MIÐLANNA, MÁLVERKSINS OG LJÓSMYNDUNARINNAR.**

### Mikilvægir áhrifavaldar

E.t.v. má rekja slíka nálgun til þess að á Íslandi hefur skort á áherslu á ljósmyndina í listnámi, t.d. samanborið við hin Norðurlöndin, í Listaháskólanum hefur t.d. því miður ekki verið nægilega gott ljósmyndaver og tæknilegar aðstæður hafa ekki verið hvatning til þess að kanna þennan miðil og þenja mörk hans. Það hefur svo aftur jákvæð áhrif þegar þekktir listamenn vinna með ljósmyndina. Það má t.d. nefna Ólaf Elíasson og hérlendis hefur Roni Horn líka haft mikil áhrif á listamenn sem eru að nota miðilinn. En svo eru líka listamenn s.s. Sigurður Guðmundsson sem hefur notað ljósmyndina frá sjöunda áratugnum og hefur haft mikil áhrif á nálgunina við miðilinn sem listmiðil þótt hann líti ekki á sig sem ljósmyndara og hafi ekki sérstakan áhuga á tæknilegum hluta ljósmyndunar. Sigurður á verk á sýningunni.

Það er ör þróun í þessum miðli og tækniþróunin skilar sér þráðbeint inn í notkun hans. Frelsið sem ljósmyndin veitir listamanninum er mjög frelsandi og felur í sér mikinn leik og marga möguleika.“



LYFJA
– Lifið heil

20 ára

# Gerðu þér glaðan dag!

20% AFSLÁTTUR
26.–29. maí




## L'Oréal
- Hjá L'Oréal finnur þú allt sem þú þarft í snyrtibudduna þína. Fallegir farðar, glitrandi augnskuggar, ljómandi púður og girnilegir maskarar sem fullkomna förðunina!



## Lancôme
- Í 81 ár hefur Lancôme helgað sig fegurð. Markmið Lancôme er að allar konur sem nota Lancôme öðlist fegurð og gleði og verði ávallt ánægðar með árangurinn.




## Biotherm
- Dýfðu þér í yndislegan heim BIOTHERM sem færir húð þinni fegurð, heilbrigði og hreinleika.




## Sothys
- Sothys er tákn fegurðar þar sem nákvæmni og kvenleiki eru í fyrirrúmi.
- Ofnæmisprófaðar og paraben-fríar.




## Novexpert
- 100% öryggi og 100% árangur er yfirskriftin hjá Novexpert.

## Snyrtivörudagar 26.–29. maí
Nýttu tækifærið og frískaðu upp á útlitið, við bjóðum 20% afslátt af **öllum snyrtivörum** frá L'Oréal, Lancôme, Biotherm, Sothys og Novexpert.

Opið til miðnættis í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi.

Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi
Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi
Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal
Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi
Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki
Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði
Reyðarfirði
Höfn
Laugarási
Selfossi
Grindavík
Keflavík

Lyfja.is



Óli Gunn, Steini í Svissinum, Jóhann Páll, Einar Kára og Sveini í góðum fíling. MYND/JPV

# Allir komnir í einkaherbergi í lok ferðar

**Myndin Úti að aka – Á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku verður sýnd á morgun. Sveinn M. Sveinsson myndaði ferð Einars Kárasonar, Ólafs Gunnarssonar, Jóhanns Páls Valdimarssonar og Steina í Svissinum eftir Route 66 á Kadilakk frá 1960.**

Á morgun verður heimildarmyndin Úti að aka – Á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku frumsýnd í Bíó Paradís.

Myndin segir frá ferð rithöfundanna Einars Kárasonar og Ólafs Gunnarssonar sem fyrir tíu árum létu gamlan draum rætast og héldu þvert yfir Ameríku eftir Route 66 á 1960 árgerð af Kadilakk og skrifuðu um það bók. Með þeim voru útgefandi bókarinnar, Jóhann Páll Valdimarsson, og Steini í Svissinum, sérlegur kadda-sérfræðingur ferðarinnar, og auðvitað kvikmyndagerðarmaðurinn Sveinn M. Sveinsson í Plús film.

„Ég frétti af þessari ævintýraferð þeirra félaga og hitti svo Einar á förnum vegi og spurði hvort ég mætti ekki koma með,“ útskýrir Sveinn hress þegar hann er inntur eftir aðkomu sinni að myndinni. „Þetta er við mitt hæfi að fanga það sem raunverulega gerist í staðinn fyrir að endurskapa raunveruleikann í einhverju ljósasjóvi.“

Í myndinni fylgist Sveinn með upplifun félaganna á ferðalaginu og hvað varð rithöfundunum tveimur að innblæstri við skrif samnefndrar bókar sem kom út árið 2006. „Ég hugsaði að það þýddi ekki að koma með myndina um leið og bókina því hún þurfti að fá sitt pláss. Síðan dróst þetta aðeins, ég er búinn að vera að vinna þetta síðustu ár og hef aldrei orðið leiður á efninu,“ segir hann og bætir við að útlitslega komi þetta ekki niður á myndinni. Aðalsöguhetjur hennar hafi líka lítið breyst. „Allir líta þeir eins út í dag. Síungir og síkátir,“ segir hann og skellir upp úr.

Tónlistin í myndinni er eftir þá Krumma Björgvinsson og Daníel Ágúst Haraldsson og kemur af disknum Esju en Sveinn segir tónlistina svo sannarlega set punktinn yfir i-ið. Auðheyrt er að töluvert fjör hefur verið í tökuferlinu en þeir félagar voru á ferðinni í þrjár vikur og tekur Sveinn fram að ferðaplön hópsins hafi riðlast strax á fyrsta degi. „Svo fór núningur innan hópsins að hafa þau áhrif að menn gátur verið örlítið grömpí,“ segir hann kíminn og bætir við að svefnstaðir þeirra félaga hafi ekki verið ákvarðaðir með neinum fyrirvara og það haft að leiðarljósi að hafa svefnstaðinn sem ódýrastan. „Við sváfum stundum þrír saman í herbergi, að minnsta kosti til þess að byrja með en svo fór það svona að gisna og í lok ferðarinnar vorum við allir í einkaherbergi.“



Steini í Svissinum í vellystingum á Kadilaknum. MYND/JPV

Upplýsingar um sýningartíma myndarinnar má nálgast á vefsíðu Bíó Paradísar.

gydaloa@frettabladid.is

## Frumsýningar




**JÖKULLINN LOGAR**
Heimildarmynd
Frumsýnd 1. júní



**FLORENCE FOSTER JENKINS**
Ævisöguleg gamanmynd
Aðalhlutverk: Meryl Streep, Simon Helberg, Rebecca Ferguson, Simon Helberg, Hugh Grant.
Frumsýnd 8. júní
IMDb 7,1/10



**TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES**
Out of the Shadows
Ævintýramynd
Aðalhlutverk: Megan Fox, Will Arnett, Tyler Perry, Alan Ritchson, Noel Fisher, Pete Ploszek.
Frumsýnd 1. júní

FORSETAFRAMBJÓÐENDUR RÆÐA STJÓRNARSKRÁNA
Í dag, 26. maí kl. 12 í stofu M209 í HR
Nánar á hr.is
Lögrétta, félag laganema við HR, býður til opins fundar með frambjóðendum til embættis forseta Íslands um stjórnarskrána.
Allir velkomnir.
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík



# ÚTSKRIFTARGJAFIRNAR FÁST Í A4

## Hnattlíkön
**12.749 kr.**
Verð áður 16.999 kr.
-25%*



## American Tourister cabin taska
**11.999 kr.**



## House Doctor
**1.724 kr.**
-25%*



## Samsonite snyrtitaska
**7.999 kr.**



## Pioneer heyrnartól
**7.999 kr.**



## Fujifilm myndavél
**15.900 kr.**



## Samsonite ferðataska
Base hits, stækkanleg
**23.990 kr.**



## Umbra skartgripaskrín
**7.499 kr.**
Verð áður 9.999 kr.
-25%*



## Samsonite fartölvubakpoki
Fyrir allt að 15-16" tölvur
**8.990 kr.**



*Gildir fyrir meðlimi í A4 klúbbnum, til 29. maí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

ÁRNASYNIR

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
POWERSÝNING KL. 22:30
X-MEN APOCALYPSE

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 7, 10:30(P) |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:50 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8, 10 |
| CAPTAIN AMERICA | 10 |
| RATCHET & CLANK | 5:50 |

SAMBÍÓIN
JOHNNY DEPP ANNE HATHAWAY SASHA BARON COHEN HELENA BONHAM CARTER MIA WASKOWSKA
ALICE THROUGH THE LOOKING GLASS
Framhald af einni vinsælustu ævintýramynd allra tíma
KEY & PEELE KEANU KITTEN, PLEASE.
ROLLING STONES HITFIX ROGEREBERT.COM NEW YORK POST 78%
X-MEN APOCALYPSE
JENNIFER ANISTON KATE HUDSON JULIA ROBERTS JASON SUDEIKIS
MOTHER'S DAY
Frábær rómantísk gamanmynd frá leikstjóra Pretty Woman og Valentine's Day

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5:30 - 8:40 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 - 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 8 - 10:20 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:40 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 6:30 - 9 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |

CIVIL WAR 95% THE JUNGLE BOOK

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
X-MEN APOCALYPSE
FORELDRABÍÓ ANNAN HVERN FÖSTUDAG KL. 12 Í SMÁRABÍÓI
Ópera í beinni WERTHER 26. júní í Háskólabíói FORSALA HAFIN
ANGRY BIRDS BAD NEIGHBOURS 2 FLÓÐBYLGJAN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 26. MAÍ 2016



Retro Stefson frumsýnir glænýtt myndband við lagið Skin á Kexi hosteli í kvöld.

## Tónlist

**Hvað?** Mezzoforte
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hljómsveitin heimsfræga Mezzoforte spilar ekki oft hér á landi en kemur í kvöld fram á Rosenberg. Miðaverð er 4.900 krónur.

**Hvað?** Lucrezia
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Guðríðarkirkja
Barokkhópurinn Symphonia Angelica flytur dramatíska frásögn í tónum. Viðburðurinn er hluti af Listahátíð og miðaverð er 4.700 krónur.

**Hvað?** Hreimur og Matti Matt
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** American Bar
Hreimur og Matti Matt gera allt vitlaust á American Bar í kvöld.

**Hvað?** DJ Sonur sæll
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn
DJ Sonur sæll tryllir lýðinn með plötuspilarana að vopni á Kaffibarnum í kvöld.

**Hvað?** DJ Ívar Pétur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgata 12
DJ Ívar Pétur stjórnar tónlistinni á Hverfisgötu 12 og mun að sjálfsögðu vera með öll bestu lögin á spilaranum.

**Hvað?** RAFLOST
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi
Allskonar húllumhæ í Mengi í dag í tilefni RAFLOSTs-hátíðarinnar. Þarna verða lesin ljóð, tónlist flutt og listaverk afhjúpuð í rafmagnaðri stemmingu.

**Hvað?** DJ Eyfjörð
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas
DJ Eyfjörð heldur uppi fjörinu á BarAnanas og það er frítt inn.

**Hvað?** Karlakórinn Esja vs. The Whiffenpoofs
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Karlakórinn Esja og bandaríska acapella-sveitin The Whiffenpoofs syngjast á. Eftir tónleikana verða grillaðar pylsur. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Fyrstu tónleikarnir í nýrri tónleikaröð í Norræna húsinu. Þessir tónleikar eru hugsaðir fyrir ferðamenn sem og íslenska tónlistaráhugamenn sem vilja kynnast íslenskri og norrænni tónlist betur. Guðni Franzson og Valgerður Andrésdóttir spila á þessu fyrsta kvöldi og miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Bjarni Már tríó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bjórgarðurinn
Jazzkvöld Bjórgarðsins og í kvöld er það Bjarni Már tríó sem spilar geggjaðan jazz. Þarna verða síðan ótalmargir bjórar á krana og í flöskum og nýr matseðill.

**Hvað?** Elísabet og Sólborg – Óperudagar í Kópavogi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Fyrstu tónleikar Óperudaga í Kópavogi og munu Elísabet Einarsdóttir og Sólborg Valdimarsdóttir ríða á vaðið. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Retro Stefson – Skin frumsýningarpartí
**Hvenær?** 21:00
**Hvar?** Kex hostel
Retro Stefson frumsýnir nýjasta myndbandið sitt sem er leikstýrt af meistara Magga Leifs. Það verður boðið upp á veigar svo að það hlýtur að teljast gáfulegt að mæta snemma.

## Fundir

**Hvað?** Foodloose
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Harpa
Ráðstefna um áhrif mataræðis á heilsu og mun þetta vera stærsta ráðstefna sinnar tegundar á Íslandi. Skráningargjald er 44.900 krónur.

## Uppákomur

**Hvað?** Fjölnishlaupið
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi
Fjölnishlaupið fer fram í 28. sinn núna í kvöld.

**Hvað?** Calmus Waves
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Dansverk við tónverk sem er samið í rauntíma með iPad smáforritinu CalmusComposer. Uppákoman er hluti af Listahátíð. Verð 2.900 krónur.

## Uppistand

**Hvað?** Uppistand Stúdentakjallarans og GOmobile
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Uppistand í Stúdentakjallaranum þar sem hópur grínara kemur fram. Bylgja Babýlons kynnir.

KEEP FROZEN
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
| --- | --- |
| The Witch / Nornin | 18:00 |
| Keep Frozen ENG SUB | 18:00 |
| Anomalisa | 18:00 |
| Room | 20:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Brev til kongen | 22:00 |
| The Ardennes ENG SUB | 22:00 |
| Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB | 22:00 |

BREV til KONGEN



## LEVANTO
Danskir hægindastólar. Til í leðri og áklæði. Hallanlegir með snúningi. Fáanlegir í mörgun litum í leðri.
Stærð: 77 × 75 × 109 cm

Leðurstóll með skemli
**119.800 kr.** ~~149.980 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

# HELGAR SPRENGJA



**37%** AFSLÁTTUR

## MARCUS
Borðstofustóll.
Svartur, hvítur eða grár.
**4.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## DIMA
Borðstofustóll. Hvítur og svartur. Með viðarlitum og svörtum löppum.
**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Stækkanlegt eldhúsborð, viður/hvítt.
Stærð: 110 x 110/160 H: 74 cm
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## MARCUS
Eldhúsborð. 90 x 90 cm H: 75 cm
**14.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.
**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~

## VESTA
Tungusófi. Hægri og vinsti tunga. Miriam grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 295 × 94/160 × 74 cm
**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




19:08
**FORSETAKOSNINGAR 2016**
Umræðuþáttur þar sem Lillý Valgerður Pétursdóttir og Þorbjörn Þórðarson fara yfir málefni forsetaframbjóðenda í beinni útsendingu á Stöð 2.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




20:00
**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA**
Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey fær til sín í hverjum þætti unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru þar að auki afburðakokkar.

21:10
**THE BLACKLIST**
James Spader er stórkostlegur í hlutverki hins alræmda Raymonds Reddington. Ekki missa af lokaþætti þessara mögnuðu spennuþátta.




21:55
**CONTAINMENT**
Faraldur brýst út í Atlanta og stór hluti borgarinnar er settur í sóttkví. Fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast innan veggja múrsins.



22:00
**SOME VELVET MORNING**
Fred birtist skyndilega heima hjá Velvet eftir hvarf hans nokkru áður og endurfundir þeirra hefjast á vinsamlegum nótum en ekki er allt sem sýnist.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Masterchef USA
**11.00** Jamie's Super Food
**11.45** Um land allt
**12.05** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** He's Just Not That Into You
**15.05** Top Gun
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** **Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.08** Forsetakosningar 2016
**20.00** Það er leikur að elda
**20.25** **Restaurant Startup** Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað og því til halds og traust er hinn vinsæli veitingahúsaeigandi Russell Norman.
**21.10** The Blacklist
**21.55** Containment
**22.40** Lucifer
**23.25** Rapp í Reykjavík
**23.55** X-Company
**00.40** Banshee
**01.30** The Raid
**03.10** Fright Night 2
**04.50** Top Gun

## SPORT

**07.25** Fjölnir - Valur
**09.05** Breiðablik - Þór/KA
**10.50** Markaþáttur Pepsí deildar kvenna
**11.35** Breiðablik - KR
**13.20** Swansea - Man. City
**15.00** Chelsea - Leicester
**16.45** Fjölnir - Valur
**18.25** Premier League World
**18.55** Goals of the Season
**19.50** Stjarnan - Víkingur Ó. BEINT
**22.00** Borgunarbikarmörkin
**23.15** NBA Special - The Bad Boys
**01.00** Golden State - Oklahoma. Leikur 5 BEINT

## SPORT 2

**13.00** Napoli - Frosinone
**14.45** Juventus - Sampdoria
**16.55** Ítölsku mörkin
**17.20** Markaþáttur Pepsí deildar kvenna
**18.05** Fram - Haukar
**19.50** Man. Utd. - Bournemouth
**21.35** Stjarnan - FH
**23.25** Goals of the Season

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** PGA Tour
**13.15** Golfing World
**14.05** Inside the PGA Tour
**14.30** PGA Tour
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** PGA Tour
**23.00** Golfing World

## STÖÐ 3

**18.45** Cristela
**19.10** Community
**19.30** League
**20.00** Flash
**20.45** Gotham
**21.30** Arrow
**22.15** NCIS Los Angeles
**23.00** Justified
**23.40** League
**00.05** Flash
**00.45** Gotham
**01.30** Arrow
**02.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Lína Langsokkur
**07.25** Lukku-Láki
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Ljóti andarunginn og ég
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Lína Langsokkur
**11.25** Lukku-Láki
**11.48** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Ljóti andarunginn og ég
**14.25** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Lína Langsokkur
**15.25** Lukku-Láki
**15.48** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Ljóti andarunginn og ég
**18.25** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Lína Langsokkur



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Raising Hope
**18.40** The Big Bang Theory
**19.00** Friends
**19.30** Friends
**19.55** Modern Family
**20.20** Major Crimes
**21.05** Shetland
**22.05** The Sopranos
**23.05** Crisis
**23.50** Friends
**00.15** Friends
**00.40** Major Crimes
**01.20** Shetland
**02.20** The Sopranos
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.40** Miss Conception
**11.25** The Theory of Everything
**13.30** The Amazing Spider-Man 2
**15.50** Miss Conception
**17.35** The Theory of Everything
**19.40** The Amazing Spider-Man 2
**22.00** **Some Velvet Morning** Þegar Fred birtist skyndilega heima hjá Velvet eftir að hafa látið sig hverfa fjórum árum áður hefst samtal þeirra á milli sem byrjar á vinsamlegum nótum. Ekki er þó allt sem sýnist og vinsamlegt samtal þeirra þróast smám saman út í harðvítuga deilu sem á eftir að enda á vægast sagt óvæntan hátt. Með aðalhlutverk fara Stanley Tucci og Alice Eve.
**23.20** Small Apartments
**01.00** **Last Days on Mars** Spennutryllir frá 2103 með Liv Schreiber í aðalhlutverki. Myndin fjallar um geimfara, sem Schreiber leikur, sem fer fyrir hópi geimfara sem einn af öðrum týna lífinu af völdum ókunnrar bakteríu, um það bil þegar þeir eru að ljúka við sýnatöku á Mars.
**02.40** Some Velvet Morning

## RÚV

**15.35** Martin læknir
**16.25** Violetta
**17.15** Í garðinum með Gurrý
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Eðlukrúttin
**18.10** Best í flestu
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Leiðin til Frakklands
**20.40** Martin læknir
**21.30** Heillandi heimur húsgagna
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Indian Summers
**00.20** Kastljós
**00.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**00.35** The Catch
**01.20** Scandal
**02.05** Chicago Med
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Leiðin á EM 2016
**14.20** America's Next Top Model
**15.05** The Voice
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Grandfathered
**20.40** The Grinder
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Scorpion

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# RUGLIÐ HELDUR ÁFRAM?

# 40% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



**Outletið lokar innan skamms!**
Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!

**STÆRSTA OUTLET LANDSINS!**

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Raðandi - auglýsingastofa ehf




# OPNUNARTILBOÐ

## FRÁBÆR TILBOÐ UM HELGINA

## NÝ OG ENDURBÆTT TIMBURVERSLUN BREIDD



-20%

**GARÐBORÐ** fyrir börn, hringlaga, 25mm, svart.

**19.995kr.**

0291457
Almennt verð: 24.995kr.



-20%

**LERKI,** alheflað, 27x117mm

**476kr./m.**

0053265
Almennt verð: 595 kr./m.



-20%

**GARÐBEKKUR,** 2 sæta „Islandic“

**23.995kr.**

0291473
Almennt verð: 29.995 kr.



**FURA,** alhefluð, 27x145mm, gagnvarin

**275kr./m.**

0058326
Almennt verð: 345kr./m.
Lengdir 4,8-6m

-20%

-25%




**TRÉSÖG,** 55cm

**895kr.**

70210023
Almennt verð: 1.195kr.



-25%

**RÆKTUNARKASSI,** 50x100x120cm

**14.995kr.**

0291500
Almennt verð: 19.995kr.

-25%

**HALLAMÁL,** Genesis, 60cm.

**1.845kr.**

49278106
Almennt verð: 2.465 kr.






-22%

**GARÐBORÐ,** 1540x1770x710

**17.995kr.**

0291450
Almennt verð: 22.995 kr.

**MÁLBAND,** 5m, 19mm, króm

**685kr.**

49250519
Almennt verð: 985 kr.




-30%

**OPNUNARTÍMI - TIMBURVERSLUN UM HELGINA**

**Föstudagur 8-18, laugardagur 10-16, Sunnudagur 11-15.**

-25%

**VATNSKLÆÐNING,**
20x120mm, bandsöguð

**243** kr./m.

0078205
Almennt verð: 324 kr./m,




-28%

**KLAUFHAMAR,**
20oz, fíber

**995** kr.

72221007
Almennt verð: 1.385 kr.



**GARÐBEKKUR,**
3 sæta „Islandic“

**25.995** kr.

0291474
Almennt verð: 32.995 kr.

-21%



**VETTLINGAR,**
velcro, leður, M-XL.

**895** kr.

93955324-26
Almennt verð: 1.495 kr.

-40%



-20%

**SNÚRUSTAURAR**

**7.995** kr.

0291502
Almennt verð: 9.995 kr.



**SPORJÁRNASETT,**
3 stykki.

**1.995** kr.

72225053
Almennt verð: 2.795 kr.

-29%



-19%

**GIRÐINGAREINING,**
massíf, 1800x1800mm

**12.995** kr.

0291378
Almennt verð: 15.995 kr.



-28%

**GARÐBORÐ**
fyrir börn, 19mm

**4.995** kr.

0291458
Almennt verð: 6.895 kr.

**GRENI,** panill,
12x95mm, breið nót

**138** kr./m

0072164
Almennt verð: 184 kr./m

-25%




-43%

**BÚTSÖG PCM 8,**
1200W, 216mm

**19.995** kr.

74862008
Almennt verð: 34.995 kr.

**TAKMARKAÐ MAGN**



**PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ**

## GARÐAHÖNNUN

Í sumar mun Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt, veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna framkvæmda í garðinum.

**HÁLFTÍMA RÁÐGJÖF KOSTAR 4.995KR.**

Sú upphæð nýtist sem inneign þegar keypt er efni í garðinn í BYKO. Skráning á netfangið gudrunhalla@byko.is eða í síma 5154144.




-39%

**BORVÉL,**
PSB 500-RE

**5.995** kr.

74860500
Almennt verð: 9.895 kr.

**TAKMARKAÐ MAGN**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 29.maí eða á meðan birgðir endast í Timburverslun.

# Heiðursgestir RIFF

Heiðursgestir alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar RIFF í ár eru leikstjórarnir **Alejandro Jodorowsky** og **Darren Aronofsky** sem báðir eru stórmerkilegir listamenn. Þeir munu taka við heiðursverðlaunum og sitja fyrir svörum í pallborðsumræðum á hátíðinni.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF verður í ár haldin í þrettánda sinn og stendur frá 29. september til 9. október. Í þetta sinn verða heiðursgestir hátíðarinnar tveir heimsþekktir en ólíkir leikstjórar, en það eru þeir Darren Aronofsky og Alejandro Jodorowsky. Þeir munu báðir taka á móti heiðursverðlaunum – Aronofsky fyrir framúrskarandi listfengi og Jodorowsky fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar. Valdar myndir eftir þá verða sýndar og þeir munu sitja fyrir svörum eftir sýningarnar.

„Þeir verða með pallborðsumræður opnar fyrir almenning þar sem þeir svara spurningum um feril sinn og kvikmyndir, hugmyndirnar sínar og hugmyndirnar bak við myndirnar og allt það sem þeir hafa verið að gera. Við höfum verið með svona mastersklassa á RIFF undanfarin ár og þetta hefur verið tekið upp og streymt beint á YouTube þannig að það er hægt að horfa þó að maður komist ekki á staðinn. Þarna geta áhorfendur spurt spurninga og fengið svör við því sem brennur á þeim,“ segir Sandra Guðrún Guðmundsdóttir hjá RIFF.

Darren Aronofsky er bandarískur leikstjóri sem er þekktur fyrir óvenjulegar myndir sínar sem eru oft fullar af súrrealískum og sálfræðilegum hryllingi. Aronofsky er frekar ungur, en hann er aðeins 47 ára, sem telst unglingsaldur meðal leikstjóra og eru myndir hans að einhverju leyti mótaðar af því – en í þeim má finna áhrif frá tónlistarmyndböndum, nýaldartrúarbrögðum og vísindaskáldskap. Hans þekktasta mynd er líklega Black Swan en hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti leikstjórinn fyrir hana og hún var einnig tilnefnd sem besta myndin. Kvikmyndin Noah, sem kom út árið 2014, var að einhverju leyti tekin upp hér á landi og skartaði m.a. Russel Crowe og Anthony Hopkins.

Alejandro Jodorowsky er chileskur leikstjóri, en hann mætti með réttu kalla fjöllistamann því að auk þess að vera þekktur sem leikstjóri hefur hann einnig skrifað kvikmynda- og leikritahandrit, hann er leikari og leikur oft aðalhlutverk í myndum sínum, hann er rithöfundur, tónlistarmaður, hefur samið myndasögubækur og hefur af sumum einnig verið kallaður andlegur leiðtogi eða gúrú. Myndir hans eru mjög óvenjulegar og framúrstefnulegar og hafa af þeim sökum mikið költfylgi, sérstaklega þá myndirnar The Holy Mountain og El Topo. Myndirnar eru stútfullar af trúarlegum táknum og undarlegum persónum í súrrealískum aðstæðum og oft eru í myndunum leikarar með líkamlegar og andlegar fatlanir.

stefanthor@frettabladid.is



## MYNDIR ALEJANDRO JODOROWSKY

**Endless Poetry (2016)**
**The Dance of Reality (2013)**
**The Rainbow Thief (1990)**
**Santa Sangre (1989)**
**Tusk (1980)**
**La montaña sagrada**
**(e. The Holy Mountain 1973)**
**El Topo (e. The Mole 1970)**
**Fando and Lis (1968)**




**El Topo** var „týnd“ lengi vel, hún kom út árið 1970 en kom ekki út í aðgengilegri útgáfu fyrr en árið 2007. Hún hafði lengi vel „neðanjarðar“-fylgi, var sýnd í litlum bíóhúsum og Yoko Ono og John Lennon áttu t.d. stóran þátt í að dreifa henni í upphafi, enda miklir aðdáendur. Myndin fjallar um El Topo, Moldvörpuna, sem ferðast ásamt nöktu barni um eyðimörk og hittir alls konar skrautlega karaktera. Jodorowsky sjálfur leikur aðalhlutverkið, kúrekann El Topo, en í honum má finna sterkt frelsaraminni og myndinni er skipt upp í kafla nefnda eftir bókum Biblíunnar.



## MYNDIR DARREN ARONOFSKY

**Noah (2014)**
**Black Swan (2010)**
**The Wrestler (2008)**
**The Fountain (2006)**
**Requiem for a Dream (2000)**
**Pi (1998)**




**Requiem for a Dream** fjallar um líf fjögurra fíkla á mismunandi stigum samfélagsins og hvernig þeir sökkva æ dýpra ofan í myrkan og martraðarkenndan heim fíknarinnar. Myndin notast við hraðar klippingar, tvískiptan skjá, endurtekningar, yfirþyrmandi tónlist og skæra liti, brellur sem tíðkast oftar í tónlistarmyndböndum en í kvikmyndum og gera heim myndarinnar draumkenndan og óþægilegan. Litirnir og myndatakan eru notuð til að lýsa hugarástandi karakteranna og myndin mótast því að miklu leyti af tilfinningalífi persónanna, t.d. ýktum nærmyndum af eiturlyfjum sem sýnir plássið sem eiturlyfin taka í lífi þeirra.



# DEBENHAMS




**Farði er ekki gríma.**
Hann undirstrikar andlitið
sem þú vilt sýna umheiminum.
Farði eykur sjálfstraust,
endurspeglar hver þú ert.
Segðu speglinum upp.
Njóttu lífsins í dagsbirtunni.

Afhjúpaðu fegurð þína.
Ýttu undir þína náttúrulegu fegurð,
vertu besta útgáfan af sjálfri þér.

**NÝTT Synchro Skin**
**Lasting Liquid Foundation**





## Shiseido dagar í Debenhams
### 26. maí–1. júní

Sérfræðingar frá Shiseido verða á staðnum og veita þér
faglega ráðgjöf varðandi förðun og við val á húðsnyrtivörum.

**Glæsileg gjöf fylgir
2 keyptum vörum
í Shiseido***

SHISEIDO
GINZA TOKYO

*meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



## Trendið
# Út með axlirnar!



Preen



Peter Pilotto



Peter Pilotto



Prabal Gurung



Omid 16B finnst Íslendingar mjög þægilegt fólk til að þeyta skífum fyrir og hlakkar mikið til laugardagsins.

# Húsgoðsögn kemur til landsins í annað sinn

Omid 16B heimsækir Ísland um helgina en hann kom hingað síðast fyrir um 10 árum og gerði allt vitlaust á klúbbakvöldi á Nasa. Hann segir frá plönum sínum um að koma íslendingum á óvart á laugardaginn og ætlar svo að skella sér í Bláa lónið.

Plötusnúðurinn og upptökustjórinn Omid 16B er á leið til landsins og kemur fram á skemmtistaðnum Paloma laugardagskvöldið 28. maí í boði útvarpsþáttarins og viðburðateymisins Elements en meðlimur þess, Ghozt eða Kristinn Bjarnason eins og hann heitir, mun spila sama kvöld auk þess sem Funktional Patterns á vegum Geysir Records munu koma þar fram.

Omid 16B ætti að vera mörgum Íslendingum kunnur en hann kom hingað til lands árið 2006, þá í för með Desyn Masiello og Demi en saman kalla þeir sig S.O.S. Þeir tróðu þá upp á Nasa fyrir rúmlega 900 manns og segir Kristinn að þar hafi farið fram eitt besta klúbbakvöld í sögu Nasa. Hann segir jafnframt að þeir Íslendingar sem ætli sér að mæta á stærstu tónlistarhátíðir landsins ættu að íhuga að mæta þetta kvöldið því að þarna verði veisla sem jafnist algjörlega á við þær hátíðir. Þarna verður Omid í minna rými en Nasa býður upp á og því pláss fyrir færri áhorfendur en að sama skapi verði nándin við listamanninn meiri.

Hinn bresk-íranski Omid Nourizadeh eins og hann heitir réttu nafni hefur verið mikill áhrifavaldur í heimi progressive og hústónlistar. Hann, ásamt mönnum eins og Carl Craig, Vince Watson, Craig Richards, Mr C, Steve Bug og Francois K, er oft nefndur sem forsvarsmaður hins svokallaða „tech house“, sem er blanda af techno- og house-tónlist. Omid hefur stofnað þrjú útgáfufyrirtæki, Alola Records árið 1994, Disclosure árið 1995 og SexOnWax Recordings árið 2002. Hann hefur einnig gert vinsæl remix af lögum margra þekktra listamanna eins og Lönu Del Rey, The Cure, Gus Gus og Depeche Mode.

> **PLANIÐ ER AÐ SKELLA SÉR Í BLÁA LÓNIÐ EN ÞAÐ VELTUR SVOLÍTIÐ Á ÞVÍ HVORT ÍSLENSKIR VINIR MÍNIR HALDI MÉR VAKANDI ALLA NÓTTINA, EKKI ÞAÐ AÐ ÉG SÉ Á MÓTI ÞVÍ AÐ SKEMMTA MÉR ÆRLEGA Í ÞESSARI FERÐ, VIÐ SJÁUM HVAÐ SETUR.**

Aðspurður hverju fólk geti átt von á frá honum á Paloma á laugardagskvöldinu segir Omid að fólki verði komið verulega á óvart. „Ég mun spila sitt lítið af hverju þarna og mun auðvitað verða mjög móttækilegur fyrir stemmingunni hjá áhorfendum, en hún hefur alltaf mikil áhrif á mig og þá tónlist sem ég kýs að spila.

Þegar ég kom hingað til lands síðast varð ég gjörsamlega ástfanginn af íslenskum áhorfendum og hversu opnir og innblásnir þeir voru um það hvað þeir vildu heyra … hvað meira getur maður beðið um?

Annars verð ég á landinu í tvo daga og við erum búin að taka frá einn dag í smá skoðunarferð. Planið er að skella sér í Bláa lónið en það veltur svolítið á því hvort íslenskir vinir mínir haldi mér vakandi alla nóttina, ekki það að ég sé á móti því að skemmta mér ærlega í þessari ferð, við sjáum hvað setur.“

Omid 16B verður á skemmtistaðnum Paloma á laugardaginn, 28. maí, og er miðaverð 1.500 krónur.

**stefanthor@frettabladid.is**

# Jay Z tjáir sig um hjónabandið í nýju lagi

Rapparinn Jay Z bregst við slúðri um samband sitt við eiginkonu sína í nýju lagi þar sem hann segir „þú veist að þú hefur meikað það, þegar staðreyndin að hjónabandið þitt hafi meikað það, er milljóna virði“.

Þetta segir Jay Z í laginu All the Way Up, þar sem hann er gestur en lagið er upphaflega með rapparanum Fat Joe.

Línan er augljóst skot á fjölmiðla heimsins sem hafa velt fyrir sér sambandi þeirra hjóna svo vikum skiptir.

Slúðrið á sér rætur í textum á nýjustu plötu Beyoncé, Lemonade, þar sem hún talar um framhjáhald og ástarsorg.

Fram að þessu hafði Jay Z ekkert tjáð sig opinberlega um samband sitt við söngkonuna. Þessar sögusagnir hafa því fengið að grassera jafnvel þó að Beyoncé hafi á fyrsta kvöldi Formation-tónleikaferðalagsins síns tileinkað flutning sinn á laginu Halo eiginmanni sínum. Sama kvöld talaði hún um hann sem „fallega eiginmann sinn“ og sagði áhorfendum að hún elskaði hann „mjög mikið“.

Sjálf hefur Beyoncé sagt að platan fjalli um ferðalag hverrar konu til sjálfsþekkingar og heilunar.

Jay Z sem er 46 ára og Beyoncé sem er 34 ára hafa verið gift síðan 2008 og eiga þau saman dótturina Blue Ivy sem er fjögurra ára. Þau hafa ávallt farið leynt með sitt einkalíf. **– sþh**



Rapparinn Jay Z tjáir sig um hjónaband sitt í rapptexta.




PIPAR\TBWA • SÍA • 161821

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | Sími 515 1100 | **rekstrarland.is**

REKSTRARLAND






Svava Sigbergsdóttir gerir það gott sem einkaþjálfari í Bretlandi, hér er hún ásamt bresku leikkonunni Amöndu Holden.

# Þjálfar stórstjörnur í Bretlandi

**Svava Sigbergsdóttir,** einkaþjálfari og næringarfræðingur, hefur þróað nýjan æfingastíl og þjálfar stórstjörnur í Bretlandi. Hún hefur undanfarið unnið fyrir stórfyrirtæki á borð við Victoria's Secret.

„Upphaflega fór ég til London í söngleikjanám, það var skemmtileg reynsla en ég ákvað samt sem áður eftir námið að snúa mér alfarið að einkaþjálfun, í kjölfarið fór ég í einkaþjálfaranám, tók jógakennaranám ásamt næringarfræði. Það skiptir miklu máli að hafa góða þekkingu þegar kemur að því að hella sér út í þennan bransa,“ segir Svava Sigbergsdóttir, spurð út í starf sitt sem einkaþjálfari, en hún hefur meðal annars unnið með Victoria's Secret, danska íþróttamerkinu Hummel ásamt því að þjálfa stórstjörnurnar Nicole Scherzinger og Amöndu Holden.

Svava stofnaði The Viking Method árið 2013 og hefur heldur betur mikið vatn runnið til sjávar síðan, Svava er orðin mjög vinsæl meðal stórstjarna í Bretlandi og stefnir á útgáfu bókar þar sem hún kemur til með að aðstoða fólk við að koma sér í gott líkamlegt og andlegt form.



Svava ásamt Nichole Scherzinger.

„Sami umboðsmaður og kom Harry Potter bókunum í útgáfu hafði samband við mig í tengslum við nýju bókina mína sem ég kem til með að gefa út á næstunni. Ég er nú þegar búin að skrifa undir samning og er ótrúlega spennt,“ segir hún.

Svava þróar nýjan æfingastíl sem fer eins og eldur í sinu um Bretland um þessar mundir. Svava leggur áherslu á að blanda saman boxi, hoppi og ýmsum fitness-æfingum til að auka þol, styrk og snerpu. Einnig leggur hún mikla áherslu á andlega hlutann. Mikil vinna liggur að baki stofnun The Viking Method, og þurfti Svava að hafa mikið fyrir því að koma sér á kortið.



**„Í upphafi var þetta virkilega mikil vinna. Ég hafði samband við blöðin hérna úti til að kynna mig en það var alls ekki auðvelt, því ég varð helst að vera að þjálfa frægan einstakling til þess að fá umfjöllun,“**

**Svava Sigbergsdóttir einkaþjálfari**

segir hún.

Fyrir tveimur árum komst Svava í samband við umboðsmann söngdívunnar Nicole Scherzinger og er óhætt að segja að boltinn hafi farið að rúlla þá.

„Ég komst í samband við Nicole Scherzinger, aðalsöngkonu The Pussycat Dolls og dómara í X-Factor í Bretlandi. Ég bauð henni að æfa hjá mér, hún varð mjög ánægð, ég er enn þá að þjálfa hana þegar hún er stödd í Bretlandi. Í kjölfarið fékk ég mikla umfjöllun í blöðunum sem var mjög gott,“ segir Svava og bætir við að Nicole sé alveg einstaklega skemmtileg og góð manneskja.

Í dag þjálfar Svava fjöldann allan af fólki, meðal annars þjálfar hún bresku leikkonuna Amöndu Holden en hún hefur heldur betur gert garðinn frægan sem einn af aðaldómurum Britain's Got Talent. En hvernig týpa er Amanda?

„Hún er bara alveg eins og hún er í sjónvarpinu, einstaklega einlæg og skemmtileg, hún bauð mér og dóttur minni að koma og horfa á Britain's Got Talent í kvöld í beinni útsendingu sem er ótrúlega skemmtilegt,“ segir Svava spennt fyrir kvöldinu.

**gudrunjona@frettabladid.is**


Domino's
MEGAVIKA
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.490 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 23.–29. MAÍ 2016
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
Coca-Cola
PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

**Póst dreifing**
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**Bakþankar**
Hugleiks Dagssonar




## Flýjarar og lemjarar

Ég var laminn um daginn. Í fyrsta skipti á ævinni. Já, ég veit. Ég hef ekki lifað. Jú, reyndar þegar ég var þrettán ára sparkaði tíu ára strákur í augað á mér þannig að augnlokið rifnaði en ég ætla ekki að segja ykkur frá því því það er aðeins of vandræðalegt.

Ég ætla nú ekki að fara í smáatriði hvað varðar orsakir þessara tilteknu barsmíða. Ég ætla ekki að segja ykkur hver byrjaði og hvort ég átti það skilið eða ekki. Ókei, hann byrjaði og ég átti það ekki skilið.

Sagt er að þegar maður lendir í slagsmálum komist maður að því hvers konar maður maður er í raun og veru (vá ég sagði fjórum sinnum maður í þessari setningu). Annaðhvort er maður slástari eða flýjari. Annað hvort slæst maður eða flýr. Ég komst að því að ég er hvorugt. Í stað þess að flýja eða slást rúllaði ég mér í svona kúlu eins og beltisdýr. Það eru mín viðbrögð við lemji. Ekki gaman fyrir lemjarann. Í stað þess að berjast við verðugan andstæðing þurfti maðurinn að sparka endurtekið í ósamvinnuþýða mannkúlu sem emjaði „ái“ og „hættessu“. En þrátt fyrir tæknilegan ósigur gekk ég frá þessari reynslu frekar sáttur. Ánægður með sjálfan mig. Stoltur af marblettunum á hægri sköflungi og vinstri öxl. Mér fannst ég hafa unnið. Á því einu að hafa ekki tekið þátt.

Ég átti reyndar aldrei séns í gaurinn því ég kann ekki að lemja. Það er bara svo asnalegt að lemja. Burtséð frá allri „ofbeldi er rangt“ predikuninni, þá er ofbeldi bara svo fokking lúðalegt. Alltaf þegar ég sé tvo gaura slást á djamminu skammast ég mín fyrir að vera sömu tegundar. Báðir aðilar breytast í vanþroskaða apa. Það er ekki eins og í bíómyndunum þar sem ofbeldi er kúl og kóreógrafað með sándeffektum. Í veruleikanum er það í besta falli hlægilegt og sorglegt á sama tíma. Ofbeldi er tungumál fólks með takmarkaðan orðaforða. Sá tapar sem á fyrsta höggið.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN



